SONY®

XPERIA

# sola

## Notandahandbók

# Efnisyfirlit

**Áríðandi upplýsingar..........7**
**Android™ – hvað og hvers vegna?..........8**
Forrit..........8
**Síminn tekinn í notkun..........9**
Samsetning..........9
Kveikt og slökkt á símanum..........10
Uppsetningarhjálp..........11
Skjálás..........11
Reikningar og þjónustur..........12
**Helstu upplýsingar um símann og notkun hans..........13**
Síminn..........13
Rafhlaða..........14
Notkun takkanna..........16
Snertiskjár notaður..........16
Heimaskjár..........19
Opna og nota forrit..........20
Staða og tilkynningar..........22
Símastillingarvalmynd..........23
Texti sleginn inn..........23
Aðlagaðu símann..........28
Minni..........30
Heyrnartól notuð með símanum..........31
Stillingar fyrir internet og skeyti..........32
Notkun á gagnaskjá..........33
Slökkt á gagnaumferð..........33
Gagnareiki..........34
Símkerfisstillingar..........34
**Símtöl..........35**
Neyðarsímtöl..........35
Meðhöndlun símtala..........35
Talhólf..........36
Nokkur símtöl..........37
Símafundir..........37
Símtalsstillingar..........38
**Tengiliðir..........40**
Flutningur tengiliða yfir í nýja símann þinn..........40
Tengiliðir skjáyfirlit..........42
Vinna með tengiliði..........42
Samskipti við tengiliðina..........44



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

Deila tengiliðum......44
Tengiliðir afritaðir......44
**Skilaboð......46**
Notkun texta og margmiðlunarskilaboða......46
Valkostir í textaskeytum og margmiðlunarskilaboðum......47
**Tölvupóstur......49**
Notkun tölvupósts......49
Nota pósthólf......52
Gmail™ og aðrar Google™ þjónustur ......52
**Google Talk™ ......54**
**Timescape™......55**
Timescape™ aðalskoðun......55
Notkun Timescape™......55
Timescape™-stillingar......57
Timescape™ straumgræjan......57
Timescape™ vinagræjan......58
Timescape™ deiligræjan......59
**Hafist handa með Android Market™......60**
Hlaða niður frá Android Market™......60
Gögn forrits hreinsuð......60
Heimildir......61
Setja upp forrit önnur en Android Market™ ......61
**PlayNow™ þjónusta......62**
Áður en þú hlaðar efni niður......62
Niðurhal af PlayNow™ þjónustunni......62
**Video Unlimited™......63**
Valmyndaryfirlit Video Unlimited™......63
Video Unlimited™ reikningur stofnaður......63
Video Unlimited™ úrvalið skoðað......63
Leiga eða kaup á kvikmynd......63
Horft á kvikmynd frá Video Unlimited™......64
**Music Unlimited™......65**
**Skipulag......66**
Dagbók......66
Vekjaraklukka......66
**Skannaðu með NeoReader™ forritinu......69**
Yfirlitsmynd NeoReader™ forrits......69
**Samstilling gagna í símanum þínum......70**
Samstilling við Google™......70
Samstilltu fyrirtækjatölvupóst, dagbók og tengiliði......70
Samstillt við Facebook™......71



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

Samstilling með SyncML™.....72
NFC.....74
NFC greiningarsvæði.....74
Tenging við þráðlaust netkerfi.....77
Wi-Fi®.....77
VPN-net (sýndareinkanet).....82
Vefvafri.....83
Tækjastika.....83
Vafrað um vefinn.....83
Vefsíðufletting.....84
Umsjón með bókamerkjum.....84
Stjórna texta og myndum.....85
Margir gluggar.....85
Hlaðið niður af vefnum.....86
Vafrastillingar.....86
Tónlist.....88
Verndar heyrnina þína.....88
Efnisskrár afritaðar á minniskortið.....88
Notkun tónlistarspilarans.....88
Borið kennsl á tónlist með TrackID tækni.....93
Notkun á niðurstöðum TrackID™ tækninnar.....93
TrackID™ notað til að bera kennsl á lög í FM-útvarpi.....94
Nota FM-útvarpið.....95
FM-útvarpsyfirlit.....95
Að nota uppáhalds útvarpsrásirnar.....95
Ný leit með útvarpsrásum.....96
Hljóði útvarps skipt milli tækja.....96
Skipt á milli einrása og tvírása hljóðstillingu.....96
Bera kennsl á lög í útvarpinu með TrackID™.....96
Deila upplýsingum um tónlist sem þér líkar við á Facebook™.....97
Myndir teknar og myndskeið tekið upp.....98
Yfirlit yfir myndavélarstýringar.....98
Að nota myndavélina.....98
Að nota myndupptökuna.....105
Þrívíddarmyndavél.....109
Yfirlit yfir 3D myndavél.....109
Myndir og myndskeið skoðuð í Gallerí.....111
Mobile BRAVIA® Engine.....111
Vinna með albúm.....112
Vinna með myndum í gallerí.....113



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

**Myndir í 3D Albúmi skoðaðar....116**
Unnið með myndir í 3D myndaalbúmi....116
**Þráðlaus Bluetooth™ tækni....117**
Gefa símanum nafn....117
Pörun við annað Bluetooth™ tæki....117
Sendu og fáðu hluti með því að nota Bluetooth™ tæknina....118
**Síminn tengdur við tölvu....120**
Flutningur og meðhöndlun efnis með USB-snúru....120
Skrár fluttar með efnisflutningsstillingu um Wi-Fi® net....120
PC Companion....121
Media Go™ ....121
**Staðsetningarþjónustur notaðar til að finna stöðuna þína...122**
Notkun GPS (Global Positioning System)....122
Google Maps™....123
Google Maps™ notað til að fá leiðsögn....123
**Öryggisafrit tekið og efni símans endurheimt....125**
Efnistegundir sem þú getur tekið öryggisafrit af....125
**Símanum læst og hann varinn....126**
IMEI-númer....126
SIM-kortavörn....126
Stilla skjálás....127
**Síminn uppfærður....129**
Síminn uppfærður þráðlaust....129
Síminn uppfærður með USB-snúru....129
**Yfirlit yfir stillingar símans....131**
**Yfirlit yfir stöðu- og tilkynningartákn....132**
Stöðutákn....132
Tilkynningatákn....132
**Yfirlit yfir forrit....134**
**Notendaþjónusta....136**
**Úrræðaleit....137**
Síminn minn virkar ekki eins og ég vænti....137
Síminn endurstilltur....137
Ekkert rafhlöðuhleðslutákn birtist þegar síminn byrjar að hlaða....138
Afköst rafhlöðunnar er lítil....138
Ég get ekki flutt gögn milli símans míns og tölvunnar þegar ég hef tengt tækin með USB-snúru....138
Ég get ekki notað Internet-staðsettar þjónustur....138
Villuboð....138
**Endurnýttu símann þinn....139**



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

**Lagalegar upplýsingar........................................................140**
**Atriðaskrá...................................................................................141**



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Áríðandi upplýsingar

**Lesti *Áríðandi upplýsingar* leaflet before you use your mobile phone.**

! Nokkrar þjónustur og eiginleikar sem lýst er í notandahandbókinni eru ekki studdir í öllum löndum eða af öllum símkerfum og/eða þjónustuveitum á öllum svæðum. Án þess að um neinar takmarkanir sé að ræða, gildir þetta einnig um alþjóðlega GSM neyðarnúmerið 112. Vinsamlegast hafðu samband við símafyrirtækið þitt eða þjónustuveituna til að fá upplýsingar um hvort tiltekin þjónusta eða aðgerð er í boði og hvort henni fylgi aukinn aðgangur eða notkunargjöld.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Android™ – hvað og hvers vegna?

Xperia snjallsíminn þinn frá Sony keyrir á Android-stýrikerfinu. Android símar geta framkvæmt margar af sömu aðgerðum og tölva og þú getur sniðið þá að eigin þörfum. Þú getur til dæmis sett inn og eytt forritum eða breytt fyrirliggjandi forritum til að bæta virknina. Á Android Market™ getur þú hlaðið niður fjölda forrita og leikja úr stöðugt stækkandi safni. Einnig getur þú samþætt forrit í Android™ símanum þínum við önnur forrit og við þjónustur sem þú notar á netinu. Til dæmis getur þú tekið öryggisafrit af tengiliðum símans, opnað mismunandi pósthólf og dagbækur á einum stað, haft yfirsýn yfir stefnumót og tengst netsamfélögum.

Android™ símar eru í stöðugri þróun. Þegar nýr hugbúnaður er í boði og síminn styður þennan nýja hugbúnað getur þú uppfært símann til að sækja nýja eiginleika og nýjustu betrumbætur.

Android™ síminn er með Google™ þjónustur uppsettar. Til að ná því mesta úr Google™ þjónustunum sem fylgja ættir þú að hafa Google™ reikning og skrá þig inn á hann þegar þú ræsir símann þinn í fyrsta skipti. Internetaðgangur er einnig forsenda notkunar margra eiginleika í Android™.

Ekki er víst að allar nýjar hugbúnaðaruppfærslur sé samhæfðar öllum símum.

## Forrit

Forrit er símaforrit sem hjálpar þér að gera verkefni. Til dæmis eru forrit til að hringja, taka myndir og hlaða niður fleiri forritum.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Síminn tekinn í notkun

## Samsetning

### Til að fjarlægja baklokið



- Notaðu þumalfingurna, ýttu niður baklokinu, renndu því síðan upp á við.

### Minniskort og SIM-kort sett í

! Ekki setja ósamhæft SIM-kort í SIM-kortaraufina. Sé það gert gæti það skaðað SIM-kortið eða símann þinn alveg.



- Slökktu á símanum og fjarlægðu baklokið, settu síðan minniskortið og SIM-kortið í viðeigandi raufar.

! Það getur verið að minniskortið sé ekki með í kaupunum á öllum mörkuðum.

### SIM-kortið fjarlægt



1. Slökktu á símanum.
2. Fjarlægðu bakhliðina.
3. Settu fingurgóminn á SIM-kortið og renndu því út úr raufinni.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Minniskort fjarlægt



1 Slökktu á símanum eða aftengdu minniskortið frá **Stillingar** > **Geymsla** > **Losa SD-kort**.
2 Fjarlægðu bakhliðina og dragðu minniskortið út til að fjarlægja það.

### Til að festa baklokið




1 Settu baklokið yfir bakhlið símans, komdu því svo fyrir í raufinni.
2 Renndu lokinu að enda símans. Þú heyrir hljóð þegar baklokið læsist á sinn stað.

## Kveikt og slökkt á símanum

### Til að kveikja á símanum

Gakktu úr skugga um að rafhlaðan hafi hlaðist í minnst 30 mínútur áður en kveikt er á símanum í fyrsta skipti.




1 Haltu inni aflrofanum á vinstri hlið símans þangað til hann titrar.
2 Ef skjárinn dekkist skaltu ýta stutt á rofann til að virkja skjáinn.
3 Til að opna skjáinn dreguðu til hægri yfir skjáinn.
4 Sláðu inn PIN-númerið fyrir SIM-kortið, ef beðið er um það, og veldu **Í lagi**.
5 Hinkraðu augnablik þar til síminn ræsist.

PIN-númer SIM-kortsins er upprunalega veitt af símafyrirtæki þínu en þú getur breytt því seinna í valmyndinni **Stillingar**. Til að leiðrétta villu þegar þú slærð inn PIN-númer SIM-kortsins pikkarðu á .

### Slökkt á símanum

1 Haltu rofanum inni þar til valkostavalmyndin opnast.
2 Í valkostavalmyndinni pikkarðu á **Slökkva**.
3 Pikkaðu á **Í lagi**.

Nokkur tími getur liðið þar til slokknar alveg á símanum.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

## Uppsetningarhjálp

Þegar þú ræsir símann í fyrsta skipti útskýrir uppsetningarhjálpin grunnatriði símans og hjálpar þér að færa inn nauðsynlegar símastillingar. Þetta er góður tími til að grunstilla símann til að passa við sérstakar þarfir þínar. Þú getur einnig sleppt nokkrum skrefum og fengið aðgang að uppsetningarhandbókinni handvirkt seinna.

### Til að fá aðgang að uppsetningarhjálpinni handvirkt

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Uppsetn.- hjálp**.

## Skjálás

Þegar kveikt er á símanum og hann látinn vera aðgerðalaus í ákveðinn tíma, myrkvast skjárinn til að spara rafhlöðuna og læsist sjálfkrafa. Þessi lás hindrar óæskilegar aðgerðir á snertiskjánum þegar þú ert ekki að nota hann. Á skjálásnum getur þú enn skoðað tilkynningar, til dæmis tilkynningu um ósvöruð símtöl og skilaboð sem koma á meðan síminn var læstur. Þú getur einnig stjórnað spilun hljóðlaga án þess að opna skjáinn.

### Til að kveikja á skjánum

- Ýttu stutt á rofann .

### Til að skoða ósvöruð símtöl á lásaskjánum

1 Til að virkja skjáinn, ýtirðu stutt á rofann .
2 Dragðu  til hægri á skjánum.



### Til að skoða textaskilaboð á lásaskjánum

1 Til að virkja skjáinn, ýtirðu stutt á rofann .
2 Dragðu  til hægri á skjánum.



### Hljóðlag spilað úr skjálásnum

1 Til að virkja skjáinn ýtirðu í stutta stund á rofann .
2 Til birta stýringar tónlistarspilarans seturðu fingur á tíma og dagsetningarsvæðið og flettir til vinstri.
3 Bankaðu á .

### Til að gera hlé á lagi í spilun af lásskjá

1 Til að kveikja á skjánum ýtirðu stuttlega á rofann .
2 Þegar stýringar tónlistarspilarans birtast pikkarðu á .

### Til að skipta um lag í spilun af lásskjá

1 Til að kveikja á skjánum ýtirðu stuttlega á rofann .
2 Þegar stýringar tónlistarspilarans birtast pikkarðu á  eða .

### Til að opna skjáinn



- Dragðu  til hægri á skjánum.

### Til að læsa skjánum handvirkt

- Þegar kveikt er á skjánum, ýttu aðeins á rofann .



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

## Reikningar og þjónustur

Skráðu þig inn á þjónustureikninga á netinu úr símanum og njóttu góðs af röð af þjónustum. Sameinaðu þjónustur og fáðu enn meira út úr þeim. Til dæmis, safnaðu tengiliðum frá Google™ og Facebook™ reikningum og samlagaðu þá í símaskránna, þannig að þú hefur allt á einum stað.

Þú getur skráð þig á þjónustur á internetinu úr símanum eins og úr tölvunni. Þegar þú skráir þig í fyrsta sinn er reikningur búin til með notaendanafni þínu, lykilroði, stillingum og persónulegum upplýsingum. Næst þegar þú skráir þig inn færðu persónusniðna skoðun.

### Google™ reikningur

Að hafa Google reikning er lykilinn að notkun röð af forritum og þjónustu með Android símann þinn. Þú þarft Google™ reikning, til dæmis, til að nota Gmail™ forrit í símanum þínum, til að spjalla við vini með Google Talk™, til að samstilla dagbók símans með Google Calendar™, og til að sækja forrit og leiki frá Android Market™.

### Microsoft® Exchange ActiveSync® reikningur

Samstilltu símann þinn við Microsoft® Exchange ActiveSync® vinnureikninginn. Á þennan hátt hefurðu vinnutölvupósti, tengiliði og dagbók alltaf með þér.

### Facebook™ reikningur

Facebook™ tengir þig við vini, fjölskyldu og vinnufélaga um allan heim. Skráðu þig inn núna til að deila heiminum með öðrum.

### SyncML™ reikningur

Samstilltu símann við netþjón með SyncML™. Skoðaðu og stjórnaðu tengiliðum, dagbókarviðburðum og bókamerkjum úr símanum eins auðveldlega og þú gerir í tölvu.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Helstu upplýsingar um símann og notkun hans

## Síminn




1. Höfuðtólstengi
2. Eyrnatól
3. Ljósnemi
4. Fjarlægðarnemi
5. Tengi fyrir hleðslutæki/USB-snúru
6. Hljóðstyrks-/aðdráttartakki
7. Myndavélartakki
8. Valmyndartakki
9. Heimatakki
10. Bakktakki
11. Snertiskjár
12. Rofi
13. Myndavélarljós (LED)
14. Aukahljóðnemi
15. Myndavélarlinsa
16. Svæði fyrir NFC-virkni
17. Hátalari
18. Rauf fyrir ól
19. Aðalhljóðnemi



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

## Rafhlaða

Síminn þinn er með fasta rafhlöðu.

### Rafhlaðan hlaðin

Leyfðu rafhlöðunni að hlaðast í minnst 30 mínútur áður en kveikt er á símanum í fyrsta skipti. Hugsanlega líða nokkrar mínútur áður en rafhlöðutáknið birtist á skjánum þegar hleðslusnúrunni er stungið í samband, t.d. við USB-tengi eða hleðslutæki. Þú getur notað símann meðan á hleðslu stendur. Það veldur hvorki skemmdum á símanum né rafhlöðunni að hlaða símann lengi í einu, t.d. yfir nótt.

! Rafhlaðan afhleður sig aðeins þegar hún hefur náð fullri hleðslu og hleður sig svo aftur eftir ákveðinn tíma, á meðan hleðslutækið er tengt. Þetta er til að auka rafhlöðuendinguna og getur leitt til þess að staða hleðslunnar sýni undir 100 prósent.

#### Til að hlaða símann




1 Stingdu hleðslutækinu í rafmagnsinnstungu.
2 Stingdu stærri enda USB-snúrunnar í samband við USB-tengið á tölvunni.
3 Stingdu öðrum enda snúrunnar í samband við micro USB-tengið á símanum og láttu USB-táknið snúa upp. Rafhlöðuljósið kviknar þegar hleðsla hefst. Ef rafhlaðan er algjörlega tóm gætu nokkrar mínútur liðið þar til ljósið kviknar eftir að hleðslusnúru símans er stungið í samband við aflgjafa.



4 Þegar rafhlöðuljósið er grænt er síminn fullhlaðinn. Aftengdu USB-snúruna með því að toga hana beint út. Gættu þess að beygla ekki tengið þegar þú tekur snúruna úr sambandi við símann.




### Staða LED rafhlöðu

| | |
|---|---|
| Grænn | Rafhlaðan er fullhlaðin |
| Blikkandi rautt | Rafhlaðan er að tæmast |
| Appelsínugult | Verið að hlaða rafhlöðu. Verið er að hlaða rafhlöðuna. Stigið er á milli lágs og fulls |

#### Til að athuga hleðslustöðu rafhlöðunnar

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Um símann** > **Staða**.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

## Afköst rafhlöðunnar bætt

Eftirfarandi ábendingar geta hjálpað þér að bæta afköst rafhlöðunnar:

- Þú skalt hlaða símann þinn oft. Þetta hefur ekki áhrif á tengitíma rafhlöðunnar.
- Það krefst orku að hlaða niður gögn frá internetinu. Þegar þú ert ekki að nota internetið, getur þú sparað orkuna með því að gera allar gagnatengingar óvirkar á farsímanetinu. Þessi stilling hindrar ekki að síminn flytji gögn yfir þráðlausa netkerfið.
- Slökktu á GPS, Bluetooth™ og Wi-Fi® þegar þú þarft ekki nota þessa valkosti. Þú getur kveikt og slökkt á þeim með því að setja flýtistillingagræjuna á Heimaskjár. Ekki þarf að slökkva á 3G.
- Notaðu eiginleikann **Orkusparnaður** til að draga úr rafhlöðunotkun. Þú getur valið þá orkusparnaðarstillingu sem best samræmist símanotkuninni þinni. Þú getur líka sérsniðið stillingar hverrar orkusparnaðarstillingar.
- Stilltu samstillingarforritin þín (sem eru notuð til að samstilla tölvupóstinn, dagbókina og tengiliðina), til að samstilla handvirkt. Einnig er hægt að samstilla sjálfvirkt, en minnka þarf tíðni samstillinga.
- Athugaðu notendavalmynd rafhlöðunnar í símanum til að sjá hvaða forrit notar mestu orkuna. Rafhlaðan notar meiri orku þegar þú notar mynd- og tónlistarstraumspilunarforrit eins og YouTube™. Sum Android Market™ forrit nota líka meiri orku.
- Lokaðu og hættu í forritum sem þú ert ekki að nota.
- Minnkaðu birtustig skjásins.
- Slökktu á símanum eða kveiktu á stillingunni **Flugstilling** ef þú ert á svæði þar sem símkerfistenging er ekki til staðar. Annars leitar síminn sífellt að netkerfi og það eyðir rafhlöðunni.
- Hlustaðu á tónlist í handfrjálsu tæki frá Sony. Handfrjáls búnaður krefst minni rafhlöðuorku en hátalarar símans.
- Hafðu símann í biðstöðu þegar hægt er. Biðstaða á við um þann tíma sem síminn er tengdur við kerfi og er ekki í notkun.
- Frekari ráð um hvernig bæta má afköst rafhlöðunnar í þínum síma má fá á *www.sonymobile.com*.

#### Til að opna valmyndina fyrir notkun rafhlöðunnar.

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Um símann** > **Rafhlöðunotkun** til að sjá hvaða uppsett forrit reyna mest á rafhlöðuna.

#### Til að setja inn gagnaflutningsgræju á heimaskjáinn þinn

1. Ýttu á  á Heimaskjár.
2. Pikkaðu á **Bæta við** > **Græjur** > **Verkfæri**.
3. Flettu til vinstri til að finna og velja **Gagnaumferð** græjuna. Núna getur þú á auðveldari hátt kveikt og slökkt á gagnatengingum.

#### Til að bæta við Quick stillingargræju inn á heimaskjáinn þinn

1. Ýttu á  á Heimaskjár.
2. Pikkaðu á **Bæta við** > **Græjur** > **Verkfæri**.
3. Veldu **Flýtistillingar** græju.

## Dregið úr rafhlöðunotkun með Orkusparnaði

Hægt er að nota forstilltar orkusparnaðarstillingar til að stjórna orkufrekum forritum og draga úr rafhlöðunotkun. Með Orkusparnaði er einnig hægt að sérsníða stillingar hverrar orkusparnaðarstillingar svo þær hæfi þinni símanotkun.

#### Kveikt á orkusparnaðarstillingu

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Orkusparnaður**.
3. Pikkaðu á táknið við hlið þeirrar orkusparnaðarstillingar sem þú vilt virkja.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Slökkt á orkusparnaðarstillingu

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Orkusparnaður**.
3. Pikkaðu á upplýsta táknið við hlið virku orkusparnaðarstillingarinnar sem þú vilt slökkva á.

### Stillingum orkusparnaðarstillingar breytt

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Orkusparnaður**.
3. Pikkaðu á heiti orkusparnaðarstillingar til að opna stillingavalmyndina.
4. Merktu við þá eiginleika sem þú vilt slökkva á til að spara rafhlöðuna.
5. Pikkaðu á **Lokið**.

### Orkusparnaðartilkynningar birtar

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Orkusparnaður**.
3. Ýttu á  og veldu svo **Stillingar**.
4. Merktu við gátreitinn **Tilkynningar**.

## Notkun takkanna




| | |
|---|---|
| | Til baka<br>• Fara aftur á fyrri skjá<br>• Lokaðu skjátakkaborðinu, svarglugga, valkostavalmynd eða tilkynningaspjaldinu |
| | Heim<br>• Farðu á Heimaskjár<br>• Haltu inni til að opna glugga sem sýnir nýlega notuð forrit |
| | Valmynd<br>• Opnaðu lista yfir valkosti sem í boði eru á opnum skjá eða forriti |

## Snertiskjár notaður

Plasthúð til varnar er fest á skjá símans þegar þú kaupir hann. Þú ættir að fletta þessu blaði af áður en snertiskjárinn er notaður. Annars virkar snertiskjárinn hugsanlega ekki rétt.

Þegar kveikt er á símanum og hann látinn vera aðgerðalaus í ákveðinn tíma, myrkvast skjárinn til að spara rafhlöðuna og læsist sjálfkrafa. Þessi lás hindrar óæskilegar aðgerðir á snertiskjánum þegar þú ert ekki að nota hann. Þú getur einnig notað persónulegan lás til að vernda áskriftina þína og tryggja að einungis þú fáir aðgang að símaefninu þínu.

! Skjár símans er gerður úr gleri. Ekki snerta skjáinn ef glerið er sprungið eða brotið. Forðastu að reyna að gera við skemmdan skjá. Glerskjár er viðkvæmur við falli og vélarhöggum. Í tilfelli af kærulausri meðferð dekkar ábyrgðarþjónusta Sony ekki.

### Opna eða auðkenna atriði

- Bankaðu á atriðið.

### Merkja eða afmerkja valkost

- Pikkaðu á viðeigandi gátreit eða skráðu valkost.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

| | |
|---|---|
| | Merktur gátreitur |
| | Afmerktur gátreitur |
| | Merktur listavalkostur |
| | Afmerktur listavalkostur |

## Aðdráttur

Aðdráttarvalkosturinn sem er í boði fer eftir forritinu sem þú notar.

### Aðdráttur

- Pikkaðu á eða til að auka eða minnka aðdrátt, þegar slíkt er í boði.

**Þú getur dregið skjámyndina (í hvaða átt sem er) til að kalla fram aðdráttartáknin.**

### Aðdráttur með tveimur fingrum




- Settu tvo fingur á skjáinn á sama tíma og klíptu saman (til að minnka aðdrátt) eða dragðu þá í sundur (til að auka aðdrátt).

**Notaðu aðdráttarvalkostinn þegar myndir og kort eru skoðuð, eða vafrað er um vefinn.**

## Fletting

Flettu með því að færa fingurinn upp eða niður skjáinn. Á sumum vefsíðum getur þú einnig flett til hliðar.

**Ekki er hægt að virkja neitt á skjánum með því að draga eða fletta.**



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Flett




- Dragðu eða strjúktu fingri í þá átt sem þú vilt fletta á skjánum.

Til að fletta hraðar skaltu strjúka fingrinum snöggt í þá sem þú vilt fara á skjánum.

### Flett




- Til að fletta hraðar, flettu með fingrinum í þá átt sem þú vilt fara á skjánum. Þú getur beðið þar til skrunið stöðvast af sjálfum sér, eða stöðvað það með því að banka á skjáinn.

## Skynjarar

Síminn þinn er með nema sem greina bæði ljós og nálægð. Ljósnemarnir greina umlykjandi birtustig og stilla birtustig skjásins í samræmi við það. Nálægðarnemar slökkva á snertiskjánum þegar andlitið þitt snertir skjáinn. Það kemur í veg fyrir að þú kveikir óméðvitað á einhverjum eiginleikum símans þegar þú ert að tala í símann.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

## Heimaskjár

Heimaskjár símans samsvarar skjáborði í tölvu. Hann er gátt að megineiginleikum símans. Hægt er að sérsníða Heimaskjár með græjum, flýtileiðum, möppum, þemum, veggfóðri og öðrum hlutum.

Heimaskjár er stærri en skjárinn þannig að þú þarft að fletta til vinstri eða hægri til að skoða efni á einni af fjórum viðbótum skjásins. ○○●○○ sýnir hvaða hluti Heimaskjár sést.



Hlutina á stikunni neðst á skjánum er alltaf hægt að nálgast á fljótlegan máta.

### Til að opna heimaskjáinn

- Ýttu á .

### Til að skoða heimaskjáinn

- Flettu til hægri eða vinstri.

### Til að samnýta hlut af heimaskjánum

1. Ýttu á til að opna Heimaskjár.
2. Haltu inni hlutnum þangað til hann stækkar og síminn titrar, dragðu þá hlutinn að .
3. Veldu valkost og staðfestu svo valið, ef með þarf. Þú getur nú samnýtt forrit og græjur að eigin vali með vinum þínum svo þeir geti hlaðið þeim niður og notað.

## Græjur

Græjur eru lítil forrit sem þú getur notað beint á Heimaskjár. Til dæmis gerir græjan Tónlistarspilari þér kleift að spila tónlist beint.

### Græju bætt við heimaskjáinn

1. Á Heimaskjár ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Bæta við** > **Græjur**.
3. Pikkaðu á græju.

### Yfirlit yfir allar græjur á heimaskjánum opnað

- Klíptu eitthvert svæði á Heimaskjár. Við það birtast allar græjur af mismunandi svæðum Heimaskjár á einum skjá.

Þegar allar græjur Heimaskjár birtast á einum skjá geturðu pikkað á græju til að opna svæði Heimaskjár sem græjan er á.

## Endurraðað á heimaskjánum

Veldu útlit heimaskjásins og veldu hvaða eiginleika er hægt að opna á honum. Breyttu bakgrunni skjásins, færðu hluti til, búðu til möppur og settu inn flýtileiðir í tengiliði.

### Valkostavalmynd opnuð á heimaskjánum

Þú getur opnað valkostavalmyndina á Heimaskjár á tvo vegu:



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

- Á Heimaskjár ýtirðu á .
- Styddu á einhvern hluta á Heimaskjár.

### Til að bæta flýtileið á heimaskjáinn

1. Á Heimaskjár ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Bæta við** > **Flýtileiðir**.
3. Finndu og veldu flýtileið.

Settu inn flýtileið á forrit beint af forritaskjánum með því að snerta og halda inni forritinu.

### Möppu bætt á heimaskjáinn

1. Á Heimaskjár, ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Bæta við** > **Mappa**.
3. Sláðu inn heiti fyrir möppu og pikkaðu á **Lokið**.

Dragðu og slepptu hlut ofan á annan hlut á heimaskjánum til að búa sjálfkrafa til möppu.

### Til að setja hluti inn í möppu

- Snertu og haltu inni hlutnum þangað til hann stækkar og síminn titrar, dragðu þá hlutinn að möppunni.

### Heiti möppu breytt

1. Pikkaðu á möppuna til að opna hana.
2. Snertu titilstiku möppunnar til að birta reitinn **Heiti möppu**.
3. Sláðu inn nýtt möppuheiti og pikkaðu á **Lokið**.

### Hlutur færður á heimaskjáinn

1. Ýttu á  til að opna Heimaskjár.
2. Styddu á hlutinn þangað til hann stækkar og síminn titrar, dragðu þá hlutinn á nýja staðinn.

### Til að eyða hlut af heimaskjánum

- Haltu inni hlutnum þangað til hann stækkar og síminn titrar, dragðu þá hlutinn að .

## Bakgrunni heimaskjásins breytt

Hafðu Heimaskjár eftir þínu höfði, með mismunandi veggfóðrum og þemum.

### Veggfóðri heimaskjás breytt

1. Á Heimaskjár ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Veggfóður** og veldu síðan veggfóður.

Hægt er að nota ljósmynd eða hreyfimynd. Opnaðu Android Market™ og aðrar veitur til að sækja t.d. lifandi veggfóður sem breytast eftir tíma dagsins.

### Til að velja þema

1. Á Heimaskjár ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Þema** og veldu svo þema.

Þegar þú skiptir um þema, breytist bakgrunnurinn í sumum forritum.

# Opna og nota forrit

Opnaðu forrit frá flýtileiðum á Heimaskjár eða úr forritaskjánum.

## Forritaskjár

Forritaskjárinn sem þú opnar úr Heimaskjár, inniheldur forrit sem koma uppsett með símanum eins og forrit sem þú hleður niður.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

Forritaskjárinn er breiðari en venjuleg breidd á skjá, þannig að þú þarft að fletta til vinstri og hægri til að skoða öll efni.

Til að opna forritaskjáinn




- Á Heimaskjár, bankarðu á .

Til að skoða forritaskjáinn

- Flettu til hægri eða vinstri til að opna forritaskjáinn.

Til að búa til flýtileið að forriti á heimaskjánum

1 Á Heimaskjár, bankarðu á .
2 Halda inni forriti þangað til það birtist á Heimaskjár, dragðu síðan það að staðsetningu sem þú óskar eftir.

Til að samnýta forrit á forritaskjánum

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Styddu á forrit þangað til það birtist á Heimaskjár og dragðu svo hlutinn á .
3 Veldu valkost og staðfestu svo valið, ef með þarf. Þú getur nú samnýtt forrit að eigin vali með vinum þínum svo þeir geti hlaðið þeim niður og notað.

## Opna og loka forritum

Til að opna forritið

- Á Heimaskjár eða forritaskjánum, pikkarðu á forritið.

Forrit lokað

- Ýttu á .

Sum forrit er gert hlé á þegar þú ýtir á  þegar hætt er, á meðan önnur forrit geta haldið áfram að keyra í bakgrunninum. Í fyrra tilvikinu, næst þegar þú opnar forritið getur þú haldið áfram þar sem þú hættir.

## Gluggi með nýlega notuðum forritum

Þú getur skoðað og opnað nýlega notuð forrit frá þessum glugga.

Opna nýlega notaðan forritsglugga

- Ýttu og haltu inni .

## Forritavalmynd

Þú getur opnað valmynd hvenær sem er þegar þú ert að nota forrit með því að ýta á  takkann á símanum. Valmyndin lítur mismunandi út eftir því hvaða forrit þú ert að nota.






Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Valmynd í forriti opnuð

- Þegar þú ert að nota forritið skaltu ýta á .

Ekki er boðið upp á valmynd í öllum forritum.

## Umraða forritaskjánum

Færðu forrit um á forritaskjánum eftir forgangsröð þinni.

### Forritum raðað á forritaskjáinn

1 Á Heimaskjár pikkarðu á til að opna forritaskjáinn.
2 Pikkaðu á og veldu valkost.

### Til að færa forrit á forritaskjáinn

1 Opnaðu forritaskjáinn og pikkaðu síðan á .
2 Haltu inni hlutnum þangað til hann stækkar og síminn titrar, dragðu þá hlutinn í nýju staðsetninguna.
3 Pikkaðu á til að loka breytistillingu.

Þú getur aðeins fært forritin þegar er valið.

### Forrit fjarlægt á forritaskjánum

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Pikkaðu á . Öll forrit sem ekki er hægt að setja upp eru merkt með tákninu .
3 Pikkaðu á forritið sem þú vilt fjarlægja og pikkaðu á **Í lagi**.

## Staða og tilkynningar

Stöðustikan efst á skjánum birtir það sem er að gerast í símanum. Til vinstri færðu tilkynningar um eitthvað nýtt eða yfirstandandi. Til dæmis birtast ný skilaboð og dagbókartilkynningar hér. Hægra megin sést sendistyrkur, staða rafhlöðu og aðrar upplýsingar.




Tilkynningaljós veitir einnig upplýsingar um stöðu rafhlöðunnar og nokkrar tilkynningar. Til dæmis þýðir blikkandi blátt ljós nýtt skeyti eða ósvarað símtal. Tilkynningaljósið virkar hugsanlega ekki þegar lítil hleðsla er á rafhlöðunni.



## Athuga tilkynningar og viðvarandi starfsemi

Þú getur dregið niður stöðustikuna til að opna tilkynningarspjaldið og fengið fleiri upplýsingar. Þú getur til dæmis opnað ný skilaboð eða skoðað dagbókarviðburð af spjaldinu. Einnig getur þú opnað sum forrit sem keyra í bakgrunni, á borð við tónlistarspilarann.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

Tilkynningaskjárinn opnaður



- Dragðu stöðustikuna niður á við.

Til að loka tilkynningarspjaldinu



- Dragðu flipann neðst á tilkynningarspjaldinu upp.

Opna forrit í gangi á tilkynningaskjánum

- Pikkaðu á táknið fyrir forritið í keyrslu á tilkynningaskjánum til að opna það.

Til að hreinsa tilkynningalistann

- Smelltu á **Hreinsa** á tilkynningalistanum.

## Símastillingarvalmynd

Skoðaðu og breyttu stillingum símans úr stillingarvalmyndinni.

Símastillingar opnaðar

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Bankaðu á **Stillingar**.

## Texti sleginn inn

### Skjályklaborð

Pikkaðu á takkana á QWERTY skjályklaborðinu til að slá inn texta. Sum forrit opna skjályklaborðið sjálfkrafa. Einnig er hægt að opna það með því að snerta textareitinn.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

## Skjályklaborð notað




1 Skiptu á milli há- og lágstafa og kveiktu á hástafslásnum. Í sumum tungumálum er þessi lykill notaður til að fá aðgang að aukastöfum í tungumálinu.

2 Lokaðu skjályklaborðinu. Vinsamlegast athugaðu að þetta tákn er ekki sýnt í lóðréttu sniði.

3 Birtu tölur og merki.

4 Birtir bros.

5 Sláðu inn bil.

6 Opnaðu stillingavalmynd innsláttar til að gera breytingar, til dæmis, undir **Ritunartungumál**. Þessi takki breytir einnig ritunartungumálinu ef fleiri en eitt innsláttartungumál hefur verið valið.

7 Færðu inn nýja línu eða staðfestu texta.

8 Eyddu stöfum fyrir framan bendilinn.

! Myndir hafa það hlutverk að gefa notendum hugmynd um vöruna og ekki er víst að þær lýsi símanum nákvæmlega.

### Skjályklaborð opnað til að slá inn texta

- Pikkaðu á innsláttarreit fyrir text.

### Skjályklaborð falið

- Þegar skjályklaborðið er opið ýtirðu á .

### Skjályklaborðið notað í langsniði.

- Þegar þú ætlar að slá inn texta skaltu snúa símanum á hlið.

Forritið sem þú notar verður að styðja langsnið og skjástillingar þínar verða að vera stilltar á sjálfvirkan snúning svo lyklaborðið styðji þennan eiginleika.

### Texti sleginn inn með skjályklaborði

- Til að slá inn staf á lyklaborðinu skaltu pikka í stafinn.
- Til að slá inn stafafbrigði skaltu styðja á venjulegan staf á lyklaborðinu til að opna lista yfir tiltæka valkosti og velja síðan af listanum. Til að t.d. slá inn „é“, styðurðu á „e“ þar til annar valkostur birtist og svo, á meðan þú heldur fingrinum á takkaborðinu, dregurðu að og velur „é“.

### Skipt á milli há- og lágstafa

- Áður en þú slærð bókstaf inn, bankarðu á  til að skipta yfir í hástafi , eða öfugt.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Kveikt á hástafalásnum

- Áður en þú slærð inn orð skaltu banka á ⇧ eða ⇧ þar til ⇧ birtist.

### Númer eða tákn slegin inn

- Þegar þú ert að slá inn texta pikkarðu á 12!?. Lyklaborð með númerum og táknum birtist. Pikkaðu á +=$ til að skoða frekar valkosti.

### Til að slá algeng greinarmerki inn

1. Þegar lokið er að slá orði inn, pikkarðu á bilstöngina.
2. Veldu greinarmerki frá umsóknarstikunni. Valið merki er bætt inn fyrir framan bilið.

Til að slá inn punkti á fljótlegan hátt, pikkaðu tvisvar á bilstöngina þegar búið er að slá orði inn.

### Til að bæta inn broskarli

1. Þegar þú ert að slá inn texta pikkarðu á ☺.
2. Veldu broskarl.

### Til að eyða stöfum

- Bankaðu á staðsetningu bendilsins eftir stafnum sem þú vilt eyða, bankaðu síðan á ⌫.

### Sláðu inn nýja línu

- Þegar þú slærð texta inn pikkarðu á ↵ til að slá nýja línu inn.

### Til að breyta texta

1. Þegar þú ert að slá inn texta snertirðu og heldur inni textareitnum þar til valmyndin **Breyta texta** birtist.
2. Veldu valkost.

## Notkun Fletta til að slá inn valkostsins til að skrifa orð

Þú getur slegið inn texta með því að renna fingrinum á milli bókstafa á skjályklaborðinu. Þú getur lyft fingrinum milli orða þannig að síminn þekkir þau.

**Fletta til að slá inn** er til staðar þegar þú notar skjályklaborðið.

### Til að breyta Fletta til að slá inn stillingum

1. Þegar þú slærð inn texta með skjályklaborðinu skaltu pikka á ✕. Ef fleiri en eitt tungumál hefur verið valið fyrir texta, skaltu snerta og halda inni tungumálalyklinum inni í staðinn. Til dæmis snertirðu og heldur inni EN.
2. Pikkaðu á **Stillingar lyklaborðs** > **Innsláttarstillingar**.
3. Merktu við eða afmerktu **Fletta til að slá inn** gátreitinn.
4. Ef þú vilt sjálfkrafa að bil verði bætt við milli merkja án þess að hafa pikkað á bilstöngina í hvert sinn, merktu við **Bil áður en strokið er** gátreitinn.

### Texti sleginn inn með Fletta til að slá inn valkostinum

1. Þegar þú slærð texta inn með skjályklaborðinu, renndu fingrinum milli bókstafa til að stafa orðið sem þú vilt skrifa. Lyftu fingrinum upp þegar þú ert búin(n) að slá orðið inn.
2. Síminn bendir á orð byggt á bókstöfum sem þú hefur dregið upp. Ef þarf, velurðu rétta orðið á umsóknarstikunni. Flettu til hægri eða vinstri á orðaumsóknarstikunni til að skoða fleiri valkosti. Ef þú finnur ekki orðið sem þú óskar eftir, pikkarðu einu sinni til að eyða öllu orðnu. Síðan geturðu reynt aftur eða pikkað á hvern bókstaf til að fá allt orðið.
3. Ef **Bil áður en strokið er** stillingin er virk, rennurðu á lyklaborðinu til að slá næsta orð inn. Annars, slærðu bili inn og rennir síðan til að slá næsta orð inn.

Til að slá samsett orð inn þegar **Bil áður en strokið er** stillingin er virk, getur verið að þú þurfir að renna til að slá fyrstu stöfum orðsins inn, pikkað síðan restinni af orðinu inn með því að pikka hvern bókstaf inn.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

## Skjátakkaborð

Skjátakkaborðið er svipað og venjulegt 12 takka símatakkaborð. Það býður upp á flýtiritun og beinritun. Hægt er að velja textainnsláttarstillingar skjátakkaborðs í lyklaborðsstillingum. Skjátakkaborðið er eingöngu í boði í skammsniði.

## Skjátakkaborð notað




1 Veldu textainnslátt

2 Skiptu á milli há- og lágstafa og kveiktu á hástafslásnum

3 Birtu númer

4 Birtu tákn og broskarla

5 Sláðu inn bil

6 Opnaðu stillingavalmynd innsláttar til að breyta t.d. **Ritunartungumál**. Þessi takki breytir einnig ritunartungumálinu ef fleiri en eitt innsláttartungumál hefur verið valið.

7 Færðu inn nýja línu eða staðfestu texta

8 Eyddu stöfum fyrir bendilinn

! Myndir hafa það hlutverk að gefa notendum hugmynd um vöruna og ekki er víst að þær lýsi símanum nákvæmlega.

### Skipt á milli skjályklaborðs og skjátakkaborðs

1. Þegar þú ert að slá inn texta pikkarðu á . Ef fleiri en eitt tungumál hefur verið valið fyrir texta, skaltu snerta og halda inni tungumálalyklinum inni í staðinn, til dæmis EN.
2. Pikkaðu á **Stillingar lyklaborðs** > **Lyklaborðsuppsetning**, veldu síðan valkost.

! Skjátakkaborðið er eingöngu í boði í skammsniði.

### Texti sleginn inn með skjátakkaborði

- Þegar  sést á skjátakkaborðinu pikkarðu einu sinni á hvern staf, jafnvel þótt stafurinn sem þú ætlar að nota sé ekki fyrsti stafurinn á takkanum. Pikkaðu á orðið sem birtist eða á  til að skoða fleiri orðatillögur og veldu orð af listanum.
- Þegar  sést á skjátakkaborðinu pikkarðu á skjátakkann til að fá upp stafinn sem þú vilt nota. Haltu áfram að pikka þar til rétti stafurinn er valinn. Gerðu það sama fyrir næsta staf sem á að slá inn og svo koll af kolli.

### Tölur slegnar inn með skjátakkaborði

- Pikkaðu á 123 þegar skjátakkaborðið er opið. Skjátakkaborð með númerum birtist.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Tákn og broskarlar sett inn með skjátakkaborði

1 Pikkaðu á  þegar skjátakkaborðið er opið. Tafla með táknum og broskörlum opnast.
2 Flettu upp eða niður til að skoða fleiri valkosti. Pikkaðu á tákn eða broskarl til velja hann.

## Lyklaborðs- og skjátakkaborðsstillingar

Hægt er að velja stillingar fyrir skjályklaborðið og skjátakkaborðið, t.d. tungumál texta og sjálfvirka leiðréttingu.

### Til að fá aðgang að skjályklaborðs- og skjátakkaborðsstillingum

1 Þegar þú slærð inn texta með skjályklaborðinu eða skjátakkaborðinu skaltu pikka á . Ef fleiri en eitt tungumál hefur verið valið fyrir texta, skaltu snerta og halda inni tungumálalyklinum inni í staðinn, til dæmis EN.
2 Bankaðu á **Stillingar lyklaborðs**.

### Til að bæta tungumáli við sem þú vilt nota við innslátt á skjályklaborð eða skjátakkaborð

1 Þegar þú slærð inn texta með skjályklaborðinu eða skjátakkaborðinu skaltu pikka á . Ef fleiri en eitt tungumál hefur verið valið fyrir texta, skaltu snerta og halda inni tungumálalyklinum inni í staðinn, til dæmis EN.
2 Pikkaðu á **Ritunartungumál** og merktu við gátreitinn fyrir tungumálin sem þú vilt nota við innslátt. Þegar því er lokið ýtirðu á  til að staðfesta.
3 Til að skipta á milli tungumála pikkarðu á tungumálalykilinn, til dæmis EN.

## Stillingar textainnsláttar

Þegar sleginn er inn texti er hægt að opna skjályklaborð eða skjátakkaborð og stilla flýtiritun. Til dæmis er hægt að stilla hvernig síminn birtir orðatillögur og rétt orð við innslátt eða láta textainnsláttarforritið vista ný orð sem slegin eru inn.

### Stillingu textainnsláttar breytt

1 Þegar þú slærð inn texta með skjályklaborðinu eða skjátakkaborðinu skaltu pikka á . Ef fleiri en eitt tungumál hefur verið valið fyrir texta, skaltu snerta og halda inni tungumálalyklinum inni í staðinn, til dæmis EN.
2 Pikkaðu á **Stillingar lyklaborðs** > **Innsláttarstillingar**.
3 Veldu viðeigandi stillingar.

## Texti sleginn inn með raddinnslætti

Þegar þú slærð inn texta geturðu notað raddinnsláttareiginleikann í stað þess að skrifa orðin inn. Segðu einfaldlega þau orð upphátt sem þú vilt slá inn. Raddinnsláttur er tilraunaverkefni frá Google™ sem er í boði fyrir fjölda tungumála og svæða.

! **Þú þarft að hafa virka farsímagagnatengingu eða Wi-Fi® net til að nota þjónustuna. Þetta kann að hafa í för með sér aukinn kostnað.**

### Kveikt á raddinnslætti

1 Þegar þú ert að slá inn texta pikkarðu á . Ef fleiri en eitt tungumál hefur verið valið fyrir texta skaltu frekar pikka og halda inni á lykli innsláttartungumálsins, t.d. EN.
2 Pikkaðu á **Stillingar lyklaborðs** > **Raddupptaka frá lyklab.**.
3 Hakaðu við gátreitinn **Google raddinntakshnappur**, lestu upplýsingarnar vandlega og pikkaðu síðan á **Í lagi** til að staðfesta.
4 Til að stilla tungumál raddinnsláttar skaltu pikka á **Tungumál** og velja síðan það tungumál sem þú vilt nota.
5 Til að setja sjálfkrafa inn þá orðatillögu sem er líklegust skaltu haka við gátreitinn **Nota bestu stillingu**.
6 Ýttu á  til að vista stillingarnar. Hljóðnematákn  birtist á skjályklaborðinu eða skjátakkaborðinu.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

#### Texti sleginn inn með raddinnslætti

1 Þegar þú slærð inn texta skaltu ganga úr skugga um að kveikt sé á raddinnsláttareiginleikanum og að gagnatenging sé virk.
2 Þegar birtist á skjályklaborðinu eða skjátakkaborðinu skaltu pikka á það. Þegar lykill innsláttartungumáls, t.d. , birtist skaltu pikka á hann og halda inni. Ör birtist. Færðu örina svo hún vísi á hljóðnemann og slepptu svo fingrinum.
3 Þegar **Talaðu núna** birtist á skjánum skaltu tala upphátt til að slá inn texta.
4 Þegar eiginleikinn **Nota bestu stillingu** er virkur birtist líklegasta orðatillagan undirstrikuð. Ef orðið er ekki rétt skaltu pikka einu sinni á til að eyða því og byrja svo aftur. Þegar eiginleikinn **Nota bestu stillingu** er óvirkur birtast leitarniðurstöður á lista. Veldu það orð sem þú vilt.

#### Aðgangur að lyklaborðsstillingum Xperia™ þegar kveikt er á raddinnslætti

- Þegar birtist á skjályklaborðinu eða skjátakkaborðinu skaltu pikka á það, halda inni og velja svo **Stillingar lyklaborðs**.
- Þegar lykill innsláttartungumáls, t.d. , birtist á skjályklaborðinu eða skjátakkaborðinu skaltu pikka á hann og halda inni. Ör birtist. Færðu örina svo hún vísi á og slepptu svo fingrinum.

## Aðlagaðu símann

Lagaðu símann að þörfum þínum með því að stilla, til dæmis persónulegan hringitón, tungumál símans og friðhelgisstillingar.

### Stilling hljóðstyrks

Hægt er að stilla hljóðstyrk hringingar fyrir símtöl og tilkynningar sem og fyrir tónlist og myndskeið.

#### Til að stilla hljóðstyrk hringingar með hljóðstyrkstakkanum

- Ýttu hljóðstyrkstakkanum upp eða niður.

#### Til að stilla hljóðstyrk spilarans með hljóðstyrkstakkanum

- Þegar tónlist er spiluð eða horft á myndskeið er hljóðstyrkstakkanum ýtt upp eða niður.

#### Síminn stilltur á hljóðlausa stillingu og titring

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Hljóð**.
3 Merktu við gátreitinn **Hljóðlaus stilling**.
4 Veldu **Titringur** og veldu valkost.

#### Hækkað í hátölurum

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Hljóð**.
3 Merktu við gátreitinn **xLOUD™**.

### Tími og dagsetning

Þú getur breytt tíma og dagsetningu í símanum.

#### Dagsetning valin handvirkt

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Dagsetning & tími**.
3 Afmerktu gátreitinn **Sjálfvirkt**, ef hann er merktur.
4 Pikkaðu á **Dagsetning**.
5 Breyttu dagsetningunni með því að fletta upp og niður.
6 Pikkaðu á **Velja**.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Tími valinn handvirkt

1 Á Heimaskjár pikkarðu á ▦.
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Dagsetning & tími**.
3 Afmerktu gátreitinn **Sjálfvirkt**, ef hann er merktur.
4 Afmerktu gátreitinn **Nota 24 tíma snið**, ef hann er merktur.
5 Bankaðu á **Stilla tíma**.
6 Flettu upp eða niður til að stilla klukkutíma og mínútu.
7 Pikkaðu á **am** til að breyta í **pm**, eða öfugt.
8 Bankaðu á **Velja**.

### Val á tímabelti

1 Á Heimaskjár pikkarðu á ▦.
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Dagsetning & tími**.
3 Afmerktu gátreitinn **Sjálfvirkt**, ef hann er merktur.
4 Pikkaðu á **Velja tímabelti**.
5 Veldu valkost.

### Til að stilla dagsetningarsniðið

1 Á Heimaskjár pikkarðu á ▦.
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Dagsetning & tími** > **Velja dagsetningarsnið**.
3 Veldu valkost.

## Stillingar hringitóna

### Hringitónn símans valinn

1 Á Heimaskjár pikkarðu á ▦.
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Hljóð** > **Hringitónn síma**.
3 Veldu hringitón.
4 Bankaðu á **Lokið**.

### Til að kveikja á snertitónum

1 Á Heimaskjár pikkarðu á ▦.
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Hljóð**.
3 Merktu við **Snertitónar heyrast** og **Valtónar heyrast** gátreitina.

### Velja tilkynningatón

1 Á Heimaskjár pikkarðu á ▦.
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Hljóð** > **Tilkynningatónn**.
3 Veldu hringitón.
4 Bankaðu á **Lokið**.

### Stillt á titring

1 Á Heimaskjár pikkarðu á ▦.
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Hljóð**.
3 Veldu **Titringur** og veldu valkost.

## Skjástillingar

### Til að stilla birtustig skjásins

1 Á Heimaskjár pikkarðu á ▦.
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Skjár** > **Skjábirta**.
3 Dragðu sleðann til að stilla birtustigið.
4 Pikkaðu á **Í lagi**.

Birtustig hefur áhrif á afköst rafhlöðunnar. Ábendingar um hvernig eigi að bæta afköst rafhlöðunnar eru í *Afköst rafhlöðunnar bætt* á síðu 15.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Til að stilla skjáinn svo hann titri

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Hljóð**.
3 Merktu við gátreitinn **Haptic-svar**. Skjárinn titrar núna þegar þú pikkar á valtakka og viss forrit.

### Til að stilla biðtímann áður en slokknar á skjánum

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** >**Skjár** > **Tími skjávara**.
3 Veldu valkost.

Til að slökkva á skjánum á skjótan hátt ýtirðu í stutta stund á rofann.

### Til að halda skjánum í gangi á meðan síminn er í hleðslu

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Forrit** > **Þróun**.
3 Merktu gátreitinn **Vaka**.

## Tungumál símans

Þú getur valið hvaða tungumál þú notar í símanum.

### Tungumáli símans breytt

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Tungumál og lyklaborð** > **Velja tungumál**.
3 Veldu valkost.
4 Pikkaðu á **Lokið**.

Ef þú valdir rangt tungumál og getur ekki lesið valmyndartextana, finnurðu og pikkarðu á **Stillingar** táknið . Veldu síðan færslu hjá , og veldu fyrstu færsluna í eftirfarandi valmynd. Þú getur síðan valið tungumálið sem þú vilt.

## Flugstilling

Þegar flugstilling er virk er slökkt á tengingu við símkerfi og útvarp í símanum þínum til að hindra truflanir í viðkvæmum tækjum. Hins vegar getur þú spilað leiki, hlustað á tónlist, horft á myndskeið og önnur efni, svo lengi sem öll þessi efni hafa verið vistuð á minniskortið þitt eða innri geymslunni þinni. Einnig er hægt að láta vita með hringingu, ef hún er virkjuð.

Að kveikja á flugstillingu minnkar eyðslu rafhlöðunnar.

### Kveikt á flugstillingu

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net**.
3 Merktu við gátreitinn **Flugstilling**.

Þú getur einnig valið **Flugstilling** úr **Símavalkostir** valmyndinni. Til að fá opna **Símavalkostir** valmyndinni ýtirðu á og heldur rofanum .

## Minni

Hægt er að vista efni á minniskorti, í innri geymslu símans og í minni símans. Tónlist, myndskeið og myndir eru vistuð í innri geymslunni eða á minniskorti en forrit, tengiliðir og skilaboð í minni símans.

Hægt er að flytja sum forrit úr minni símans yfir í innri geymslu.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Forrit fært yfir í innri geymslu símans

1. Á Heimaskjár pikkarðu á ▦.
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Forrit** > **Vinna með forrit**.
3. Veldu forritið sem þú vilt færa í innri geymsluna.
4. Pikkaðu á **Færa á innri geymslu**.

! Sum forrit er ekki hægt að flytja úr minni símans yfir í innri geymsluna.

## Minniskort

! Hugsanlega þarftu að kaupa minniskort sérstaklega.

Síminn þinn styður microSD™ minniskort sem er notað fyrir fjölmiðlaefni. Einnig er hægt að nota þessa kortagerð sem laust minniskort með öðrum samhæfum tækjum.

### Minniskort fjarlægt á öruggan máta

Minniskortið má fjarlægja úr símanum þínum á öruggan máta þegar slökkt er á honum. Ef þú vilt fjarlægja minniskortið þegar kveikt er á símanum þínum, verður þú fyrst að aftengja minniskortið áður en þú fjarlægir það úr símanum. Þannig er komið í veg fyrir að minniskortið skemmist eða gögn á því glatist.

#### Minniskortið aftengt

1. Á Heimaskjár pikkarðu á ▦.
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Geymsla** > **Losa SD-kort**.

### Minniskortið forsniðið

Þú getur forsniðið minniskortið í símanum, til dæmis til að losa um minni. Þetta þýðir að þú eyðir öllum gögnum á kortinu.

! Allt efnið á minniskortinu verður eytt þegar þú forsníðir það. Tryggðu að gera öryggisafrit af öllu sem þú vilt vista áður en minniskortið er forsniðið. Til að búa til öryggisafrit af efninu, getur þú afritað það á tölvuna. Bent er á frekari upplýsingar í kafla *Síminn tengdur við tölvu* á síðu 120.

#### Til að forsníða minniskortið

1. Á Heimaskjár pikkarðu á ▦.
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Geymsla** > **Losa SD-kort**.
3. Þegar þú hefur tekið minniskortið úr pikkarðu á **Eyða SD-korti**.

## Heyrnartól notuð með símanum




! Notið aukabúnaðinn sem fylgir símanum eða annan samhæfan aukabúnað fyrir bestu afköst.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Höfuðtól notuð

1. Tengdu höfuðtólin við símann.
2. Ýttu á símtalahnappinn til að svara símtali.
3. Ýttu á símtalahnappinn til að ljúka símtali.

Ef höfuðtól fylgja ekki með símanum geturðu keypt þau sérstaklega.

Ef þú hringir eða svarar símtali meðan þú hlustar á tónlist er hlé gert á spilun hennar þar til lagt er á.

## Stillingar fyrir internet og skeyti

Þú þarft að hafa 2G/3G gagnatengingu fyrir farsíma og réttar stillingar til að senda texta og margmiðlunarskilaboð og tengjast internetinu. Þessar stillingar er hægt að fá með mismunandi hætti:

- Í flestum farsímakerfum og hjá flestum símafyrirtækjum eru internet- og skilaboðastillingar forstilltar í símanum. Þú getur þá byrjað að nota internetið og senda skilaboð undir eins.
- En í sumum tilvikum færðu þann valkost að hlaða niður internet- og skilaboðastillingum þegar þú kveikir á símanum í fyrsta skipti. Einnig er möguleiki á að hlaða niður þessum stillingum síðar frá **Stillingar**-valmyndinni.
- Þú getur hvenær sem er bætt við og breytt internet- og netkerfisstillingum í símanum þínum. Hafðu samband við símafyrirtækið til að fá nánari upplýsingar um internet- og skilaboðastillingar.

### Til að hlaða niður stillingum fyrir internet og skeyti

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Xperia™** > **Niðurhal stillinga**.

### Skoða heiti núverandi aðgangsstaðar (APN)

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **Farsímakerfi**.
3. Pikkaðu á **Heiti aðgangsstaða**.

Ef þú ert með nokkrar tiltækar tengingar, verður gefið til kynna með merktum hnappi hægra megin hvaða nettenging er virk.

### Handvirk grunnstilling á heiti aðgangsstaðar

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **Farsímakerfi** > **Heiti aðgangsstaða**.
3. Ýttu á .
4. Pikkaðu á **Nýtt aðgangsstaðarheiti**.
5. Pikkaðu á **Nafn** og sláðu inn heiti kerfissniðsins sem þú vilt búa til.
6. Pikkaðu á **APN:** og sláðu inn heiti aðgangsstaðarins.
7. Sláðu inn allar aðrar upplýsingar sem símafyrirtækið biður um.
8. Ýttu á  og pikkaðu svo á **Vista** .

Hafðu samband við símafyrirtækið til að fá nánari upplýsingar um kerfisstillingarnar.

### Sjálfgefnar internetstillingar endurstilltar

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **Farsímakerfi** > **Heiti aðgangsstaða**.
3. Ýttu á .
4. Pikkaðu á **Stilla á sjálfgefið**.

## Notkunarupplýsingar

Fyrir gæðatilgang, Sony safnar ónafngreindum gallaskrám og tölfræðilegar upplýsingar í sambandi við símanotkun. Engar af þessum upplýsingum innihalda persónuleg gögn. Sjálfkrafa, sendingarvalkostur notkunarupplýsinganna er ekki virkur. En þú getur valið að virkja hann ef þú vilt.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Til að senda notkunarupplýsingar

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Xperia™** > **Notkunarupplýsingar**.
3 Merktu við gátreitinn **Senda notkunarupplýs.**.

## Notkun á gagnaskjá

Notaðu gagnaskjáinn til að fylgjast með því gagnamagni sem síminn þinn sendir og móttekur. Þetta forrit greinir magn gagnaflutnings um 2G/3G símkerfi frá forstilltum upphafsdegi. Gildin eru endurræst mánaðarlega. Til dæmis ef upphafsdagur er stilltur á 15 þá endurræsist gagnaflutningsteljarinn á 15. degi hvers mánaðar. Þegar þú ræsir gagnaskjáinn í fyrsta skipti er upphafsdagurinn stilltur á 1.

Stilltu gagnaskjáinn á að gera þér viðvart þegar magn fluttra gagna nær tilteknu hámarki. Þú getur stillt hámörk sérstaklega fyrir send gögn, móttekin gögn og heildarmagn gagna. Þú getur líka virkjað gagnaskjáinn sem græju á Heimaskjár.

! Gagnamagn sem vísað er til er áætlað. Hafðu samband við þjónustuveituna til að fá staðfesta nákvæma gagnanotkun.

Gögn sem send eru eða móttekin um Wi-Fi® eða Bluetooth™ tengingar eru ekki rakin.

### Upphafsdagur gagnamælis stilltur

1 Á Heimaskjár skaltu pikka á .
2 Finndu og pikkaðu á **Gagnamælir**.
3 Pikkaðu á **Stillingar** > **Mánuður**.
4 Breyttu upphafsdeginum með því að fletta upp og niður.
5 Þegar því er lokið pikkarðu á **Í lagi**.

### Gagnaskjásáminning stillt

1 Á Heimaskjár skaltu pikka á .
2 Finndu og pikkaðu á **Gagnamælir**.
3 Pikkaðu á bjöllutáknið við hliðina á **Send gögn**, **Móttekin gögn** eða **Heildargagnamagn**, allt eftir því hvaða áminningu á að velja.
4 Breyttu gildunum með því að fletta upp og niður.
5 Þegar því er lokið pikkarðu á **Í lagi**.

### Gagnaskjásáminning hreinsuð

1 Á Heimaskjár, bankarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Gagnamælir**.
3 Pikkaðu á bjöllutáknið næst **Send gögn**, **Móttekin gögn** eða **Heildargagnamagn**, eftir áminningunni sem þú vilt fjarlægja.
4 Pikkaðu á **Núllstilla**. Áminningarmarkið er núllstillt og áminningin gerð óvirk.

## Slökkt á gagnaumferð

Þú getur gert allar gagnatengingar óvirkar yfir 2G/3G símkerfum með símanum til að forðast óvelkomið gagnaniðurhal og samstillingar. Hafðu samband við símafyrirtækið til að fá nánari upplýsingar um þína áskriftarleið og gagnaumflutningskostnað.

Þegar slökkt er á gagnaumferð, getur þú samt notað Wi-Fi® og Bluetooth™ tengingarnar. Einnig getur þú sent og fengið margmiðlunarskilaboð.

### Slökkt á allri gagnaumferð

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **Farsímakerfi**.
3 Afmerktu gátreitinn **Gögn gerð virk**.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

## Gagnareiki

Það getur verið mögulegt að leyfa farsímagagnatengingu í gegnum 2G/3G fyrir utan heimasímkerfi þitt (reiki), en það fer eftir símafyrirtækinu þínu. Vinsamlegast athugaðu að gagnaflutningsgjald geti átt við. Hafðu samband við símafyrirtækið þitt til að fá frekari upplýsingar.

! Stundum geta forrit notað nettenginguna í heimasímkerfinu án tilkynningar, t.d. þegar leitar- og samstillingarbeiðnir eru sendar. Viðbótarverð getur átt við fyrir gagnareiki. Leitaðu ráða hjá þjónustuveitunni þinni.

### Gagnareiki gert virkt

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **Farsímakerfi**.
3. Merktu við gátreitinn **Gagnareiki**.

! Þú getur ekki virkjað gagnareiki þegar búið er að gera gagnatenginguna óvirka

## Símkerfisstillingar

Síminn skiptir sjálfkrafa milli símkerfa, allt eftir því hvaða símkerfi eru til staðar á hverjum stað. Síminn er forstilltur á að nota það farsímkerfi sem býður upp á hraðasta gagnaflutninginn. Hins vegar er hægt að stilla símann á að nota eingöngu hægvirkari 2G-símkerfi fyrir gögn, til að lengja endingartíma rafhlöðu á milli hleðsla. Einnig er hægt að stilla símann á að nota aðrar kerfisstillingar eða virka á tiltekinn máta í reiki.

### Símkerfisstilling valin

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **Farsímakerfi**.
3. Pikkaðu á **Kerfi**.
4. Veldu símkerfisstillingu.

### Annað símkerfi valið handvirkt

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **Farsímakerfi** > **Símafyrirtæki**.
3. Pikkaðu á **Leitarstilling**.
4. Pikkaðu á **Handvirkt** þegar sprettigluggi opnast.
5. Veldu símkerfi.

! Ef símkerfi er valið handvirkt leitar síminn ekki að öðrum símkerfum, jafnvel þó síminn lendi utan þjónustusvæðis í símkerfinu sem var valið.

### Kveikt á sjálfvirku vali á símkerfi

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **Farsímakerfi** > **Símafyrirtæki**.
3. Pikkaðu á **Leitarstilling**.
4. Pikkaðu á **Sjálfvirkt**.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Símtöl

## Neyðarsímtöl

Síminn styður alþjóðleg neyðarnúmer líkt og 112 eða 911. Yfirleitt er hægt að nota þessi númer til að hringja neyðarsímtöl í hvaða landi sem er, og óháð því hvort SIM-kort er í símanum, ef síminn er innan þjónustusvæðis símkerfis.

### Hringt í neyðarnúmer

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Sími**.
3. Sláðu inn neyðarsímanúmer og pikkaðu á **Hringja**. Til að eyða númeri pikkarðu á .

Þú getur hringt neyðarsímtal þegar ekkert SIM-kort er sett í eða þegar lokað er á úthringingar.

### Til að hringja neyðarsímtal þegar SIM-kortið er læst

1. Bankaðu á **Neyðarsímtal**.
2. Sláðu inn neyðarsímanúmer og bankaðu á **Hringja**. Til að eyða númeri bankarðu á .

## Meðhöndlun símtala

Hægt er að hringja með því að slá inn símanúmer, með því að pikka á símanúmer í tengiliðalista símans eða með því að pikka á símanúmerið á símtalaskráskjánum.

Þegar þú hringir eru bæði aðalhljóðnemi símans og aukahljóðnemi notaðir til að draga úr suði og bakgrunnshljóði.

Ekki hylja aukahljóðnemann þegar þú hringir.

### Hringt

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Sími**.
3. Sláðu inn símanúmer viðtakandans og pikkaðu á **Hringja**. Til að eyða númeri pikkarðu á .

### Símtali lokið

- Pikkaðu á **Leggja á**.

### Millilandasímtal

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Sími**.
3. Styddu á 0 þar til „+“ merki birtist.
4. Sláðu inn landsnúmerið, svæðisnúmer (án fyrsta núllsins) og símanúmerið og pikkaðu svo á **Hringja**.

### Símtali svarað



- Dragðu  til hægri á skjánum.

Ef þú ert að nota heyrnartól án hljóðnema þarftu að taka þau úr sambandi við höfuðtólstengið til að svara símtali.

### Til að hafna símtali

- Dragðu  til vinstri yfir skjáinn.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Til að breyta hljóðstyrknum meðan á símtali stendur

- Ýttu hljóðstyrkstakkanum upp eða niður.

### Kveikt á hátalaranum meðan á símtali stendur

- Bankaðu á .

### Hljóðið tekið af hljóðnemanum meðan á símtali stendur

- Bankaðu á .

### Skjárinn virkjaður meðan á símtali stendur

- Ýttu á .

### Til að slá inn tölur meðan símtal er í gangi

1. Meðan símtal er í gangi bankarðu á . Þá birtist takkaborð.
2. Sláðu inn tölurnar.

### Slökkt á hringitóni fyrir móttekið símtal

- Þegar þú færð símtal, ýtirðu á hljóðstyrkstakkann.

## Síðustu símtöl

Símtalaskránni geturðu skoðað síðustu ósvöruð , móttekin  og hringd  símtöl.

### Skoða ósvöruð símtöl

1.  birtist á stöðustikunni þegar þú hefur misst af símtali. Dragðu stöðustikuna niður á við.
2. Pikkaðu á **Ósvarað símtal**.

### Til að hringja í númer úr símtalaskránni

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Sími**. Símtalaskráin birtist á efri hluta skjásins.
3. Til að hringja beint í númer pikkarðu á númerið. Til að breyta númeri áður hringt er styðurðu á það og pikkar á **Breyta númeri fyrir símtal**.

! Einnig er hægt að hringja í númer með því að pikka á  > **Hringja til baka**.

### Til að bæta númeri úr símtalaskrá við tengiliði

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Sími**. Símtalaskráin birtist á efri hluta skjásins.
3. Styddu á númerið og pikkaðu svo á **Bæta við tengiliði**.
4. Pikkaðu á viðeigandi tengilið eða pikkaðu á **Búa til nýjan tengilið**.
5. Breyttu tengiliðaupplýsingunum og pikkaðu á **Lokið**.

## Talhólf

Ef áskriftin þín nær yfir talhólfsþjónustu, getur hringjandi skilið eftir talskilaboð handa þér þegar þú getur ekki svarað símtölum. Númer talhólfsþjónustunnar er vanalega vistuð á SIM-kortið. Ef ekki getur þú fengið númerið frá þjónustuveitunni og slegið það handvirkt inn.

### Til að slá inn talhólfsnúmerið þitt

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Símtalsstillingar** > **Talhólfs stillingar** > **Talhólfsnúmer**.
3. Sláðu inn talhólfsnúmerið þitt.
4. Pikkaðu á **Í lagi**.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Hringt í talhólfið

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Sími**.
3. Styddu á 1.

## Nokkur símtöl

Ef þú hefur gert mögulegt að setja símtal í bið geturðu annast nokkru símtöl samtímis. Þegar eiginleikinn er virkur færðu tilkynningu með hljóðmerki þegar annað símtal berst.

### Til að gera biðþjónustu símtala virka eða óvirka

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Símtalsstillingar** > **Viðbótarstillingar**.
3. Til að gera biðþjónustu símtala virka eða óvirka bankarðu á **Símtal í bið**.

### Öðru símtali hafnað

- Þegar þú heyrir endurtekinn tón meðan á símtali stendur skaltu banka á **Upptekin/n**.

### Til að svara öðru símtali og ljúka símtali sem er í gangi

- Þegar þú heyrir endurtekinn tón meðan á símtali stendur skaltu pikkarðu á **Ljúka símtali í gangi og svara**.

### Til að svara öðru símtali og setja símtal í gangi í bið

- Þegar þú heyrir endurtekinn tón meðan á símtali stendur skaltu banka á **Svara**.

### Til að hringja í annað símanúmer

1. Meðan á símtali stendur bankarðu á .
2. Sláðu inn símanúmer viðtakandans og bankaðu á .
3. Ef viðtakandinn svarar er fyrsta símtalið sett í bið.

Sama ferli gildir um öll símtöl sem á eftir fylgja.

### Skipt á milli margra símtala

- Bankaðu á viðeigandi símanúmer eða tengilið til að skipta yfir í annað símtal og setja núverandi símtal í bið.

### Til að ljúka símtali sem er í gangi og fara aftur í næsta símtal í bið

- Bankaðu á .

## Símafundir

Með símafundi eða fundarsamtali er hægt að ræða samtímis við fleiri en einn.

### Til að halda símafund

1. Meðan á símtali stendur bankarðu á .
2. Sláðu inn símanúmer hins þátttakandans og bankaðu á .
3. Ef hinn þátttakandinn svarar er fyrsta símtalið sett í bið.
4. Bankaðu á .

Endurtaktu skref 1 til 4 til að bæta við fleiri þátttakendum.

### Einkasamtal við einn þátttakanda í símafundi

1. Þegar símafundur er í gangi pikkarðu á hnappinn sem sýnir fjölda þátttakenda. Pikkaðu til dæmis á **3 þátttakendur** ef þrír þátttakendur eru á fundinum.
2. Pikkaðu á nafn þátttakandans sem þú ætlar að ræða einslega við.
3. Til að ljúka einkasamtali og snúa aftur í símafundinn pikkarðu á .



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Þátttakanda sleppt úr símafundi

1 Þegar símafundur er í gangi pikkarðu á hnappinn sem sýnir fjölda þátttakenda. Pikkaðu til dæmis á **3 þátttakendur** ef þrír þátttakendur eru á fundinum.
2 Pikkaðu á  við hlið þátttakandans sem þú vilt sleppa.

### Til að ljúka símafundi

- Meðan á símfundi stendur bankarðu á **Ljúka símafundi**.

# Símtalsstillingar

## Símtöl útilokuð

Hægt er að útiloka allar eða tiltekna flokka út- og innhringinga. Þegar þú notar útilokun símtala í fyrsta skipti þarftu að slá inn PUK-númerið (Personal Unblocking Key) og síðan nýtt lykilorð til að gera útilokunaraðgerðina virka.

### Til að loka fyrir móttekin símöl eða úthringingar

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Símtalsstillingar** > **Lokun fyrir símtöl**.
3 Veldu valkost.
4 Sláðu inn lykilorðið og pikkaðu á **Kveikja**.

## Flutningur símtala

Hægt er að framsenda símtöl, t.d. í annað númer eða í talhólf.

### Til að áframsenda símtöl

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Símtalsstillingar** > **Framsending símtala**.
3 Veldu valkost.
4 Sláðu inn símanúmerið sem á að áframsenda símtöl á og pikkaðu á **Kveikja**.

### Slökkt á símtalsflutningi

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Símtalsstillingar** > **Framsending símtala**.
3 Veldu valkost og pikkaðu á **Slökkva**.

## Birta eða fela eigið símanúmer

Þú getur valið að birta eða fela eigið númer í síma viðtakenda þegar þú hringir í þá.

### Að birta eða fela númerið þitt

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Símtalsstillingar** > **Viðbótarstillingar** > **Númerabirting**.

## Læst skammval

Hafirðu fengið PIN2-númer frá þjónustuveitunni geturðu notað lista yfir læst skammval (FDN) til að takmarka hringd símtöl.

### Til að gera læst skammval virkt eða óvirkt

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Símtalsstillingar** > **Læst skammval**.
3 Pikkaðu á **Virkja læst skammval** eða **Afvirkja læst skammval**.
4 Sláðu inn PIN2-númerið þitt og pikkaðu á **Í lagi**.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Listi yfir samþykkta viðtakendur opnaður

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Símtalsstillingar** > **Læst skammval** > **Læst skammval**.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Tengiliðir

Notaðu tengiliðaforritið til að geyma og vinna með öll númerin þín, tölvupóstföng og önnur tengiliðagögn á einum stað. Pikkaðu bara á tengiliðinn til að sjá öll samskipti við tengiliðinn á auðveldan hátt.

Þú getur sett nýja tengiliði inn í símann og samstillt þá með tengiliðum sem eru vistaðir í Google™ reikningnum, Microsoft® Exchange ActiveSync® reikningnum, eða öðrum reikningum sem styðja samstillingartengiliði. Tengiliðaforritið býr sjálfkrafa til nýja skráningu og hjálpar þér einnig við að passa gögn saman eins og netföng með skráningum sem fyrir eru. Þú getur einnig unnið með þessa aðgerð handvirkt. Nánari upplýsingar er að finna á *www.sonymobile.com/support*.

## Flutningur tengiliða yfir í nýja símann þinn



Það eru nokkrar leiðir til að flytja tengiliðina yfir í nýja símann þinn. Veldu flutningsaðferð sem hentar þér best.

### Flutningur tengiliða með tölvu

Þú getur notað tölvuna til að flytja tengiliðina úr nokkrum símafyrirtækjum, ásamt iPhone, Samsung, HTC og Nokia.

Þú þarft:

- Nettengda tölvu sem keyrir Windows®
- USB-snúru fyrir gamla símann þinn
- USB-snúru fyrir nýja Android™ símann þinn
- Gamla símann þinn
- Nýja Android™ símann þinn

! **Ef þú hefur ekki aðgang að öllum þessum hlutum sem eru nefndir hér að ofan, opnarðu *www.sonymobile.com/support/contacts* til að finna aðrar leiðir til að flytja tengiliðina þína.**

### Forritið PC Companion notað til að flytja tengiliði

Ef þú ert að flytja tengiliði með tölvu skaltu nota forritið PC companion. Það er ókeypis og uppsetningarskrárnar eru þegar vistaðar á nýja símanum þínum. PC Companion býður einnig upp á marga aðra eiginleika, þ. á m. aðstoð við uppfærslu á hugbúnaði símans.

#### PC Companion sett upp

1. **Nýr sími**: Kveiktu á nýja Android™ símanum þínum og tengdu hann við tölvuna með því að nota USB-snúru.
2. **Nýr sími**: Pikkaðu á **Setja upp** til að setja PC Companion upp á tölvuna.
3. **Tölva**: Ef sprettigluggi birtist, velurðu *Run Startme.exe*. Í nýja sprettiglugganum sem birtist, smellirðu á *Install* til að ræsa uppsetninguna og fylgdu síðan leiðbeiningunum til að ljúka uppsetningunni.

#### Til að flytja tengiliðina yfir í nýja símann þinn með því að nota PC Companion

1. Gakktu úr skugga um að PC Companion sé sett upp í tölvuna þína.
2. Opnaðu PC Companion forritið á tölvunni, smelltu síðan á *Contacts Setup* og fylgdu leiðbeiningunum um flutning á tengiliðunum þínum.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

## Flutningur tengiliða með Apple® Mac® tölvu

Frekari leiðbeiningar um hvernig eigi að nota Apple MAC tölvu til að flytja tengiliði frá gamla símanum, opnarðu *www.sonymobile.com/support/contacts*.

## Flutningur tengiliða með samstilltum reikningum

Síminn þinn vinnur með vinsælum samstillingarreikningum á netinu eins og Google Sync™, Microsoft® Exchange ActiveSync®eða Facebook™. Ef þú hefur samstillt tengiliði í gamla símanum við tölvuna með reikningi á netinu, getur þú sjálf(ur) flutt tengiliðina yfir í nýja símann með því að nota reikninginn. Nánari upplýsingar um samstillingu er að finna í *Samstilling gagna í símanum þínum* á blaðsíðunni 70.

### Samstilling tengiliða í símaskránni við samstillingarreikning

1. Á Heimaskjár, pikkaðu á , pikkaðu síðan á .
2. Ýttu á og pikkaðu síðan á **Stillingar** > **Reikningar og samstill.**.
3. Pikkaðu á **Bæta við reikningi** og fylgdu leiðbeiningunum á skjánum til að setja upp samstillingarreikning. Ef þú hefur þegar sett samstillingarreikning upp og þú vilt samstilla við þann reikning, pikkaðu á reikninginn, ýttu á , og pikkaðu á **Samstilla núna**.

### Til að flytja inn tengiliði af SIM-korti

1. Á Heimaskjár, pikkaðu á , pikkaðu síðan á .
2. Ýttu á og pikkaðu síðan á **Fl. inn tengiliði** > **SIM-kort**.
3. Ef þú hefur sett upp samstillingarreikningi, getur þú valið að setja inn tengiliði SIM-kortsins yfir á þann reikning. Eða þú getur valið aðeins að nota þessa tengiliði í símann. Veldu valkosinn sem þú óskar eftir.
4. Til að flytja inn einstaka tengiliði, finndu og pikkaðu á tengiliðinn. Til að flytja alla tengiliðina inn ýtirðu á , pikkar síðan á **Flytja inn alla**.

### Til að flytja tengiliði inn frá minniskorti

1. Á Heimaskjár, pikkaðu á , pikkaðu síðan á .
2. Ýttu á og pikkaðu síðan á **Fl. inn tengiliði** > **SD-kort**.
3. Ef þú hefur sett upp samstillingarreikningi, getur þú sett inn flutta tengiliði minniskorts yfir á þann reikning. Eða þú getur valið aðeins að nota flutta tengiliði í símann. Veldu valkosinn sem þú óskar eftir.
4. Ef þú hefur fleiri en eina vCard nafnspjaldaskrá á SD-kortinu, birtist listi sem sýnir mismunandi hópa tengiliða símans, með samsvarandi dagsetningum þegar þeir voru búnir til. Veldu hópinn sem þú vilt flytja inn.

### Til að fá tengiliðagögn sent með því að nota Bluetooth™ tækni

1. Tryggðu að kveikt sé á Bluetooth™ valkostinum og símastilling sé sýnileg. Ef ekki, getur þú ekki fengið gögn úr öðrum tækjum.
2. Þegar þú ert beðinn um að staðfesta hvort þú viljir fá skrá, pikkarðu á **Samþykkja**.
3. Dragðu tilkynningarspjaldið niður og pikkar á skránna sem þú vilt fá til að flytja tengiliðagögn inn.

### Til að fá tengiliði senda með því að nota skilaboðaþjónustu

1. Opnaðu skilaboðið þegar þú færð ný skeyti, margmiðlunarskilaboð eða tölvupóstskeyti.
2. Fenginn tengiliðagögn birtast sem nafnspjaldsviðhengi. Bankaðu á eða snertu og haltu inni nafnspjaldaskrá til að opna valmyndina svo þú getir vistað tengiliðagögnin.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

## Tengiliðir skjáyfirlit




| | |
|---|---|
| 1 | Pikkaðu hérna til að búa til tengilið |
| 2 | Leitarreitur tengiliða |
| 3 | Snertu tengiliðinn til að skoða upplýsingarnar hans |
| 4 | Stafrófsskrá fyrir skoðun tengiliða |
| 5 | Pikkaðu á tengiliðasmámynd til að opna fljótlega tengiliðavalmynd |
| 6 | Flýtileiðaflipar |

## Vinna með tengiliði

Þú getur búið til, breytt og samstillt tengiliðina í nokkrum einföldum skrefum. Þú getur valið vista tengiliði á öðrum reikningum og unnið með hvernig þú birtir þá á símanum.

Ef þú samstillir tengiliðina með meira einum reikningi, getur þú sameinað tengiliðina í símanum til að forðast afrit.

! Sumar samstillingarþjónustur, til dæmis sem félagssímakerfisþjónustur, leyfa þér ekki að breyta tengiliðsupplýsingum.

### Tengiliðirnir skoðaðir

- Á Heimaskjár, pikkaðu á , pikkaðu síðan á . Tengiliðarnir þínir eru skráðir hér.

### Tengiliðir valdir til birtingar í forritinu Tengiliðir

1. Á Heimaskjár, pikkaðu á , pikkaðu síðan á .
2. Ýttu á og pikkaðu svo á **Sía**.
3. Merktu og afmerktu viðeigandi valkosti í listanum sem birtist. Ef þú hefur samstillt tengiliði þína við samstillingarreikning, birtist sá reikningur á listanum. Pikkaðu á reikning til að stækka valkostalistann frekar.
4. Þegar því er lokið pikkarðu á **Í lagi**.

### Til að bæta tengilið

1. Á Heimaskjár pikkarðu á og síðan á .
2. Pikkaðu á .
3. Ef þú hefur samstillt tengiliði við meira en einn eða fleiri reikninga, veldu reikninginn sem þú vilt bæta þessum tengiliði við, eða pikkaðu á **Símatengiliður** ef þú aðeins vilt nota þennan tengilið í símanum þínum.
4. Sláðu inn eða veldu upplýsingar sem óskað er eftir fyrir tengiliðinn.
5. Þegar því er lokið pikkarðu á **Lokið**.

Ef þú bætir plúsmerki og landsnúmeri við fyrir framan símanúmer tengiliðs, þú getur hringt í númerið frá öðrum löndum.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Til að breyta upplýsingum um tengilið

1 Á Heimaskjár skaltu pikka á og síðan á .
2 Haltu inni tengiliðnum sem þú vilt lagfæra, pikkaðu síðan á **Breyta tengilið**.
3 Breyttu viðeigandi upplýsingum. Þegar því er lokið pikkarðu á **Lokið**.

### Að tengja mynd við tengilið

1 Á Heimaskjár, pikkaðu á , pikkaðu síðan á .
2 Haltu inni tengiliðnum sem þú vilt lagfæra, pikkaðu síðan á **Breyta tengilið**.
3 Pikkaðu á og veldu aðferðina sem óskað er eftir til að setja mynd af tengiliðnum inn.
4 Þegar þú hefur sett myndina inn pikkarðu á **Lokið**.

Einnig er hægt að setja mynd inn á tengilið beint frá **Gallerí** forritinu.

### Samskipti við tengiliði skoðuð

1 Á Heimaskjár, pikkaðu á , pikkaðu síðan á .
2 Pikkaðu á tengiliðinn sem þú vilt skoða.
3 Til að skoða samskipti við tengilið fyrir aðra miðla pikkarðu eða flettirðu í gegnum síuhluti neðst á skjánum.

### Til að eyða tengiliðum

1 Á Heimaskjár pikkarðu á og síðan á .
2 Ýttu á og pikkaðu svo á **Eyða tengiliðum**.
3 Merktu tengiliðina sem þú vilt eyða eða pikkaðu á **Merkja allt** ef þú vilt eyða öllum tengiliðunum.
4 Pikkaðu á **Eyða** > **Í lagi**.

### Til að breyta sambandsupplýsingum um sjálfan þig

1 Á Heimaskjár, pikkaðu á , pikkaðu síðan á .
2 Halda inni **Ég sjálf/ur** efst á sambandslistanum, pikkaðu síðan á **Breyta tengilið**.
3 Sláðu inn nýjum upplýsingum eða breyttu því sem þú vilt breyta.
4 Þegar því er lokið pikkarðu á **Lokið**.

## Forðast að afrita inngang í tengiliðaforritin

Ef þú samstillir tengiliði á nýjan reikning eða flytur tengiliðaupplýsingar á annan hátt, getur þú endað með að afrita inngangа í tengiliðaforritið. Ef það gerist getur þú skráð þig í þannig afrit til að búa til eina færslu. Og ef þú sameinar inngangа í ógáti, getur þú aðskilið þá seinna.

### Tengiliðir tengdir

1 Á Heimaskjár, pikkaðu á , pikkaðu síðan á .
2 Haltu inni tengiliðnum sem þú vilt tengja við annan tengilið, pikkaðu síðan á **Tengja tengilið**.
3 Pikkaðu á tengiliðinn sem þú vilt sameina upplýsingarnar með fyrsta tengiliðnum úr listanum sem birtist, pikkaðu síðan á **Í lagi** til að staðfesta. Upplýsingarnar frá fyrsta tengiliði sameinast öðrum tengiliði, og fyrsti tengiliður er ekki lengur á skjánum á tengiliðalistanum.

### Tengiliðir aðskildir

1 Á Heimaskjár, pikkaðu á , pikkaðu síðan á .
2 Styddu á tengdan tengilið sem þú vilt breyta og pikkaðu svo á **Breyta tengilið**.
3 Bankaðu á **Aftengja tengilið**.
4 Bankaðu á **Í lagi**.

## Uppáhalds

Hægt er að merkja tengilið sem uppáhalds. **Eftirlæti** flipinn gefur þér fljótan aðgang að tengiliðum sem þú hefur merkt. Í **Eftirlæti**, getur þú einnig fundið lista af tengiliðum sem þú hefur oftast samskipti við.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Til að merkja tengilið sem uppáhalds eða fjarlægja merkið

1. Á Heimaskjár, pikkaðu á , pikkaðu síðan á .
2. Pikkaðu á tengiliðinn sem þú vilt bæta við eða fjarlægja úr uppáhalds.
3. Pikkaðu á .

## Samskipti við tengiliðina

### Leit að tengilið

1. Á Heimaskjár pikkarðu á  og síðan á .
2. Sláðu inn fyrstu bókstafina í nafni tengiliðsins í **Leita** reitnum. Allir tengiliðir birtast sem byrja með þessum bókstaf.

### Fljótleg tengiliðavalmynd

Pikkaðu á smámynd tengiliða til að skoða fljótsamskiptavalkosti fyrir sérstakan tengilið. Valkostir ná yfir að hringja í tengilið, senda texta eða margmiðlunarskilaboð og ræsa samtal með því að nota Google Talk™ forritið.

! Til að forritið birtist sem valkostur í fljótlegu tengiliðavalmyndinni getur verið að þú þurfir að setja forritið upp í símanum og vera innskráður í forritið. Til dæmis þarftu að ræsa Gmail™ forritið og slá innskráningarupplýsingar þínar inn áður en þú getur notað Gmail™ í fljótlegu tengiliðavalmyndinni.

## Deila tengiliðum

### Til að senda nafnspjaldið þitt

1. Á Heimaskjár, pikkaðu á , pikkaðu síðan á .
2. Bankaðu á **Ég sjálf/ur**.
3. Ýttu á  og pikkaðu svo á **Senda tengilið** > **Í lagi**.
4. Veldu tiltæka flutningsaðferð og fylgdu leiðbeiningunum á skjánum.

### Til að senda tengilið

1. Á Heimaskjár pikkarðu á  og síðan á .
2. Pikkaðu á á tengiliðinn sem þú vilt senda upplýsingar um.
3. Ýttu á  og pikkaðu svo á **Senda tengilið** > **Í lagi**.
4. Veldu tiltæka flutningsaðferð og fylgdu leiðbeiningunum á skjánum.

### Til að senda nokkra tengiliði strax

1. Á Heimaskjár pikkarðu á  og síðan á .
2. Ýttu á  og pikkaðu svo á **Senda tengiliði**.
3. Merktu tengiliðina sem þú vilt senda eða veldu allt ef þú vilt senda alla tengiliði.
4. Pikkaðu á **Senda**, pikkaðu síðan á **Í lagi** til að staðfesta.
5. Veldu tiltæka flutningsaðferð og fylgdu leiðbeiningunum á skjánum.

## Tengiliðir afritaðir

Hægt er að nota minniskort, SIM-kort eða samstillingartól á netinu, eins og Microsoft® Exchange ActiveSync®, til að afrita tengiliði.

### Allir tengiliðir fluttir út á minniskort

1. Á Heimaskjár, pikkaðu á , pikkaðu síðan á .
2. Ýttu á  og pikkaðu svo á **Afrita tengiliði** > **SD-kort**.
3. Pikkaðu á **Í lagi**.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Til að flytja út tengiliði yfir á SIM-kort

1. Á Heimaskjár, pikkaðu á , pikkaðu síðan á .
2. Ýttu á og pikkaðu síðan á **Afrita tengiliði** > **SIM-kort**.
3. Merktu tengiliðina sem þú vilt flytja eða pikkaðu á **Merkja allt** ef þú vilt flytja alla tengiliðina.
4. Pikkaðu á **Öryggisafrit**.
5. Veldu **Bæta við tengiliðum** ef þú vilt setja inn tengiliði á núverandi símaskrá yfir á SIM kortið þitt, eða veldu **Skipta öllum tengiliðum út** ef þú vilt skipta núverandi símaskrá út á SIM-kortinu þínu.

! Þegar þú flytur tengiliði yfir á SIM-kortið getur verið að allar upplýsingarnar flytjist ekki með. Ástæðan fyrir þessu er sú að minni SIM-kortsins er takmarkað.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Skilaboð

## Notkun texta og margmiðlunarskilaboða

Þú getur sent og móttekið textaskeyti frá símanum með SMS. Ef áskriftin þín innifelur MMS-þjónustu geturðu líka sent og móttekið skeyti sem innihalda miðlaskrár, til dæmis myndir og myndskeið. Hvert textaskeyti má innihalda 160 stafi. Ef þú ferð yfir 160 bóksafi, þá eru öll stök skilaboð tengd og send saman. Þú greiðir fyrir hvert 160-bókstafa sent skeyti. Þegar þú skoðar skeytin, birtast þau sem samtöl, sem þýða að öll skeyti til og frá einstaka einstaklingi eru í einum hóp.

! Til að senda margmiðlunarskeyti, þarft þú réttar MMS stillingar í símanum. Sjá *Stillingar fyrir internet og skeyti* á síðu 32.

### Skilaboð búin til og send

1 Á Heimaskjár skaltu pikka á og finna og pikka á .
2 Bankaðu á .
3 Pikkaðu á , finndu síðan og merktu við gátreitinn við hliðina á nafni viðtakandans til að bæta við viðtakanda. Merktu við gátreitina sem viðtakendur sem óskað er eftir til að bæta fleiri en einum viðtakanda við. Þú getur einnig slegið inn allt númerið í leitareitnum handvirkt, pikkað síðan á **Bæta við**.
4 Þegar þú hefur lokið að bæta viðtakendum við pikkarðu á **Lokið**.
5 Pikkaðu á **Skrifa skeyti** og sláðu inn texta skilaboðanna.
6 Ef vilt setja inn skrá pikkarðu á og velur valkost.
7 Pikkaðu á **Senda** til að senda skilaboðin.

Ef þú lokar skilaboðum áður en þau eru send eru þau vistuð sem drög. Samtalið er merkt með orðinu **Drög:**.

### Lesa móttekið skeyti

1 Á Heimaskjár skaltu pikka á og finna og pikka á .
2 Pikkaðu á viðkomandi samtal.
3 Ef ekki er enn búið að hlaða niður skilaboðinu, pikkarðu á og haltu skilaboðinu inni, pikkar síðan á **Sækja skeyti**.

Þú getur einnig opnað skilaboð á stöðustikunni þegar birtist þar. Dragðu bara niður stikuna og pikkaðu á skilaboðin.

### Skeyti svarað

1 Á Heimaskjár skaltu pikka á og finna og pikka á .
2 Pikkaðu á samtal sem inniheldur skilaboðin.
3 Sláðu inn svarið og bankaðu á **Senda**.

### Til að áframsenda skeyti

1 Á Heimaskjár skaltu pikka á og finna og pikka á .
2 Pikkaðu á samtalið sem inniheldur skilaboð og sem þú vilt framsenda.
3 Snertu og haltu inni skilaboðinu sem þú vilt framsenda, bankaðu síðan á **Framsenda skeyti**.
4 Veldu viðtakanda úr listanum eða bankaðu á og settu inn viðtakandann sem er ekki á listanum.
5 Breyttu skilaboðunum og bankaðu á **Senda**.

### Til að eyða skeytum

1 Á Heimaskjár skaltu pikka á og finna og pikka á .
2 Pikkaðu á samtalið sem inniheldur skilaboð og sem þú vilt eyða.
3 Snertu og haltu inni skilaboðinu sem þú vilt eyða, bankaðu síðan á **Eyða skeyti** > **Já**.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Til að eyða samtölum

1. Á Heimaskjár skaltu pikka á og finna og pikka á .
2. Ýttu á og pikkaðu svo á **Eyða nokkrum**.
3. Merktu í gátreit samtalanna sem á að eyða, bankaðu síðan á **Eyða**.

### Númer sendanda skilaboða vistað

1. Á Heimaskjár skaltu pikka á og finna og pikka á .
2. Pikkaðu á samtal.
3. Ýttu á og pikkaðu svo á **Bæta við tengiliði**.
4. Ef þú vilt bæta númerinu við fyrirliggjandi tengilið skaltu velja viðeigandi tengilið. Annars pikkarðu á ef þú vilt búa til nýjan tengilið.
5. Veldu reikninginn sem þú vilt vista tengiliðinn á.
6. Breyttu tengiliðaupplýsingunum og pikkaðu á **Lokið**.

### Hringt í sendanda skilaboða

1. Á Heimaskjár skaltu pikka á og finna og pikka á .
2. Pikkaðu á samtal.
3. Pikkaðu á nafn eða númer viðtakanda efst á skjánum, veldu síðan nafn eða númer viðtakanda úr listanum sem birtist.
4. Ef viðtakandinn er vistaður í tengiliðunum þínum pikkarðu á símanúmerið sem á að hringja í. Ef viðtakandinn er ekki vistaður í tengiliðum pikkarðu á .

### Til að vista skrá sem inniheldur skilaboð sem þú hefur fengið

1. Á Heimaskjár skaltu pikka á og finna og pikka á .
2. Pikkaðu á samtalið sem þú vilt opna.
3. Ef ekki hefur verið enn búið að hlaða niður skeytinu, pikkaðu og haltu skeytinu inni, pikkaðu síðan á **Sækja skeyti**.
4. Haltu inni skránni sem þú vilt vista, veldu síðan viðkomandi valkost.

### Skilaboð stjörnumerkt

1. Á Heimaskjár skaltu pikka á og finna og pikka á .
2. Pikkaðu á samtalið sem þú vilt opna.
3. Í skilaboðinu sem þú vilt stjörnumerkja, pikkarðu á .
4. Til að taka stjörnuna af skilaboðinu, pikkarðu á .

### Stjörnuskilaboð skoðuð

1. Á Heimaskjár skaltu pikka á og finna og pikka á .
2. Ýttu á og pikkaðu svo á **Stjörnumerkt skeyti**.
3. Öll stjörnuskilaboð birtast á lista.

### Til að leita að skilaboðum

1. Á Heimaskjár skaltu pikka á og finna og pikka á .
2. Ýttu á og pikkaðu svo á **Leita**.
3. Bankaðu á **Leita í skilaboðum**.
4. Sláðu inn leitarlykilorðið, pikkaðu síðan á .

## Valkostir í textaskeytum og margmiðlunarskilaboðum

### Til að breyta stillingum fyrir skilaboðatilkynningu

1. Á Heimaskjár skaltu pikka á og finna og pikka á .
2. Ýttu á og pikkaðu svo á **Stillingar**.
3. Til að stilla hljóðið fyrir tilkynningu pikkarðu á **Tilkynningartónn** og velur valkost.
4. Fyrir aðrar tilkynningastillingar, merkirðu eða afmerkirðu viðeigandi gátreiti.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Til að breyta stillingum um skilatilkynningar sendra skeyta

1. Á Heimaskjár skaltu pikka á og finna og pikka á .
2. Ýttu á og pikkaðu svo á **Stillingar**.
3. Pikkaðu á **Skilatilkynning** til að virkja eða gera óvirkar skilatilkynningar.

! Þegar skilaboð hefur verið sent á viðtakanda, birtist í skilaboðinu.

### Skoða skeyti sem vistað er á SIM-kortinu

1. Á Heimaskjár skaltu pikka á og finna og pikka á .
2. Ýttu á og pikkaðu svo á **Stillingar** > **SIM-skeyti**.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Tölvupóstur

Notaðu tölvupóstsforritið í símanum til að senda og fá tölvupóst í gegnum venjulega pósthólfið eða í gegnum vinnureikninginn. Eða þú getur gert bæði. Síminn getur fengist við nokkur pósthólf á sama tíma. Þú getur sett upp þessa reikninga til að keyra í gegn um eitt sameinað innhólf, eða í gegn um aðskilin innhólf. Athugaðu að tölvupóstar sem þú færð á Gmail™ reikninginn þinn er hægt að opna í símanum bæði tölvupóstinn og Gmail™ forritin.

Vinnu Microsoft® Outlook® tölvupóstskeytin þín hafa verið geymd á Microsoft® Exchange netþjóni fyrir valkosti lýst hér að ofan til að vinna. Frekari upplýsingar eru í *Samstilltu fyrirtækjatölvupóst, dagbók og tengiliði* á síðu 70.

### Pósthólf sett upp í símanum

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Tölvupóstur**.
3. Sláðu inn netfangið og lykilorðið, pikkaðu síðan á **Næsta**.
4. Ef ekki er hægt að hlaða niður stillingunum fyrir pósthólfið sjálfkrafa, lýkurðu við uppsetninguna handvirkt. Hafðu samband við tölvupóstsþjónustuveituna til að fá nákvæmar stillingar, ef þarf. Fyrir uppsetningu vinnutölvupósts í símanum, velurðu **Exchange Active Sync** sem reikningstegund.
5. Þegar þú ert beðin(n) um að slá inn nafnið á tölvupóstsreikningi svo hann sé auðkennanlegri. Sama nafnið kemur fram í tölvupóstinum sem þú sendir úr þessum reikningi. Þegar því er lokið pikkarðu á **Lokið**.

Þú getur sett upp fleiri en eitt pósthólf. Sjá *Auka pósthólf sett inn í símann* á síðu 52.

## Notkun tölvupósts

### Til að búa til og senda tölvupóstskeyti

1. Á Heimaskjár skaltu pikka á  og finna og pikka á **Tölvupóstur**.
2. Ef þú ert að nota nokkur pósthólf, pikkarðu á reikninginn sem þú vilt senda skilaboð úr, pikkar síðan á .
3. Pikkaðu á **Til** og byrjaðu að slá inn heimilisfang viðtakandans. Það sem passar saman er sýnt á virka listanum. Pikkaðu á viðeigandi samsvörun eða haltu áfram að slá inn fullt netfang. Til að setja fleiri viðtakendur inn, sláðu inn kommu ( , ) eða semíkommu ( ; ) og byrjaðu að rita annað nafn. Til að eyða viðtakanda, pikkaðu á  lykilinn.
4. Til að velja netfang sem er vista í reikningunum þínum pikkarðu á , finnur og merkir síðan við gátreitinn við hliðina á reit viðtakandans. Til að bæta fleiri viðtakendum við merkirðu við gátreitina fyrir viðtakendurna sem óskað er eftir. Þegar því er lokið pikkarðu á **Lokið**.
5. Pikkaðu á **Efni** og sláðu inn tölvupóstsefnið.
6. Til að hengja skrá við, pikkarðu á . Veldu tegund skráar, pikkaðu síðan á skránna sem þú vilt hengja við úr listanum sem birtist.
7. Á skeytissvæðinu, sláðu textanum þínu inn.
8. Til að stilla forgangsstigið ýtirðu á , pikkar síðan á **Stilla forgang** og velur valkost.
9. Til að bæta við Cc/Bcc reitum ýtirðu á , pikkar síðan á **Bæta við afriti/földu afriti**.
10. Til að senda tölvupóst pikkarðu á .



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Til að fá tölvupóstskeyti

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Bankaðu á **Tölvupóstur**.
3. Ef þú notar nokkra tölvupóstsreikninga, pikkarðu á reikninginn sem þú vilt athuga. Pikkaðu á **Sameinað innhólf** ef þú vilt athuga með póst á öllum pósthólfum þínum.
4. Til að sækja ný skeyti ýtirðu á , pikkar síðan á **Uppfæra**.

Ef þú setur upp vinnutölvupóstsreikning, getur þú sett athugunartíðnina á **Sjálfvirk (vaktað)**.

### Tölvupóstur lesinn

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Tölvupóstur**.
3. Ef þú notar nokkur pósthólf skaltu pikka á það sem þú vilt athuga. Pikkaðu á **Sameinað innhólf** ef þú vilt athuga með póst á öllum pósthólfum þínum.
4. Flettu upp eða niður í innhólfinu og pikkaðu á tölvupóst sem þú vilt lesa.

### Til að nota forskoðunarrúðu tölvupóstsins

1. Á Heimaskjár skaltu pikka á  og finna og pikka á **Tölvupóstur**.
2. Ef þú notar nokkur pósthólf skaltu pikka á það sem þú vilt athuga. Pikkaðu á **Sameinað innhólf** ef þú vilt athuga með póst á öllum pósthólfum þínum.
3. Haltu símanum lárétt. Forskoðunarrúða tölvupóstsins birtist.
4. Flettu upp eða niður í innhólfinu og pikkaðu á tölvupóstinn sem þú vilt lesa. Tölvupósturinn opnast í forskoðunarglugganum. Pikkaðu á örina niður við hliðina á nafni sendandans til að skoða fleiri upplýsingar um tölvupóstinn. Í textareitnum, klíptu tveim fingrum saman eða glenntu úr þeim, til að auka eða minnka aðdrátt.
5. Til að skoða tölvupóstinn á öllum skjánum skaltu draga til skiptistikuna (lá milli innhólfsins og forskoðunargluggans) í samræmi við það. Þegar skoðað er á öllum skjánum skaltu nota upp eða niður örvarnar neðst á skjánum til að lesa fyrra eða næsta skilaboð.
6. Dragðu til skiptistikuna til að birta innhólfið aftur.

Til að fela forskoðunargluggann, haltu símanum lóðrétt eða breyttu stillingunum fyrir forskoðunargluggann.

### Stillingum forskoðunarglugga tölvupósts breytt

1. Á Heimaskjár skaltu pikka á  og finna og pikka á **Tölvupóstur**.
2. Ef þú notar nokkur pósthólf skaltu pikka á það sem þú vilt athuga.
3. Ýttu á , bankaðu síðan á **Meira** > **Forskoðunargluggi** og veldu valkost.

Til að breyta stillingum forskoðunarglugga tölvupósts þegar sameinað innhólf er notað skaltu ýta á  og pikka síðan á **Forskoðunargluggi** og velja kost.

### Til að skoða viðhengi tölvupóstskeytis

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Tölvupóstur**.
3. Finndu og pikkaðu á skilaboðin sem óskað er eftir í innihólfi tölvupóstsins. Tölvupóstar með viðhengi eru tilgreind með .
4. Pikkaðu á örina niður við hliðina á nafni sendandans, pikkaðu á viðhengið og veldu **Opna** eða **Vista**.

### Til að vista netfang sendanda í tengiliðum

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Tölvupóstur**.
3. Finndu og pikkaðu á skilaboðin sem óskað er eftir í innihólfi tölvupóstsins.
4. Pikkaðu á nafn sendandans efst á skjánum.
5. Pikkaðu á **Í lagi** þegar þú er beðin(n) um að setja nafn inn á tengiliðina.
6. Veldu fyrirliggjandi tengilið eða pikkaðu á **Búa til nýjan tengilið** ef þú vilt búa til nýjan tengilið.
7. Breyttu tengiliðaupplýsingunum og pikkaðu á **Lokið**.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Tölvupóstskeyti svarað

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Bankaðu á **Tölvupóstur**.
3 Í innihólfi tölvupóstsins heldur þú inni skilaboðinu sem þú vilt svara.
4 Pikkaðu á **Svara** eða **Svara öllum**.
5 Sláðu inn svari, pikkaðu síðan á .

### Til að framsenda tölvupóstskeyti

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Bankaðu á **Tölvupóstur**.
3 Í innihólfi tölvupóstsins heldur þú inni skilaboðinu sem þú vilt framsenda.
4 Bankaðu á **Framsenda**.
5 Pikkaðu á **Til** og sláðu inn heimilisfang viðtakandans. Eða pikkaðu á  til að velja viðtakanda úr tengiliðunum þínum.
6 Sláðu inn skilaboðstextanum, pikkaðu síðan á .

### Tölvupóstskeyti eytt

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Pikkaðu á **Tölvupóstur**.
3 Í innhólfinu styðurðu á skeytið sem á að eyða og pikkar svo á **Eyða**.

### Til að flokka tölvupósta

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Bankaðu á **Tölvupóstur**.
3 Ef þú notar nokkra tölvupóstsreikninga, pikkarðu á reikninginn sem þú vilt athuga. Pikkaðu á **Sameinað innhólf** ef þú vilt athuga með póst á öllum pósthólfum þínum.
4 Ýttu á  og pikkaðu svo á **Flokka**.
5 Veldu röðunarvalkost.

### Til að leita að tölvupóstum

1 Á Heimaskjár pikkarðu á . Finndu síðan og pikkaðu á **Tölvupóstur**.
2 Ef þú notar nokkur pósthólf og vilt fara bara yfir einn reikning, pikkarðu á nafn reikningsins. Ýttu á  og pikkaðu svo á **Leita**.
3 Pikkaðu á **Leitarorð**, sláðu inn leitartextann þinn, pikkaðu síðan á .
4 Leitarútkoman birtist á lista sem er flokkað eftir dagsetningu. Pikkaðu á tölvupóstinn sem þú vilt opna.
5 Til að breyta leitarvalkostunum, pikkarðu á  og velur annan valkost.

### Unnið með tölvupóstinn þinn í bunkum

1 Á Heimaskjár skaltu pikka á  og finna og pikka á **Tölvupóstur**.
2 Ef þú notar nokkra tölvupóstsreikninga, pikkarðu á reikninginn sem þú vilt athuga. Pikkaðu á **Sameinað innhólf** ef þú vilt athuga með póst á öllum pósthólfum þínum.
3 Ýttu á  og pikkaðu svo á **Merkja mörg**.
4 Merktu við gátreitinn fyrir tölvupóstana sem þú vilt velja.
5 Þegar því er lokið, pikkar þú á einn af táknunum neðst á skjánum til að, til dæmis, að eyða valda tölvupósta. Þú getur einnig merkt þau sem lesin eða ólesin. Ýttu á  til að fá frekari valkosti.

Í Exchange Active Sync reikningi getur þú einnig pikkað á  til að færa valda tölvupósta yfir í aðra möppu.

### Allar möppur skoðaðar fyrir eitt pósthólf

1 Á Heimaskjár pikkarðu á . Finndu síðan og pikkaðu á **Tölvupóstur**.
2 Ef þú notar nokkur pósthólf skaltu pikka á það sem þú vilt athuga.
3 Ýttu á , pikkaðu síðan á **Möppur** til að skoða allar möppurnar í þessum reikningi.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Til að breyta tíðni athugunar innihólfsins

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Tölvupóstur**.
3. Ef þú vilt nota fleiri reikninga pikkarðu á og heldur reikningnum sem þú vilt breyta, pikkar síðan á **Pósthólfsstillingar**. Ef þú ert að skoða innihólf í einum reikningnum, ýtirðu á , pikkar síðan á **Meira** > **Pósthólfsstillingar**.
4. Pikkaðu á **Tíðni tölvupóstkönnunar** og veldu valkost.

### Til að stilla sjálfsvörun fyrir forfallatrygging í Exchange Active Sync reikningi

1. Á Heimaskjár skaltu pikka á  og finna og pikka á **Tölvupóstur**.
2. Ef þú notar nokkra tölvupóstsreikninga, heldurðu inni EAS (Exchange Active Sync) reikningi, velur síðan **Pósthólfsstillingar** > **Sjálfvirkur svarpóstur**.
3. Merktu við gátreitinn **Sjálfvirkur svarpóstur**.
4. Ef þarf, merktu við **Stilla tíma** gátreitinn og stillir tímasvoð fyrir sjálfsvörun.
5. Sláðu inn forfallatilkynningarskilaboðin í textareitnum.
6. Pikkaðu á **Í lagi** til að staðfesta.

## Nota pósthólf

### Auka pósthólf sett inn í símann

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Tölvupóstur**.
3. Ef þú ert með fleiri pósthólf í símanum, birtast allir reikningarnir í listanum. Ef þú hefur aðeins eitt pósthólf í símanum ýtirðu á , pikkar síðan á **Meira** > **Pósthólf**.
4. Ýttu á  og pikkaðu svo á **Bæta við reikningi**.
5. Sláðu inn netfangið og lykilorðið, pikkaðu síðan á **Næsta**. Ef ekki er hægt að hlaða niður stillingunum fyrir pósthólfið sjálfkrafa, lýkurðu við uppsetninguna handvirkt.
6. Þegar þú ert beðin(n) um að slá inn nafnið á tölvupóstsreikningi svo hann sé auðkennanlegri. Sama nafnið kemur fram í tölvupóstinum sem þú sendir úr þessum reikningi.
7. Þegar því er lokið pikkarðu á **Lokið**.

### Til að stilla pósthólf sem sjálfgefinn reikning

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Tölvupóstur**.
3. Pikkaðu á og haltu inni reikningnum sem þú vilt nota sem sjálfgefinn reikning til að semja og senda tölvupóst, pikkaðu síðan á **Pósthólfsstillingar**.
4. Merktu við gátreitinn **Sjálfgefið pósthólf**.

Ef þú hefur aðeins einn tölvupóstsreikning, er þessi reikningur sjálfkrafa sjálfgefinn reikningur.

### Tölvupóstreikningur fjarlægður úr símanum

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Tölvupóstur**.
3. Ef þú hefur nokkur pósthólf í símanum, velurðu skref 4. Ef þú hefur aðeins einn tölvupóstsreikning, ýtirðu á , pikkar síðan á **Meira** > **Pósthólf**.
4. Haltu inni reikningnum sem þú vilt fjarlægja, pikkar síðan á **Fjarlægja pósthólf** > **Í lagi**.

## Gmail™ og aðrar Google™ þjónustur

Ef þú hefur Google™ reikning, getur þú notað Gmail™ forrit í símanum til að lesa, skrifa og skipuleggja tölvupóstskeyti. Eftir að þú hefur sett upp Google™ reikning til að virka á skjánum, geturðu einnig spjallað við vini með Google Talk™ forritinu, samstillt dagbókarforrit símans með Google Calendar™ og sótt forrit og leiki frá Android Market™.

Hugsanlega eru þjónusta og eiginleikar sem lýst er í þessum kafla ekki studd í öllum löndum eða svæðum, eða í öllum kerfum og/eða af þjónustuveitum á öllum svæðum.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Google™ reikningur settur upp í símanum

1. Á Heimaskjár pikkarðu á ▦.
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Pósthólf og samstilling** > **Bæta við reikningi** > **Google**.
3. Fylgdu skráningarhjálpinni til að búa til Google™ reikning eða skráðu þig inn ef þú ert nú þegar með reikning. Þú getur nú notað Gmail™ , Google Talk™ og Google Calendar™ í símanum þínum.

Einnig er mögulegt að skrá inn eða búa til Google™ reikning úr uppsetningarhjálpinni í fyrsta sinn sem þú ræsir símann. Eða þú getur farið á netið til að búa til reikning á *www.google.com/accounts*.

### Til að opna Gmail™ forrit

1. Á Heimaskjár pikkarðu á ▦.
2. Finndu og pikkaðu á **Gmail™** .



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Google Talk™

Þú getur notað Google Talk™ spjallforrit í símanum til að spjalla við vini sem nota líka þetta forrit.

### Ræsa Google Talk™

1 Á Heimaskjár, bankarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Tal**.

### Spjallskilaboðum svarað með Tal

1 Þegar einhver hefur samband við þig á **Tal** birtist  á stöðustikunni.
2 Dragðu stöðustikuna niður, bankaðu á skilaboðin og byrjaðu að spjalla.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Timescape™

Timescape™ safnar öllum samskiptum þínum á einn skjá. Viðburðir á borð við uppfærslur á Facebook™ eða Twitter™ birtast sem tímaröðuð spjöld á skjánum. Flettu í gegnum skrárnar til að sjá sýnishorn af viðburðum áður en þú ákveður að opna þá og skoða betur. Í Timescape™ er einnig óendanleikahnappur sem veitir þér aðgang að margvíslegu efni um atriðið sem þú ert að skoða.

**Hugsanlega eru þjónusta og eiginleikar sem lýst er í þessum kafla ekki studdir í öllum löndum eða svæðum, eða í öllum kerfum og/eða af þjónustuveitum á öllum svæðum.**

### Til að ræsa Timescape™

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Timescape™** .
3. Ef þú ert að ræsa Timescape™ í fyrsta skipti skaltu pikka á spjaldið á upphafsskjánum til að setja Timescape upp.
4. Pikkaðu á skjáinn **Þjónusta** til að skrá þig inn á samfélagssíður á borð við Facebook™ eða Twitter™ eða til að leita að viðbótum sem tengjast Timescape á Android Market™.
5. Ef þú vilt ekki skrá þig inn á samfélagssíður eða leita á Android Market™ pikkarðu á **Lokið**.

## Timescape™ aðalskoðun




| | |
|---|---|
| 1 | Staða þín á vefþjónustum sem þú hefur valið |
| 2 | Timescape™ spjöld, í tímaröð, með nýlegasta spjaldinu efst |
| 3 | Timescape™ atriðasía |

## Notkun Timescape™

### Flett í gegnum spjöld í Timescape™

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Timescape™**.
3. Flettu upp eða niður til að fletta í gegnum spjöldin.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Spjald forskoðað í Timescape™

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Timescape™**.
3 Flettu að spjaldinu sem þú vilt forskoða og pikkaðu svo á það.

## Yfirlit fyrir Timescape™ viðburðarsíu

| | |
|---|---|
| | Allir viðburðir |
| | Uppfærsla frá Twitter™ tengiliðum |
| | Uppfærsla frá Facebook™ tengiliðum |

Fleiri viðburðir birtast á Timescape™ viðburðarsíu ef þú hefur sett aðrar Timescape þjónustur upp.

### Síun atriða sem birtast í Timescape™

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Timescape™**.
3 Pikkaðu á eða flettu í gegnum síutáknin.

### Til að uppfæra aðalyfirlitið í Timescape™

- Þegar Timescape™ viðburðasía er stillt á öll atriði ýtirðu á og pikkar svo á **Uppfæra**.

Þegar þú uppfærir aðalyfirlitið tengist síminn hugsanlega við internetið til að uppfæra upplýsingar frá vefþjónustureikningum sem þú hefur tengt við Timescape™.

### Innskráning á Facebook™ eða Twitter™ frá Timescape™

1 Á Heimaskjár, bankarðu á .
### Lag úr símanum spilað á öðru tæki

1 Gakktu úr skugga um að tækin sem þú vilt deila skrám með séu tengd við sama Wi-Fi® net og síminn.
2 Á Heimaskjár skaltu pikka á  og finna og pikka á .
3 Pikkaðu á **TÓNLISTIN MÍN** til að opna tónlistarsafnið.
4 Veldu tónlistarflokk og flettu að því lagi sem þú vilt spila.
5 Pikkaðu á .
6 Veldu tæki. Lagið spilast sjálfkrafa á tækinu sem þú velur.

Þú getur einnig spilað lag úr símanum á öðru tæki með því að pikka á plötuumslag lagsins og pikka síðan á **Spila í tæki**.

## Gagnatengingu farsímans deilt

Þú getur deilt gagnatengingu farsímans með einni tölvu með því að nota USB-snúru. Þessi aðferð er kölluð USB-tjóðrun. Þú getur einnig deilt gagnatengingu farsímans með allt að átta tækjum á sama tíma, með því að breyta símanum í færanlegan Wi-Fi® heitan reit.

Þegar síminn deilir gagnatengingu sinni, eftirfarandi tákn birtist í stöðustikunni eða á tilkynningarspjaldinu:

| | |
|---|---|
| | USB-tjóðrun er virkt |
| | Ferða Wi-Fi® heitur reitur er virkur |
| | Bæði USB-tjóðrun og ferða heitur reitur eru virk |

### Til að deila gagnatengingu símans með USB-snúru

1 Gerðu allar USB-snúrutengingar óvirkar í símanum þínum.
2 Notaðu USB-snúruna sem fylgdi símanum, tengdu símann við tölvu.
3 Á Heimaskjár pikkarðu á .
4 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **Tjóðrun**.
5 Merktu við gátreitinn **USB-tjóðrun**. Síminn byrjar að deila gagnatengingu farsímakerfisins með tölvu í gegnum USB-tenginguna. Viðvarandi tilkynning birtist í stöðustikunni og tilkynningarspjaldinu.
6 Afmerktu **USB-tjóðrun** gátreitinn eða aftengdu USB-snúruna til að hætta að deila gagnatengingunni.

Þú getur ekki deilt gagnatengingu símans og SD-korti yfir USB-snúru á sama tíma. Nánari upplýsingar, sjá *Síminn tengdur við tölvu* á síðu 120.

Það getur verið að þú þurfir að undirbúa tölvuna til að fá nettengingu í gegnum USB-snúru. Opnaðu android.com/tether til að fá nýjustu upplýsingar.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Til að deila gagnatengingu símans sem ferða Wi-Fi® heitur reitur

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **Tjóðrun**.
3. Pikkaðu á **Stillingar fyrir færanlegan þráðl. heitan reit** > **Stilla þráðlausan heitan reit**.
4. Sláðu inn **SSID netkerfis** fyrir símkerfið. Pikkaðu á **Öryggi**-reitinn til að velja öryggisgerð.
5. Sláðu inn lykilnúmer ef beðið er um það.
6. Bankaðu á **Vista**.
7. Merktu við gátreitinn **Wi-Fi heitur reitur**. Síminn byrjar að senda Wi-Fi® netkerfi sitt sem er nefnt (SSID). Þú getur núna tengst þessu netkerfi með allt að 8 tölvum eða öðrum tækjum.
8. Afmerktu **Wi-Fi heitur reitur** gátreitinn þegar þú vilt hætta að deila gagnatengingum í gegnum Wi-Fi®.

### Til að breyta heiti eða tryggja heita reitinn

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **Tjóðrun**.
3. Gakktu úr skugga um að merkt sé í gátreitinn **Wi-Fi heitur reitur**.
4. Pikkaðu á **Stillingar fyrir færanlegan þráðl. heitan reit** > **Stilla þráðlausan heitan reit**.
5. Sláðu inn **SSID netkerfis** fyrir símkerfið.
6. Pikkaðu á **Öryggi**-reitinn til að velja öryggisgerð.
7. Sláðu inn lykilnúmer ef beðið er um það.
8. Bankaðu á **Vista**.

## VPN-net (sýndareinkanet)

Tengstu VPN-neti með símanum og þú færð aðgang að aðföngum innan öruggs staðarnetkerfis fyrir utan hið eiginlega netkerfi. Til dæmis eru VPN-tengingar vanalega notaðar af fyrirtækjum og menntastofnunum fyrir notendur sem þurfa aðgang að interneti og öðrum innri þjónustum þegar þeir eru staddir utan innra netkerfisins, til dæmis á ferðalögum.

Hægt er að setja upp VPN-tengingar á ýmsa vegu, en það fer eftir netkerfi hverju sinni. Sum netkerfi krefjast þess að þú flytjir og setjir upp öryggisauðkenni í símanum þínum. Sjá *Síminn tengdur við tölvu* á síðu 120 fyrir frekari upplýsingar um hvernig flytja á efni í símann þin. Til að fá frekari upplýsingar um hvernig setja á upp tengingu við VPN-netið þitt skaltu hafa samband við umsjónaraðila netkerfisins í fyrirtækinu eða samtökunum þínum.

### VPN-neti (virtual private network) bætt við

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **VPN-stillingar**.
3. Pikkaðu á **Bæta við VPN**.
4. Veldu gerð VPN-nets sem bæta á við.
5. Sláðu inn VPN-stililngar þínar.
6. Ýttu á  og pikkaðu á **Vista**.

### Tengst við VPN-net (virtual private network)

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **VPN-stillingar**.
3. Pikkaðu á VPN-netið sem þú vilt tengjast við á lista yfir tiltæk net.
4. Sláðu inn umbeðnar upplýsingar.
5. Pikkaðu á **Tengjast**.

### Til að aftengjast VPN-neti (sýndareinkaneti)

1. Dragðu stöðustikuna niður á við.
2. Til að slökkva á VPN-tengingunni pikkarðu á tilkynninguna um hana.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Vefvafri

Notaðu vefvafrarann þinn til að skoða og fara um vefsíður, setja inn síður og bókamerki og búa til flýtileiðir á heimaskjáinn þinn. Þú getur opnað marga vafrara glugga í einu og notað aðdrátt þegar þú flettir milli vefsíðna.

### Vefvafrinn opnaður

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á .

## Tækjastika

Tækjastikuvalkosturinn auðveldar notkun vafrans:

| | |
|---|---|
| | Opnaðu nýjan vafraglugga |
| | Bættu við, opnaðu eða breyttu bókamerki. Skoðaðu þær vefsíður sem þú opnar oftast eða opnaðu vefsíður úr vafrasögu |
| | Skoðaðu opna glugga |
| | Endurhladdu opna vefsíðu |
| | Farðu áfram um eina síðu í vafrasögunni |
| | Opnaðu valmynd til að birta fleiri valkosti |

### Tækjastikan opnuð

- Ýttu á  í vafranum.

## Vafrað um vefinn

### Leitar- og vistfangsrein

Notaðu leitar- og vistfangsreinina til að vafra vefinn.




1 Skoðaðu niðurhalsframvinduna af núverandi vefsíðu
2 Sláðu inn leitarorðinu til að leita á vefsíðu eða sláðu inn vefsíðuslóðina til að hlaða vefsíðuna
3 Hættu við the niðurhalið af núverandi vefsíðu

**Þegar búið er að hlaða niður getur þú bókamerkt hana með því að pikkarðu á bókamerkistánið  við hliðina á leitar- og vistfangsreinina.**

### Vefsíða opnuð

1 Í vafranum pikkarðu á textareitinn í leitaranum og heimilisfangastikan til að virkja takkaborðið.
2 Sláðu inn vefslóð.
3 Ef þú notar lóðrétta skoðun, pikkarðu á . Ef þú notar lárétt snið, pikkarðu á **Hefja leit**.

### Leit að vefsíðu

1 Bankaðu á leitunar- og heimilisfangareitinn til að virkja takkaborðið.
2 Sláðu inn leitarorð eða frasa.
3 Ef þú notar lóðrétta skoðun, pikkarðu á . Ef þú notar lárétt snið, pikkarðu á **Hefja leit**.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Til að loka vafranum

- Ýttu á  þegar þú ert í vafranum.

Þegar þú opnar vafrann aftur birtist hann alveg eins og hann var þegar honum var lokað, þ.e. með sama fjölda glugga, sömu stöðu og sama aðdráttarstig.

## Vefsíðufletting

### Tengill valinn

- Til að velja tengil á vefsíðu pikkarðu á tengilinn. Valinn tengill er auðkenndur með appelsínurauðum lit og vefsíðan hleðst þegar þú tekur fingurinn af.

Ef þú velur einhvern tengil óvart áður en þú sleppir fingrinum þá geturðu afturkallað valið með því að draga fingurinn frá þar til tengillinn er ekki lengur auðkenndur.

### Til að fara í síðuna á undan við skoðun

- Ýttu á .

### Aðdráttur aukinn eða minnkaður á vefsíðu

Notaðu eina af eftirfarandi aðferðum til að auka eða minnka aðdrátt á vefsíðu:

- Snertu svæðið á síðunni með tveimur fingrum samtímis eða glenntu þá í sundur til að auka aðdrátt, eða klíptu þá saman til að minnka aðdrátt.
- Renndu fingrinum á skjánum til að birta aðdráttarstýringarnar. Pikkaðu á táknið  til að auka aðdrátt eða pikkaðu á  til að minnka hann.
- Tvípikkaðu til að auka aðdrátt á vefsíðu eða tvípikkaðu aftur til að minnka aðdrátt.

### Opin vefsíða endurhlaðin

- Ýttu á  og pikkaðu svo á **Uppfæra**.

### Flýtileið á vefsíðu sett á heimaskjáinn

1. Ýttu á  þegar vefsíða er opin.
2. Pikkaðu á **Bókamerki** > **Bæta v.**
3. Hægt er að breyta heiti og veffangi. Þegar því er lokið pikkarðu á **Í lagi**.
4. Styddu á bókamerkið til að opna valmynd.
5. Pikkaðu á **Bæta flýtileið við heimaskjá**.

### Til að deila tengil við núverandi vefsíðu

1. Ýttu á  þegar þú ert í vafranum.
2. Pikkaðu á **Meira** > **Samnýta síðu**.
3. Veldu tiltæka flutningsaðferð og fylgdu leiðbeiningunum á skjánum.

## Umsjón með bókamerkjum

Bókamerki veita þér aðgang að uppáhalds og oft heimsóttum vefsíðum á skjótan hátt. Sum bókamerki geta þegar verið sett upp í símanum þínum og fer það eftir símafyrirtækinu þínu.

### Til að bókamerkja vefsíðu

1. Ýttu á  meðan þú ert á vefsíðunni.
2. Pikkaðu á **Bókamerki** > **Bæta v.**
3. Hægt er að breyta heiti og veffangi.
4. Þegar því er lokið pikkarðu á **Í lagi**.

Til að bókamerkja vefsíðu er einnig hægt að pikka á táknið  hægra megin við leitar- og veffangsreitinn.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Til að opna bókamerki

1. Þegar vafrinn er opinn ýtirðu á ☰.
2. Pikkaðu á **Bókamerki**.
3. Pikkaðu á bókamerkið sem þú vilt opna.

### Til að breyta bókamerki

1. Þegar vafrinn er opinn ýtirðu á ☰.
2. Pikkaðu á **Bókamerki**.
3. Haltu bókamerkinu inni til að opna valmynd.
4. Pikkaðu á **Breyta bókamerki**.
5. Breyttu nafni og veffangi, eins og óskað er eftir.
6. Þegar því er lokið pikkarðu á **Í lagi**.

### Til að eyða bókamerki

1. Þegar vafrinn er opinn ýtirðu á ☰.
2. Bankaðu á **Bókamerki**.
3. Haltu bókamerkinu inni til að opna valmynd.
4. Pikkaðu á **Eyða bókamerki** til að eyða valda bókamerkinu.

### Til að bókamerkja síðu sem hefur verið heimsótt

1. Þegar vafrinn er opinn ýtirðu á ☰.
2. Pikkaðu á **Bókamerki**.
3. Pikkaðu á flipann **Saga** eða flipann **Oftast heimsótt** til að skoða lista yfir vefsíður sem þú hefur skoðað.
4. Pikkaðu á ★ táknið hægra megin við vefsíðuna til að bókamerkja hana.

## Stjórna texta og myndum

### Til að leita að texta inn í vefsíðu

1. Ýttu á ☰ þegar þú ert á vefsíðunni.
2. Pikkaðu á **Meira** > **Finna á síðu**.
3. Sláðu inn leitartexta. Stafirnir sem passa saman eru upplýstir grænir.
4. Bankaðu vinstri eða hægri örina til að opna fyrri eða næsta hlut sem passa saman.
5. Bankaðu á ☒ til að loka leitarslánna.

### Afritun texta af vefsíðu

1. Finndu textann sem á að afrita.
2. Ýttu á ☰.
3. Pikkaðu á **Meira** > **Velja texta**.
4. Settu fingurinn á upphaf textans sem á að velja og dragðu fingurinn svo að enda textans sem á að velja. Textinn sem þú velur verður yfirlýstur.
5. Pikkaðu á valda textann til að afrita hann.
6. Til að líma textann í tölvupóst, textaskilaboð eða margmiðlunarskilaboð styðurðu á textareit viðeigandi forrits og pikkar svo á **Líma** á valmyndinni sem opnast.

### Til að vista mynd af vefsíðu

1. Á virkri vefsíðu heldurðu myndinni sem óskað er eftir þangað til valmynd birtist.
2. Bankaðu á **Vista mynd**.
3. Ef SD-kort er sett í getur þú valið hvar þú vilt vista myndina. Veldu staðsetningu. Ef þú vilt gera núverandi niðurhalsstillingu að sjálfgefni stillingu, merkirðu við **Velja sem sjálfgefið niðurhalsminni** gátreitinn.

! Ef bæði innri geymslan og SD-kortið eru ekki í boði er ekki hægt að vista myndina.

## Margir gluggar

Vafrarinn getur keyrt í allt að átta mismunandi gluggum á sama tíma. Hægt er að, til dæmis skrá þig inn í netpóstinn í einum glugga og lesið fréttir dagsins í öðrum. Auðveldlega er hægt að skipta úr einum glugga í annan.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Nýr vafraglugga opnaður

1. Þegar vafrinn er opinn ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Nýr gluggi**.

### Til að opna tengil í nýjum vafraglugga

1. Halda inni tengli inni þangað til valmynd birtist.
2. Pikkaðu á **Opna í nýjum glugga**.

### Skipt á milli vafraglugga

1. Þegar vafrinn er opinn ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Gluggar** til að birta lista yfir alla opna glugga.
3. Pikkaðu á gluggann sem þú vilt skipta í.

## Hlaðið niður af vefnum

Þú getur hlaðið forritum og efni þegar þú vafrar á vefnum með vefvafranum í símanum. Vanalega þarftu að snerta niðurhalstengil fyrir viðkomandi skrá og þá hefst niðurhalið sjálfkrafa.

### Til að skoða niðurhalsskrár

1. Þegar vafrinn er opinn ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Meira** > **Niðurhal**.

### Til að hætta við yfirstandandi niðurhal

1. Þegar vafrinn er opinn ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Meira** > **Niðurhal**.
3. Merktu í gátreitinn við hliðina á niðurhalsskránni semá að eyða.
4. Bankaðu á **Hætta við**.

## Vafrastillingar

Hægt er að breyta stillingum vafrans og sérsníða útlit. Til dæmis er hægt að breyta stærð textans sem birtur er svo henti þínum þörfum, eða hreinsa skyndiminni, fótspor, vafrasögu og önnur gögn sem tengjast þeim vefsíðum sem þú skoðar.

### Til að breyta vafrastillingum

1. Þegar vafrinn er opinn ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Meira** > **Stillingar**.

### Til að breyta leturstærðinni á vefsíðum

1. Þegar vafrinn er opinn ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Meira** > **Stillingar** > **Textastærð**.
3. Veldu leturstærð.

### Til að hreinsa skyndiminni úr símanum

1. Þegar vafrinn er opinn ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Meira** > **Stillingar**.
3. Finndu og pikkaðu á **Tæma skyndiminni** og síðan á **Í lagi** til að staðfesta.

### Til að hreinsa vafrafótspor

1. Þegar vafrinn er opinn ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Meira** > **Stillingar**.
3. Finndu og pikkaðu á **Hreinsa allar kökur** og síðan á **Í lagi** til að staðfesta.

### Til að hreinsa vafrasögu

1. Þegar vafrinn er opinn ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Meira** > **Stillingar**.
3. Finndu og pikkaðu á **Hreinsa sögu** og síðan á **Í lagi** til að staðfesta.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

## Sjálfvirkni vefsíðna

Sjálfvirki valkosturinn auðveldar þér lestur stórra vefsíðna með texta og myndum eins og fréttavefir. Til dæmis, ef þú notar aðdrátt á vefsíðu þegar kveikt er á sjálfvirkri pössun, stillist textinn sjálfkrafa fyrir nýja skjástærð. Ef slökkt er á sjálfvirkri pössun, getur verið að þú þurfir að fetta til hliðar til að lesa alla setninguna.

### Vefsíður látnar passa sjálfkrafa

1. Þegar vafrinn er opinn ýtirðu á ☰.
2. Pikkaðu á **Meira** > **Stillingar** > **Síður í sjálfvirkri stærð**.

## Eiginleikinn floating touch™ notaður til að komast um í vafranum

Notaðu eiginleikann floating touch™ til að komast um í vafranum. Haltu fingri u.þ.b. 1 cm yfir yfirborði skjásins til að líkja eftir því að nota tölvumús til að vafra um.

### Kveikt á eiginleikanum floating touch™ í vafranum

1. Þegar vafrinn er opinn ýtirðu á ☰.
2. Pikkaðu á **Meira** > **Stillingar**.
3. Finndu og hakaðu við gátreitinn **Virkja floating touch™**.

Í fyrsta skipti sem þú ræsir vafrann færðu upp valkost um að kveikja á floating touch™.

## Stillingar fyrir viðbætur

Þú getur stillt hvernig viðbót virkar á vefsíðu. Til dæmis geturðu virkjað viðbætur til að vefsíða líti sem best út þegar þú skoðar hana. Viljir þú á hinn bóginn auka hraða vafrans geturðu stillt hann þannig að hann keyri viðbætur aðeins þegar þess er óskað, eða slökkt algerlega á þeim.

### Til að virkja viðbætur eftir þörfum

1. Þegar vafrinn er opinn ýtirðu á ☰.
2. Pikkaðu á **Meira** > **Stillingar**.
3. Finndu og pikkaðu á **Leyfa viðbætur**.
4. Merktu við gátreitinn **Samkvæmt beiðni**.

Þú gætir þurft að endurræsa vafrann til að stillingin taki gildi.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Tónlist

Njóttu tónlistarspilarans. Hlustaðu á og skipuleggðu tónlist, hljóðbækur og netvörp sem þú hefur flutt á minniskortið þitt úr tölvu eða keypt og sótt frá netverslunum.

Þú getur notað Media Go™ forritið til að gera efni á auðveldan hátt til staðar á tónlistarspilaranum. Media Go™ hjálpar flutningi á tónlistarefni milli tölvunnar og símans. Nánari upplýsingar eru á *Síminn tengdur við tölvu* á síðu 120.

## Verndar heyrnina þína

Að hlusta á tónlistarspilara eða aðra efnisspilara í lengri tíma getur skaðað heyrnina, jafnvel þó hljóðstyrkurinn sé stilltur lágt. Til að láta vita um þess konar hættur, birtast hljóðstyrksviðvörun þegar hljóðið er of hátt og eftir að tónlistarspilarinn er notaður í meira en 20 klukkustundir.

### Slökkt á hljóðstyrk viðvörunarinnar

- Þegar ⚠ birtist, pikkarðu á **Í lagi** til að hafna viðvöruninni.

Í hvert sinn sem þú endurræsir símann þinn, er efnishljóðið stillt sjálfkrafa á hættulaust stig.

## Efnisskrár afritaðar á minniskortið

Afritaðu allar uppáhalds margmiðlunarefni úr tölvunni yfir í símann og ræstu með því að nota skemmtunarvalkostinn til fullnustu. Það er auðvelt að flytja tónlist, myndir, myndskeið og aðrar skrár. Tengdu einfaldlega símann við tölvu með USB-snúru og notaðu skráastjóra tölvunnar eða forritið Media Go™ til að flytja skrárnar.

Frekari upplýsingar um hvernig síminn er tengdur við tölvu og skrár fluttar eru í *Síminn tengdur við tölvu* á síðu 120.

## Notkun tónlistarspilarans

### Spilun hljóðefnis

1. Á Heimaskjár skaltu pikka á **Miðlar** > ♫ til að opna tónlistarspilarann. Ef ♫ birtist ekki skaltu pikka á ▦ og finna síðan og pikka á ♫.
2. Pikkaðu á **TÓNLISTIN MÍN** til að opna tónlistarsafnið.
3. Veldu tónlistarflokk og flettu að laginu sem þú vilt opna.
4. Pikkaðu á lag til að spila það.

### Yfirlit yfir tónlistarspilarann






Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

| | |
|---|---|
| 1 | Flettu í tónlistinni á minniskortinu |
| 2 | Pikkaðu á óendanleikamerkið til að finna tengdar upplýsingar á netinu og í tengiforritum frá Android Market™ |
| 3 | Plötuumslag (ef í boði) |
| 4 | Fara á næsta lag í lagalistanum eða spóla til baka |
| 5 | Takkinn spila/gera hlé |
| 6 | Stöðuvísir – dragðu vísirinn eða pikkaðu meðfram línunni til að spóla áfram eða aftur á baka |
| 7 | Samtals tímalengd lags |
| 8 | Fara á næsta lag í lagalistanum eða spóla áfram |
| 9 | Tími sem er liðinn á núverandi lagi |

### Til að skipta um lag

- Þegar lag er í spilun, pikkarðu á ⏭ eða ⏮.
- Þegar lag er í spilun rennirðu plötuumslagi til vinstri eða hægri.

### Hlé á lagi

- Í tónlistarspilaranum bankarðu á ⏸.

### Til að spóla tónlist áfram eða til baka

- Í tónlistarspilaranum heldur inni ⏭ eða ⏮.

Þú getur einnig dregið framvinduvísinn til hægri eða vinstri.

### Hljóðstyrkur stilltur

- Ýttu á hljóðstyrkstakkann þegar tónlistaspilari spilar lag.

### Til að bæta hljóðgæði með tónjafnara

1 Með tónlistarspilarann opinn ýtirðu á ☰.
2 Bankaðu á **Tónjafnari**. Ef þú villt stilla hljóðið handvirkt, dregurðu tíðnisviðshnappana upp eða niður.
3 Ef þú velur að stilla hljóðið sjálfvirkt, pikkarðu á ⌃⌄ og velur snið.

### Kveikt á umgerð hljóðsins

1 Með tónlistarspilarann opinn ýtirðu á ☰.
2 Pikkaðu á **Tónjafnari** > **Fleira** > **Heimabíó í heyrnartólum**.
3 Veldu stillingu.
4 Bankaðu á **Í lagi**.

### Til að skoða núverandi spilunarröð

- Á meðan lag spilar í tónlistaspilaranum, pikkarðu á plötuumslagið og pikkar síðan á ☰.

### Til að fela tónlistarspilarann

- Þegar tónlistarspilari spilar, ýttu á ↩ til að opna fyrri skjá, eða ýttu á ⌂ til að opna Heimaskjár. Tónlistarspilarinn heldur áfram að spila í bakgrunninum.

### Snúið aftur í tónlistarspilarann þegar hann spilar í bakgrunni

1 Dragðu stöðustikuna niður á við til að opna tilkynningaskjáinn.
2 Pikkaðu á heiti lagsins til að opna tónlistarspilarann.

Á hinn veginn, getur þú ýtt og haldið ⌂ og pikkað síðan á ♫ til að fara aftur í tónlistarspilarann.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Til að eyða lagi

1 Opnaðu tónlistarspilaralistann og flettu að lagi sem þú vilt eyða.
2 Haltu lagatitli inni, pikkaðu síðan á **Eyða**.

Einnig er hægt að eyða plötum á þennan hátt.

### Til að deila lag

1 Snertu og haltu inni heiti lagsins þegar lög eru skoðuð í tónlistarspilarasafninu.
2 Pikkaðu á **Senda**.
3 Veldu tiltæka flutningsaðferð og fylgdu leiðbeiningunum á skjánum.

Einnig er hægt að deila plötum og lagalistum á þennan hátt.

Verið getur að þú getir ekki afritað, sent eða flutt sum höfundarréttarvarin atriði.

### Til að mæla með lagi á Facebook™

1 Á meðan lagið er spilað í tónlistarspilaranum pikkarðu á til að sýna að þér „líki" það á **Facebook™**. Ef vill, er hægt að bæta athugasemd við í athugasemdareitinn.
2 Pikkaðu á **Samnýta** til að senda lagið á **Facebook™**. Ef móttaka lagsins tekst færðu staðfestingarskilaboð frá **Facebook™**.

## Leitaðu að svipuðu efni með óendanleikamerkinu

Þegar lag spilar í tónlistarspilaranum getur þú notað óendanleikamerkið til að leita strax að hljóðefni sem er svipað og flytjandinn eða lagið.

Óendanleikamerkið ræsir leitina að eftirfarandi:

- tónlist og karaókí myndskeið á YouTube™
- upplýsingum um flytjanda á Wikipedia™
- textum á Google.com

### Til að leita að svipuðu efni með því að nota óendanleikamerkið

- Þegar lag er spilað í tónlistarspilaranum, pikkarðu á .

## Yfirlit yfir Tónlistina mína




| | |
|---|---|
| 1 | Tónlist á minniskortinu skoðuð |
| 2 | Mynd af flytjanda sem hlustað er á (ef hún er tiltæk) |
| 3 | Leitað í öllum lögum sem vistuð eru í símanum |
| 4 | Tónlist skoðuð eftir flytjanda |
| 5 | Tónlist flokkuð með SensMe™ rásum |



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

| | |
|---|---|
| 6 | Uppáhaldsspilunarlistarnir skoðaði |
| 7 | Skoða alla spilunarlista |
| 8 | Skoða hljóð eftir lagi |
| 9 | Skoða eftir plötu |

## Tónlistin mín notuð til að skipuleggja lögin

Pikkaðu á tónlistarflipann minn í tónlistarspilaranum til að fá yfirlit fyrir lögin sem þú hefur vistað á minniskorti símans. Í tónlistinni minni getur þú unnið með plötum og spilunarlistum, búið til flýtileiðir og raðað tónlistinni eftir stemningu og hraða.

### Lagi bætt við sem flýtileið

1 Í tónlistarspilaranum pikkarðu á **TÓNLISTIN MÍN**.
2 Pikkaðu á , eða og finnu það lag sem þú vilt vista sem flýtileið.
3 Snertu lagatitilinn og haltu inni.
4 Pikkaðu á **Bæta við sem flýtileið**. Flýtileiðin birtist nú á aðalyfirliti Tónlistarinnar minnar.

### Flýtileiðir endurraðaðar

1 Í tónlistarspilaranum pikkarðu á **TÓNLISTIN MÍN**.
2 Haltu inni flýtileið þangað til hún stækkar og síminn titrar, dragðu þá hlutinn að nýrri staðsetningu.

### Flýtileið eytt

1 Í tónlistarspilaranum pikkarðu á **TÓNLISTIN MÍN**.
2 Haltu inni á flýtileið þar til hún stækkar og síminn titrar og dragðu svo hlutinn í .

! Eftirfarandi flipum er ekki hægt að eyða: **Lög**, **Plötur**, **Flytjendur**, **Spilunarlistar** og **SensMe™ channels**.

### Tónlistin þín uppfærð með nýjustu upplýsingum

1 Í Tónlistinni minni ýtirðu á .
2 Pikkaðu á . Síminn mun leita á netinu og sækja nýjasta plötuumslagið og lagaupplýsingar tónlistarinnar.

Þegar tónlistarupplýsingar eru sóttar kviknar á SensMe™ rásum.

## Flokkaðu tónlistina þína með því að nota SensMe™ channels

Forritið SensMe™ stöðvar hjálpar þér að raða tónlistina þína eftir stemningu og hraða. SensMe™ flokkar öll lögin þín í tólf flokka eða rásir sem þú getur valið tónlist sem passar við stemninguna þína eða hentar tíma dagsins.

### Til að kveikja á SensMe™ channels forritinu

1 Í tónlistarspilaranum pikkarðu á **TÓNLISTIN MÍN**.
2 Pikkaðu á  > .

! Þetta forrit þarf farsíma eða Wi-Fi® nettengingu.

## Tónlist spiluð af handahófi

Þú getur spilað lög í lagalista af handahófi. Lagalisti getur t.d. verið lagalisti sem þú hefur búið til eða plata.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Lög spiluð af handhófi

1. Í tónlistarspilaranum pikkarðu á **TÓNLISTIN MÍN**.
2. Pikkaðu á  eða  og flettu að plötu eða spilunarlista.
3. Pikkaðu á plötu eða spilunarlista til að opna hana.
4. Bankaðu á .

Þegar plata eða spilunarlisti er opnuð getur þú einnig pikkað á  og valið stokkunarsnið eða endurtekningarsnið.

## Spilunarlistar

Tónlistarspilarinn býr sjálfkrafa til snjallspilunarlista á spilunarlistaflipanum  í safni tónlistarspilarans. Þú getur líka búið til þína eigin lagalista frá tónlist sem er vistuð á minniskortinu þínu.

Þar að auki getur þú sett upp Media Go™ forritið á tölvuna og notað það til að afrita spilunarlista frá tölvunni yfir á minniskort símans. Nánari upplýsingar *Síminn tengdur við tölvu* á síðu 120.

### Til að búa til þína eigin lagalista

1. Í tónlistarspilaranum pikkarðu á **TÓNLISTIN MÍN**.
2. Til að setja inn flytjanda, plötu eða lag á lagalista, haltu inni nafni flytjandans eða heiti plötunnar eða lagsins.
3. Í valmyndinni sem opnast pikkarðu á **Bæta við spilunarlista** > **Nýr spilunarlisti**.
4. Sláðu inn heiti fyrir lagalista og pikkaðu á **Í lagi**.

### Til að bæta lögum við spilunarlista

1. Þegar tónlistarspilarasafn er skoðað, haltu inni nafni flytjandans eða heiti plötunnar eða lagsins sem þú vilt setja inn.
2. Bankaðu á **Bæta við spilunarlista**.
3. Pikkaðu nafnið á spilunarlistanum þar sem þú vilt setja flytjandann inn, plötuna eða lagið. Flytjandinn, platan, lagið er sett inn á spilunarlisti.

### Spila þína eigin spilunarlista

1. Í tónlistarspilaranum pikkarðu á **TÓNLISTIN MÍN**.
2. Pikkaðu á .
3. Bankaðu á lagalista undir **Spilunarl.**.
4. Pikkaðu á lag til að spila það.

### Til að taka lag af lagalista

1. Haltu inni heiti lagsins sem þú vilt eyða í lagalistanum.
2. Pikkaðu á **Eyða af spilunarlista**.

### Til að eyða spilunarlista

1. Í tónlistarspilaranum pikkarðu á **TÓNLISTIN MÍN** og velur síðan **Lagalistar**.
2. Styddu á spilunarlistann sem á að eyða.
3. Pikkaðu á **Eyða**.
4. Pikkaðu aftur á **Eyða** til að staðfesta.

## Tónlistarspilaragræja

Tónlistarspilaragræjan er smáforrit sem veitir þér beinan aðgang að tónlistarspilaranum á Heimaskjár. Þú þarft að bæta græjunni við Heimaskjár áður en þú getur notað hana.

### Til að bæta tónlistaspilaragræju við á heimaskjáinn þinn

1. Á Heimaskjár ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Bæta við** > **Græjur**.
3. Bankaðu á .



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Borið kennsl á tónlist með TrackID tækni

Notaðu TrackID™ þekkingarþjónustu til að bera kennsl á tónlistarlag sem þú heyrir spila í umhverfinu. Taktu bara upp smá prufu af laginu og þú munt fá flytjanda, heiti og plötuupplýsingar á nokkrum sekúndum. Þú getur keypt lagið sem TrackID™ bar kennsl á og þú getur skoðað TrackID listann til að sjá hvaða TrackID notendur kringum heiminn eru að leita að. Notaðu TrackID™ tæknina í hljóðlátu umhverfi til að ná sem bestum árangri. Ef þú átt í vandræðum með að nota þetta forrið skaltu sjá *Ég get ekki notað Internet-staðsettar þjónustur* á síðu 138.

TrackID™ forritið og TrackID™ þjónustan eru ekki studd í öllum löndum/svæðum eða af öllum símkerfum og/eða þjónustuveitum á öllum svæðum.

### TrackID™ forritið opnað

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **TrackID™**.

Þú getur einnig notað TrackID™ græjuna til að opna **TrackID™** forritið.

### Til að leita að upplýsingum um lag með því að nota TrackID™

1. Þegar **TrackID™** forrit er opnað, haltu símanum að tónlistarheimildinni.
2. Bankaðu á . Ef borið er kennsl á lag með TrackID™ þjónustunni birtist útkoman á skjánum.

Til að fara aftur í **TrackID™** byrjunarskjáinn ýtirðu á .

### TrackID™ leitarsaga skoðuð

- Þegar forritið **TrackID™** er opið skaltu banka á .

### TrackID™ listi skoðaður

1. Þegar forritið **TrackID™** er opið skaltu pikka á  flipann. Í fyrsta skiptið sem þú skoðar kort, er það stillt á svæðið þitt.
2. Til að skoða korti af mest leituðum svæðum pikkarðu á  > **Svæði**.
3. Veldu land eða svæði.

## Notkun á niðurstöðum TrackID™ tækninnar

Upplýsingar um lag birtast þegar TrackID™ forritið ber kennsl á lag. Þú getur valið að kaupa lagið, mæla með því á Facebook™, eða deilt því með tölvupósti Bluetooth eða SMS. Þú getur einnig fengið frekari upplýsingar um flytjanda lagsins eða leitað að tengdu lagaefni á YouTube™.

### Lag keypt með TrackID™ tækni

1. Þegar forritið **TrackID™** er opið skaltu pikka á heiti lagsins.
2. Á upplýsingaskjá lagsins pikkarðu á **Sækja**.
3. Fylgdu leiðbeiningunum í símanum til að ljúka við kaupin.

Innkaupaþjónusta fyrir lög er ekki studd í öllum löndum/svæðum eða af öllum símafyrirtækjum og/eða þjónustuveitum á öllum svæðum.

### Mæla með lagi á Facebook™

1. Þegar forritið **TrackID™** er opið skaltu pikka á heiti lagsins.
2. Á upplýsingaskjá lagsins, bíddu þangað til  flipinn birtist, pikkaðu síðan á þennan flipa.
3. Skráðu þig inn á **Facebook** og mæltu með laginu.

Það getur verið að eiginleikinn sé ekki studdur í öllum löndum/svæðum eða af öllum símafyrirtækjum og/eða þjónustuveitum á öllum svæðum.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Lag deilt með TrackID™ tækni

1. Þegar forritið **TrackID™** er opið skaltu pikka á heiti lagsins.
2. Á upplýsingaskjá lagsins pikkarðu á **Samnýta**.
3. Veldu eina af tiltækum flutningsaðferðum.

! Það getur verið að deilingareiginleiki lagsins sé ekki stutt í öllum löndum/svæðum eða af öllum símafyrirtækjum og/eða þjónustuveitum á öllum svæðum.

## TrackID™ notað til að bera kennsl á lög í FM-útvarpi

Þú getur notað **TrackID™** tækni til að bera kennsl á tónlistarlög þegar þau eru spiluð í FM-útvarp símans og deilt þeim á **Facebook**.

### Til að bera kennsl á lag í FM-útvarpi með TrackID™

1. Tengdu höfuð- eða heyrnartól við símann.
2. Á Heimaskjár pikkarðu á .
3. Til að opna útvarpið finnurðu og pikkar á **FM-útvarp** . Tiltækar rásir birtast þegar þú flettir í gegnum tíðnisviðið.
4. Á meðan lag er spilað í FM-útvarpinu pikkarðu á .
5. Forritið TrackID™ athugar lagið. Ef lagið þekkist færðu niðurstöður eða lista yfir möguleg lög.

! Þessi eiginleiki er ekki studdur í öllum löndum/svæðum eða af öllum netkerfum og/eða þjónustuveitum á öllum svæðum.

### Lagi úr útvarpinu deilt á Facebook™

1. Gakktu úr skugga um að kveikt sé á Facebook-samþættingu.
2. Skráðu þig inn á Facebook™.
3. Opnaðu FM-útvarpið.
4. Þegar lag sem þú vilt deila spilast í FM-útvarpinu skaltu nota forritið TrackID™ til að bera kennsl á lagið.
5. Þegar niðurstöður fyrir lagið birtast pikkarðu á  til að senda upplýsingar um lagið á Facebook™. Þú getur einnig bætt við ummælum í ummælareit Facebook™ ef þú vilt.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Nota FM-útvarpið

FM-útvarp símans virkar eins og hvert annað útvarpstæki. Þú getur til dæmis leitað að og hlustað á FM-útvarpsstöðvar og vistað þær sem uppáhald. Þú þarft að tengja heyrnartól eða handfrjálsan búnað með snúru við símann til að nota útvarpið. Þetta er vegna þess að heyrnartólin virka einnig sem loftnet. Þegar slíkur búnaður hefur verið tengdur er hægt að láta hljóð útvarpsins heyrast í hátalara símans ef vill.

Þegar FM-útvarpið er opnað sjást tiltækar stöðvar sjálfkrafa. Bjóði stöð upp á RDS-upplýsingar sjást þær örfáum sekúndum eftir að þú byrjar að hlusta á stöðina.

### Til að kveikja á FM-útvarpinu

1. Tengdu höfuð- eða heyrnartól við símann.
2. Á Heimaskjár pikkarðu á .
3. Finndu og pikkaðu á **FM-útvarp** . Tiltækar rásir birtast þegar þú flettir í gegnum tíðnisviðið.

Þegar FM-útvarpið er ræst sjást tiltækar stöðvar sjálfkrafa. Bjóði stöð upp á RDS-upplýsingar sjást þær örfáum sekúndum eftir að þú byrjar að hlusta á stöðina.

## FM-útvarpsyfirlit




| | |
|---|---|
| 1 | Stillt tíðni |
| 2 | Vistuð uppáhaldsstöð |
| 3 | Tíðnival |
| 4 | TrackID™ forritið til að bera kennsl á lög ræst |
| 5 | Færir tíðnisviðið niður að næstu uppáhaldsstöð |
| 6 | Færir tíðnisviðið upp að næstu uppáhaldsstöð |
| 7 | Rás vistuð eða fjarlægð úr uppáhaldi |
| 8 | Færir tíðnisviðið upp til að leita að rás |
| 9 | Færir tíðnisviðið niður til að leita að rás |
| 10 | Hnappur til að kveikja og slökkva á útvarpi |

### Flakkað á milli útvarpsstöðva

- Flettu fingrinum til vinstri eða hægri meðfram tíðnisviðinu.
- Dragðu stillingarskífunni til hægri eða vinstri.

## Að nota uppáhalds útvarpsrásirnar

Þú getur vistað útvarpsstöðvar sem þú hlustar mest á á uppáhaldslistann þinn. Með því að nota uppáhalds getur þú fljótt farið í útvarpsstöðina.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Rás sem vistuð sem uppáhald

1. Þegar útvarpið er opið skaltu fara að rás sem þú vilt vista sem uppáhald.
2. Pikkaðu á , veldu síðan .
3. Sláðu inn heiti fyrir rásina, ýttu síðan á **Vista**.

### Rás fjarlægð úr uppáhaldi

1. Þegar útvarpið er opið pikkarðu á .
2. Pikkaðu á  við hlið stöðvarinnar sem þú vilt fjarlægja.
3. Pikkaðu á **Eyða**.

### Flakkað á milli uppáhaldsrása

- Þegar kveikt er á útvarpinu bankarðu á  eða .

Til að fara á milli uppáhaldsrása þarftu fyrst að vista í það minnsta tvær rásir sem uppáhald.

## Ný leit með útvarpsrásum

Hafirðu færst þig á annan stað eða sendistyrkurinn hefur batnað þar sem þú ert geturðu ræst nýja skönnun fyrir útvarpsstöðvar.

Uppáhald sem þú hefur vistað verður ekki fyrir áhrifum að nýrri skönnun.

### Til að hefja nýja leit að útvarpsstöðvum

1. Þegar kveikt er á útvarpinu ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Leita að rásum**. Útvarpið leitar að heilu tíðnibili og allar stöðvar sem eru í boði eru sýndar.

## Hljóði útvarps skipt milli tækja

Hægt er að hlusta á útvarpið með höfuðtólum með snúru eða heyrnartólum með snúru. Þegar slíkur búnaður hefur verið tengdur er hægt að láta hljóð útvarpsins heyrast í hátalara símans ef vill.

### Hljóð útvarps látið spilast um hátalara símans

1. Þegar kveikt er á útvarpinu ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Spila í hátalara**.

Til að spila hljóðið aftur í gegnum höfuð- eða heyrnartól með snúru skaltu ýta á  og pikka á **Spila í heyrnartólum**.

## Skipt á milli einrása og tvírása hljóðstillingu

Þú getur hlustað á FM-útvarp annað hvort í einrása eða tvírása stillingu. Við nokkrar aðstæður getur skipting yfir í einrása stillingu minnkað suðið og bætt hljóðgæðin.

### Skipt á milli einrása og tvírása hljóðstillingu

1. Þegar kveikt er á útvarpinu ýtirðu á .
2. Bankaðu á **Kveikja á víðóma hljómi**.
3. Til að hlusta á útverp í einrása hljóðstillingu aftur ýtirðu á  og pikkar á **Þvinga einóma hljóm**.

## Bera kennsl á lög í útvarpinu með TrackID™

Notaðu **TrackID™** tækni til að bera kennsl á tónlistarlög þegar þau eru spiluð í FM-útvarp símans.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Borið kennsl á lag í FM-útvarpi með því að nota TrackID™

1. Þegar lag er spilað í FM-útvarpi símans, pikkarðu á .
2. Stöðuvísir birtist á meðan TrackID™ forritið tekur sýnishorn af laginu. Ef heppnast, ertu kynnt(ur) útkomu lags, eða lista af mögulegum lögum.
3. Ýttu á  til að fara aftur í FM-útvarpið.

! TrackID™ forritið og TrackID™ þjónustan eru ekki studd í öllum löndum/svæðum eða af öllum símkerfum og/eða þjónustuveitum á öllum svæðum.

## Deila upplýsingum um tónlist sem þér líkar við á Facebook™

Þegar þú hlustar á tónlist með því að nota FM-útvarp, getur þú deilt upplýsingum um lag sem þér líkar við á **Facebook**. Þú þarft að vera **Facebook** notandi og verður að vera skráð(ur) inn á **Facebook**.

### Deila upplýsingum um tónlist sem þér líkar við á Facebook™

1. Þegar FM-útvarpið spilar tónlistarlag sem þú vilt deila, finndu og pikkaðu á .
2. Bættu athugsemd við í athugasemdarreitnum, ef vill.
3. Pikkaðu á **Samnýta** til að senda upplýsingar lagsins á **Facebook**.
4. Pikkaðu á **Hætta við** til að snúa aftur í **FM-útvarp** forritið.
5. Þegar þú hefur póstað lag á **Facebook** reikninginn þinn, birtist staðfestingarskilaboð á FM-útvarpsskjánum.

! mun ekki birtast á FM-útvarpsskjánum ef þú ert ekki skráð(ur) inn á **Facebook**.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Myndir teknar og myndskeið tekið upp

Símayndavélin þín er búin mjög næmum Exmor R™ nema, sem gerir kleift að taka skýrar myndir og myndskeið jafnvel við léleg lýsingarskilyrði. Með myndavél símans getur þú tekið venjulegar tvívíddarmyndir eða tekið þrívíddarmyndir í 3D Sweep Panorama stillingu og Sweep Multi Angle stillingu. Sendu vinum þínum myndir og myndskeið sem margmiðlunarskilaboð eða sendu þau inn á vefþjónustu.

## Yfirlit yfir myndavélarstýringar




| | |
|---|---|
| 1 | Myndavélartakki – Kveikja á myndavél/taka myndir/taka upp myndskeið |
| 2 | Skipta á milli myndavélar og myndupptöku |
| 3 | Birta allar stillingar |
| 4 | Taka myndir eða taka upp myndskeið |
| 5 | Fara aftur um eitt skref eða loka myndavélinni |
| 6 | Skoða myndir og myndskeið |
| 7 | Tákn fyrir myndavélastillingu |
| 8 | Auka eða minnka aðdrátt |
| 9 | Aðalskjár myndavélar |

### Til að kveikja á myndavélinni

- Ýttu á myndavélartakkann og haltu honum inni.

### Myndavélinni lokað

- Ýttu á ↩ frá aðalskjá myndavélarinnar.

## Að nota myndavélina

Þrjár leiðir eru til að taka ljósmyndir með myndavélinni. Þú getur ýtt á afsmellarann, pikkað á myndavélarhnappinn á skjánum eða snert reit á skjánum.

### Mynd tekin með því að snerta á skjáinn

1. Kveiktu á myndavélinni.
2. Ef myndavélin er ekki valin skaltu draga ● að 📷.
3. Ýttu á ☰ til að birta allar stillingar.
4. Pikkaðu á **Tökuaðferð** og veldu **Snertimyndataka** ef það er ekki valið nú þegar.
5. Beittu myndavélinni að viðfangsefninu.
6. Haltu punktinum á inni skjánum til að virkja sjálfvirka fókusinn. Þegar fókusramminn verður grænn, lyftir þú fingrinum til að taka mynd.

! Gættu þess að snerta ekki 🎞, 📷 eða önnur tákn þegar skjáinn er snertur til að taka mynd.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Mynd tekin með því að pikka á skjáhnappinn

1. Kveiktu á myndavélinni.
2. Ef myndavélin er ekki valin skaltu draga að .
3. Ýttu á til að birta allar stillingar.
4. Pikkaðu á **Tökuaðferð** og veldu **Skjáhnappur** ef það er ekki valið nú þegar.
5. Beittu myndavélinni að viðfangsefninu.
6. Pikkaðu á skjáhnappinn . Myndin er tekin um leið og þú tekur fingurinn af.

### Aðdráttur notaður

- Þegar myndavélin er opin skaltu ýta hljóðstyrkstakkanum upp eða niður til að auka og minnka aðdrátt.

### Myndavélarflassið notað

1. Þegar myndavélin er opin ýtirðu á .
2. Pikkaðu á **Flass** og veldu viðeigandi flassstillingu.
3. Taktu myndina.

### Myndir og myndskeið skoðuð

1. Opnaðu myndavélina, pikkaðu síðan á smámynd neðst á skjánum til að opna mynd eða myndskeið.
2. Flettu til vinstri eða hægri til að skoða myndir eða myndskeið. Myndskeið eru merkt með .

Í skrefi 1, getur þú einnig flett smámyndum frá hægri til vinstri og þá valið eina sem þú vilt skoða.

### Mynd eytt

1. Opnaðu myndina sem þú vilt eyða.
2. Ýttu á og pikkaðu svo á .

Ef þú vilt eyða mynd eða myndskeiði sem nýlega var tekið geturðu einnig flett á smámyndinni hægra megin við myndgluggann og ýtt svo og haldið inni á því atriði sem þú vilt eyða.

## Andlitsgreining

Þú getur notað andlitsgreiningu til að færa andlit í útjaðrinum í fókus. Myndavélin nemur sjálfkrafa allt að fimm andlit, sem eru látinn í ljós af hvítum ramma. Gulur rammi sýnir andlit sem hefur verið valið fyrir fókus. Fókus er stilltur á það andlit sem er næst myndavélinni. Einnig er hægt að banka á einn ramma til að velja hvaða andlit ætti að vera í fókus.

### Kveikt á andlitskennslum

1. Kveiktu á myndavélinni.
2. Ef myndavélin er ekki valin skaltu draga að .
3. Pikkaðu á táknið efst til vinstri, veldu síðan **Venjulegt**.
4. Ýttu á til að birta allar stillingar.
5. Pikkaðu á **Fókusstilling** > **Andlitsgreining**.

### Myndataka með andlitsgreiningu

1. Þegar kveikt er á myndavélinni og stillt á **Andlitsgreining** skaltu beina myndavélinni að myndefninu. Hægt er að greina allt að fimm andlit og rammi birist um hvert þeirra.
2. Pikkaðu á rammann sem á að stilla fókusinn á. Ekki pikka ef þú vilt að myndavélin stilli fókusinn sjálfkrafa.
3. Ýttu myndavélartakkanum hálfa leið niður. Grænn rammi sýnir hvaða andlit er í fókus.
4. Ýttu myndavélartakkanum alla leið niður til að taka myndina.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Brosgreining

Brosgreining leyfir þér að ná andliti þegar það brosir. Myndavélin greinir allt að fimm andlit og velur eitt andlit til að ná brosi og stillir sjálfvirkan fókus. Grænn rammi kemur í ljós þegar andlit er valið. Þegar brosandi andlit eru valin tekur myndavélin sjálfkrafa mynd.

#### Til að kveikja á brosstillingu

1. Kveiktu á myndavélinni.
2. Ef myndavélin er ekki valin skaltu draga ● að 📷.
3. Ýttu á ☰ til að birta allar stillingar.
4. Pikkaðu á **Brosgreining** og veldu brosstig.

#### Til að taka mynd með brosstillingu

1. Þegar kveikt er á myndavélinni og kveikt á **Brosgreining** skaltu beina myndavélinni að myndefninu. Hvert greint andlit er rammað inn í myndglugganum (ekki fleiri en fimm andlit).
2. Myndavélin velur hvaða andlit á að stilla fókus á.
3. Andlitið sem valið er birtist inni í grænum ramma og myndin er tekin sjálfkrafa.
4. Ef ekkert bros greinist skaltu ýta á afsmellarann til að taka mynd handvirkt.

### Upplýsingum um staðsetningu bætt við myndir

Kveiktu á landmerkingu til að bæta grófri staðsetningu (landmerki) við myndir þegar þú tekur þær. Landfræðileg staðsetning er ákvörðuð annað hvort eftir þráðlausu kerfi (farsíma eða Wi-Fi®) eða með GPS-tækni.

Þegar 🛰 birtist á skjá myndavélarinnar er kveikt á landmerkingu en staðsetning hefur ekki fundist. Þegar 📍 birtist er kveikt á landmerkingu og staðsetning er þekkt, þannig að hægt er að landmerkja myndina. Slökkt er á landmerkingu ef hvorugt táknið sést.

#### Kveikt á landmerkingu

1. Kveiktu á myndavélinni.
2. Ef myndavélin er ekki valin skaltu draga ● að 📷.
3. Ýttu á ☰ og pikkaðu svo á **Hnitamerking** > **Kveikt**.
4. Pikkaðu á **Í lagi** til að samþykkja að gera GPS og/eða þráðlaus net virk.
5. Merktu valkostinn sem þú vilt velja í **Staðsetning mín**.
6. Þegar þú hefur staðfest stillingarnar skaltu ýta á ↩ til að snúa aftur á myndavélarskjáinn.
7. Ef 📍 birtist í myndavélarglugganum er staðsetning þín fundin og hægt er að landmerkja myndina. Ef ekki, farðu yfir GPS og/eða þráðlausa nettengingu.

### Notkun myndavélastillinga hreyfimynda

#### Til að stilla myndavélastillingar

1. Kveiktu á myndavélinni.
2. Ef myndavélin er ekki valin skaltu draga ● að 📷.
3. Pikkaðu á eitt af stillingartáknunum á vinstrihlið skjásins.
4. Ýttu á ☰ til að birta allar stillingar.
5. Veldu stillinguna sem þú vilt breyta, breyttu henni síðan eftir vild.

#### Sérstilling stillingaskjás myndavélar

1. Þegar myndavélin hefur verið opnuð ýtirðu á ☰ til að birta allar stillingar.
2. Styddu á stillinguna sem á að færa og dragðu hana á sinn stað.

💡 Ef þú dregur stillinguna út fyrir stillingaskjáinn er hætt við breytinguna.

### Yfirlit yfir stillingar myndavélar

▢ **Venjulegt**



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

**3D-víðmynd**
Með 3D Sweep Panorama geturðu tekið gleiðhyrndar víðmyndir af hvaða umhverfi sem er í þrívídd. Ýttu bara á afsmellarann og færðu myndavélina frá einni hlið til annarrar með stöðugri hreyfingu.

**Margfalt sjónarhorn**
Í Sweep Multi Angle stillingu tekur myndavélin nokkrar myndir frá ólíkum sjónarhornum á meðan þú færir þig yfir myndefnið. Myndirnar eru vistaðar saman í MPO-skrá (Multiple Picture Object).

**Víðmynd**
Notaðu þessa stillingu til að taka gleiðhyrndar víðmyndir. Ýttu bara á afsmellarann og færðu myndavélina frá einni hlið til annarrar með stöðugri hreyfingu.

## Fókusstilling

Fókuseiginleikinn stjórnar því hvaða hluti myndarinnar á að vera skarpur. Þegar kveikt er á samfelldum sjálfvirkum fókus stillir myndavélin stöðugt fókus þannig að svæðið innan hvíta fókusrammans helst skarpt.

**Stakur sjálfv. fókus**
Myndavélin stillir sjálfkrafa fókus á valið myndefni. Kveikt á samfelldum sjálfvirkum fókus. Styddu á myndavélarskjáinn, hvíti fókusramminn verður grænn þegar fókusinn er stilltur. Myndin er tekin þegar þú tekur fingurinn af.

**Margfaldur sjálfv. fókus**
Fókus er sjálfkrafa stilltur á nokkur svæði á myndinni. Styddu á myndavélarskjáinn, hvíti fókusramminn verður grænn þegar fókusinn er stilltur. Myndin er tekin þegar þú tekur fingurinn af. Slökkt á samfelldum sjálfvirkum fókus.

**Andlitsgreining**
Myndavélin nemur sjálfkrafa allt að fimm mannsandlit og birtist rammi utan um þau á myndavélarskjánum. Myndavélin stillir sjálfkrafa fókus á andlitið sem er næst. Einnig er hægt að velja hvaða andlit á að stilla fókus á með því að pikka á það á skjánum. Styddu á myndavélarskjáinn, hvíti fókusramminn verður grænn þegar fókusinn er stilltur. Myndin er tekin þegar þú tekur fingurinn af. Ekki er hægt að nota andlitsgreiningu í öllum umhverfisstillingum. Kveikt á samfelldum sjálfvirkum fókus.

**Óendanleg**
Notað þegar myndir eru teknar úr fjarlægð. Fókus er stilltur á myndefni sem er langt í burtu. Myndefni sem er nálægt myndavélinni gæti orðið óskýrt. Slökkt á samfelldum sjálfvirkum fókus.

**Snertifókus**
Snertu svæði á myndavélarskjánum til að stilla fókus á það. Slökkt á samfelldum sjálfvirkum fókus. Styddu á myndavélarskjáinn, hvíti fókusramminn verður grænn þegar fókusinn er stilltur. Myndin er tekin þegar þú tekur fingurinn af.

! Þessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni **Venjulegt** .

## Ljósgildi

Veldu birtustig myndarinnar sem á að taka. Hærra gildi gefur til kynna hærra birtustig.

! Þessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni **Venjulegt** .

## Mæling

Þessi eiginleiki ákvarðar sjálfkrafa rétta lýsingu með því að mæla magn ljóssins í mynd sem á að taka.

**Miðjun**
Stillir lýsingu á miðju myndarinnar.

**Meðaltal**
Reiknar út lýsingu samkvæmt magni ljóssins á allri myndinni.

**Punktur**
Stillir lýsingu á mjög litlum hluta myndarinnar sem á að taka.

! Þessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni **Venjulegt** .

## Hvítjöfnun

Hvítjöfnunarstillingin stillir litajafnvægið í samræmi við birtuskilyrði.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

**Sjálfvirk**
Stillir litajafnvægið sjálfkrafa að birtuskilyrðum.

**Ljósapera**
Stillir litajafnvægi fyrir hlýja birtu, eins og í lýsingu frá ljósaperum.

**Flúrljós**
Stillir litajafnvægið að flúrlýsingu.

**Dagsbirta**
Stillir litajafnvægið fyrir sólskin utandyra.

**Skýjað**
Stillir litajafnvægið að skýjuðu veðri.

! Þessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni **Venjulegt** .

## Umhverfi

Notaðu umhverfiseiginleikann til að stilla myndavélina á fljótlegan hátt fyrir algengar aðstæður með forstilltum umhverfisstillingum. Myndavélin velur stillingar sem passa við valið umhverfi, til að tryggja bestu mögulegu myndina.

**Slökkt**
Slökkt er á umhverfiseiginleika og hægt er að taka myndir handvirkt.

**Andlitsmynd**
Notað fyrir andlitsmyndir. Stillingar eru fínstilltar til að húðlitur verði mýkri.

**Landslag**
Notað fyrir landslagsmyndir. Myndavélin stillir fókus á fjarlæga hluti. Þegar **Landslag** er valið er fókusstillingu breytt í **Óendanleg**.

**Næturmynd**
Notað þegar myndir eru teknar að nóttu til eða þegar lýsing er léleg (án flass). Vegna langs lýsingartíma verður að halda myndavélinni kyrri eða á stöðugu yfirborði. Þegar **Næturmynd** er valið er fókusstillingu breytt í **Óendanleg**.

**Andlitsmynd að nóttu**
Notað fyrir andlitsmyndir að nóttu til eða þegar lýsing er léleg (með eða án flass). Vegna langs lýsingartíma verður að halda myndavélinni kyrri eða á stöðugu yfirborði.

**Strönd og snjór**
Notað í björtu umhverfi til að forðast undirlýstar myndir.

**Íþróttir**
Notað við töku af myndefni á mikilli hreyfingu. Stuttur lýsingartími dregur úr óskýrleika vegna hreyfingar.

**Partí**
Notað við töku af myndefni í illa lýstu umhverfi innandyra. Þetta umhverfi nemur bakgrunnsljós eða kertaljós innandyra. Vegna langs lýsingartíma verður að halda myndavélinni kyrri eða á stöðugu yfirborði.

**Skjal**
Notað fyrir myndir af texta eða teikningum. Gefur myndinni aukin og skarpari birtuskil.

! Þessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni **Venjulegt** .

## ISO

Þú getur dregið óskýrleika sem stafar af slæmum lýsingarskilyrðum og hreyfingu á myndefni með því að auka ISO-næmi.

**Sjálfvirkt**
Stillir ISO-næmi sjálfkrafa.

**100**
Stillir ISO-næmi í 100.

**200**
Stillir ISO-næmi í 200.

**400**
Stillir ISO-næmi í 400.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

**800**
Stillir ISO-næmi í 800.

Þessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni **Venjulegt** .

## Flass

Notaðu flassið til að taka myndir þegar lýsing er léleg eða myndefni er baklýst

**Sjálfvirkt**
Myndavélin velur sjálfkrafa hvort lýsingaraðstæður kalla á notkun flass.

**Fylliflass**
Notaðu þessa stillingu þegar bakgrunnurinn er bjartari en myndefnið. Þannig er komið í veg fyrir óæskilega dökka skugga.

**Slökkt**
Slökkt er á flassinu. Stundum geta myndgæði verið betri án flass, jafnvel þótt birtuskilyrði séu léleg. Stöðug hönd er forsenda töku góðra mynda án flass. Notaðu tímastillingu til að forðast að myndir verði óskýrar.

**Laga rauð augu**
Dregur úr rauðum lit í augum þegar tekin er mynd.

## Upplausn

Veldu á milli mismunandi myndastærða og hlutfalla áður en þú tekur mynd. Mynd í meiri upplausn þarf meira minni.

**5MP 4:3**
5 megapixla mynd í hlutföllunum 4:3. Hentar fyrir myndir sem á að skoða á venjulegum skjá eða prenta í mikilli upplausn.

**3MP 16:9**
3 megapixla mynd í hlutföllunum 16:9. Snið fyrir víðskjá í mikilli upplausn. Upplausnin er meiri en í HD-staðlinum. Hentar fyrir myndir sem á að skoða á víðskjá.

**2MP 4:3**
2 megapixla mynd í hlutföllunum 4:3. Hentar fyrir myndir sem á að skoða á venjulegum skjá.

**2MP 16:9**
2 megapixla mynd í hlutföllunum 16:9. Hentar fyrir myndir sem á að skoða á víðskjá.

## Tímastilling

Með tímastillingunni er hægt að taka mynd án þess að halda á símanum. Notaðu þennan eiginleika til að taka sjálfsmyndir eða hópmyndir þar sem allir geta verið á myndinni. Einnig er hægt að nota tímastillinguna til að forðast að myndavélin hristist við myndatöku

**Kveikt (10 sek.)**
Veldu 10 sekúndna bið frá því að pikkað er á myndavélarskjáinn þar til að myndin er tekin.

**Kveikt (2 sek.)**
Veldu 2 sekúndna bið frá því að pikkað er á myndavélarskjáinn þar til að myndin er tekin.

**Slökkt**
Mynd er tekin um leið og þú pikkar á myndavélarskjáinn.

## Brosgreining

Notaðu brosstillingu til að ákveða hvernig brosi myndavélin bregst við áður en mynd er tekin.

**Breitt bros**
Tekur aðeins mynd þegar breitt bros greinist.

**Venjulegt bros**
Tekur mynd þegar venjulegt bros greinist.

**Glott**
Tekur eingöngu mynd þegar glott greinist.

**Slökkt**
Slökkt er á brosstillingu.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

| Hnitamerking |
| --- |

Merktu myndir með upplýsingum um hvar þær voru teknar

**Kveikt**
Þegar kveikt er á landmerkingu er námunduð landfræðileg staðsetning vistuð með myndum þegar þú tekur þær. Til að nota landmerki þarftu að gera staðsetningareiginleika virka í valmyndinni **Stillingar**.
Sjá *Staðsetningarþjónustur notaðar til að finna stöðuna þína* á bls. 122.

Til að hægt sé að vista landmerki með mynd þarf að ákveða staðsetningu áður en mynd er tekin. Staðsetning er greind þegar birtist á myndavélarskjánum. Á meðan síminn ákvarðar staðsetningu sést .

**Slökkt**
Þegar slökkt er á landmerkingu er ekki hægt sjá staðsetningu myndatöku

| Lokarahljóð |
| --- |

Veldu hvort hljóð heyrist eða ekki þegar mynd er tekin.

| Tökuaðferð |
| --- |

Veldu hvernig þú vilt taka myndir.

**Skjáhnappur**
Taktu mynd með því að pikka á skjáhnappinn á myndavélarskjánum. Myndin er tekin um leið og þú tekur fingurinn af.

**Snertimyndataka**
Veldu fókussvæði með því að snerta myndavélarskjáinn með fingrinum. Myndin er tekin um leið og þú tekur fingurinn af. Þetta á aðeins við þegar snertifókus er valinn.

**Aðeins myndavélarhn.**
Taktu mynd með því að nota aðeins afsmellarann. Myndin er tekin um leið og þú tekur fingurinn af.

| Flýtiræsing |
| --- |

Flýtiræsingarstillingar gera þér að virkja myndavélina úr svefnstillingu með því að ýta og halda niðri afsmellaranum.

**Ræsa og taka mynd**
Með því að ýta og halda niðri afsmellaranum er fyrsta myndin tekin um leið og myndavélin er ræst úr svefnstillingu.

**Einungis ræsa**
Með því að ýta og halda niðri afsmellaranum er myndavélin ræst úr svefnstillingu.

**Slökkt**
Þegar síminn er í svefnstillingu er ekki hægt að ræsa myndavélina, jafnvel þótt þú ýtir og haldir niðri afsmellaranum.

## Ábendingar um notkun myndavélarinnar

### Þriðjungsreglan
Ekki hafa myndefnið í miðjum rammanum. Niðurstaðan er betri ef þú stillir því upp þriðjung inn á rammanum.

### Haltu henni stöðugri
Haltu myndavélinni stöðugri til að forðast óskýrar myndir. Reyndu að styðja hendinni við stöðugt yfirborð til að halda henni stöðugri.

### Færðu þig nær
Ef þú færir þig eins nálægt myndefninu og hægt er geturðu látið það fylla út í myndavélarskjáinn.

### Hugaðu að fjölbreytni
Hugaðu að mismunandi sjónarhornum og færðu þig nær myndefninu. Taktu lóðréttar myndir. Prófaðu mismunandi stöður.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

**Notaðu látlausan bakgrunn**
Látlaus bakgrunnur dregur myndefnið fram.

**Haltu linsunni hreinni**
Farsímar eru notaðir í alls konar veðri og á alls konar stöðum og bornir um í vösum og töskum. Þetta veldur því að myndavélarlinsan verður skítug og þakin fingraförum. Notaðu mjúkan klút til að þrífa linsuna.

## Að nota myndupptökuna

### Myndskeið tekið upp með myndavélartakkanum

1. Kveiktu á myndavélinni.
2. Ef myndupptökuvélin er ekki valin skaltu draga ● að 🎞.
3. Ýttu á myndavélartakkann til að hefja myndupptöku.
4. Ýttu aftur á myndavélartakkann til að stöðva upptökuna.

Taktu upp myndskeiðið þitt í láréttri stöðu til að fá bestu útkomuna.

### Myndskeið tekið upp með því að pikka á skjáinn

1. Kveiktu á myndavélinni.
2. Ef myndupptökuvélin er ekki valin skaltu draga ● að 🎞.
3. Ýttu á ☰ til að birta allar stillingar.
4. Pikkaðu á **Tökuaðferð** > **Snertimyndataka** ef það er ekki valið nú þegar.
5. Pikkaðu á myndavélarskjáinn til að hefja myndupptöku.
6. Pikkaðu á myndavélaskjáinn til að stöðva upptökuna.

Taktu upp myndskeiðið þitt í láréttri stöðu til að fá bestu útkomuna.

### Myndskeið tekið upp með því að pikka á skjáhnappinn

1. Kveiktu á myndavélinni.
2. Ef myndupptökuvélin er ekki valin skaltu draga ● að 🎞.
3. Ýttu á ☰ til að birta allar stillingar.
4. Pikkaðu á **Tökuaðferð**, veldu síðan **Skjáhnappur** ef það er ekki valið nú þegar.
5. Beittu myndavélinni að viðfangsefninu.
6. Pikkaðu á ● til að hefja upptöku.
7. Pikkaðu á ■ til að hætta upptöku.

Taktu upp myndskeiðið þitt í láréttri stöðu til að fá bestu útkomuna.

### Spilun upptekinna myndskeiða

1. Kveiktu á myndavélinni.
2. Ef myndupptökuvélin er ekki valin skaltu draga ● að 🎞.
3. Pikkaðu á smámyndir neðst á skjánum.
4. Flettu til vinstri eða til hægri til að fletta í gegnum allar skrárnar með myndum og myndskeiði. Myndskeið eru merkt með ▶.
5. Pikkaðu á ▶ til að spila myndskeiðið.
6. Pikkaðu á myndavélaskjáinn til að stöðva spilun myndskeiðsins.

Þú getur einnig flett smámyndunum frá hægri til vinstri og valið eina sem þú vilt skoða.

### Uppteknu myndskeiði eytt

1. Flettu að því myndskeiði sem þú vilt eyða.
2. Ýttu á ☰ og pikkaðu svo á 🗑.

Ef þú vilt eyða mynd eða myndskeiði sem nýlega var tekið geturðu einnig flett á smámyndinni hægra megin við myndgluggann og ýtt svo og haldið inni á því atriði sem þú vilt eyða.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

## Notkun stillinga myndupptökuvélar

### Til að stilla stillingar upptökuvélarinnar

1. Kveiktu á myndavélinni.
2. Ef myndupptökuvélin er ekki valin skaltu draga ● að 🎞.
3. Pikkaðu á eitt af stillingartáknunum á vinstrihlið skjásins.
4. Ýttu á ☰ til að birta allar stillingar.
5. Veldu stillinguna sem þú vilt breyta, breyttu henni síðan.

### Sérstilling stillingaskjás upptökuvélar

1. Þegar upptökuvélin hefur verið opnuð ýtirðu á ☰ til að birta allar stillingar.
2. Styddu á stillinguna sem á að færa og dragðu hana á sinn stað.

Ef þú dregur stillinguna út fyrir stillingaskjáinn er hætt við breytinguna.

## Yfirlit yfir stillingar myndupptökuvélar

### Umhverfi

Umhverfiseiginleikinn gerir þér kleift að setja upp myndavélina á fljótlegan hátt fyrir algengar aðstæður með því að nota forstilltar umhverfisstillingar. Myndavélin ákvarðar ýmsar stillingar sem passa við valið umhverfi og tryggja myndgæði hreyfimyndarinnar.

**Slökkt**
Slökkt er á umhverfiseiginleika og hægt er að taka myndskeið handvirkt.

**Andlitsmynd**
Notað fyrir andlitsmyndskeið. Stillingar eru fínstilltar til að húðlitur verði mýkri.

**Landslag**
Notað fyrir landlagsmyndskeið. Myndavélin stillir fókus á fjarlæga hluti. Þegar **Landslag** er valið er fókusstillingu breytt í **Stakur sjálfv. fókus**.

**Nótt**
Þegar næturstillingin er virk er ljósnæmi aukið. Notað í illa lýstu umhverfi. Myndskeið af hlutum á mikilli hreyfingu gætu orðið óskýr. Haltu hendinni stöðugri eða notaðu stuðning. Slökktu á næturstillingunni þegar birtuskilyrði eru góð til að bæta myndgæðin.

**Strönd og snjór**
Notað við bjartar aðstæður til að koma í veg fyrir undirlýstar hreyfimyndir.

**Íþróttir**
Notað fyrir myndskeið af hlutum á mikilli hreyfingu. Stuttur lýsingartími dregur úr óskýrleika vegna hreyfingar.

**Partí**
Notað við upptöku myndskeiða innandyra í illa lýstu umhverfi. Þetta umhverfi nemur bakgrunnsljós eða kertaljós innandyra. Myndskeið af hlutum á mikilli hreyfingu gætu orðið óskýr. Haltu hendinni stöðugri eða notaðu stuðning.

### Myndavélarljós

Notaðu ljósið til að taka upp myndskeið þegar lýsing er léleg eða þegar baklýsing er til staðar.

**Kveikt**

**Slökkt**
Stundum geta myndgæðin verið betri án ljóssins, jafnvel þótt lýsingin sé léleg.

### Mæling

Þessi eiginleiki ákvarðar sjálfkrafa rétta lýsingu með því að mæla magn ljóssins í mynd sem á að taka.

**Miðjun**
Stillir lýsingu á miðju myndarinnar.

**Meðaltal**
Reiknar út lýsingu samkvæmt magni ljóssins á allri myndinni.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

**Punktur**
Stillir lýsingu á mjög litlum hluta myndarinnar sem á að taka.

Þessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni **Venjulegt** .

## Tökuaðferð

Veldu hvernig þú vilt taka upp myndskeið.

**Skjáhnappur**
Taktu upp myndskeið með því að nota skjáhnappinn á myndavélarskjánum.

**Snertimyndataka**
Veldu fókussvæði með því að snerta myndavélarskjáinn með fingrinum.

**Aðeins myndavélarhn.**
Taktu upp myndskeið með því að nota aðeins afsmellarann.

## Fókusstilling

Fókusstillingar stýra því hvaða hluti myndskeiðsins er skarpur. Þegar kveikt er á samfelldum sjálfvirkum fókus stillir myndavélin stöðugt fókus til að svæðið innan hvíta fókusrammans haldi skerpu sinni.

**Stakur sjálfv. fókus**
Myndavélin stillir sjálfkrafa fókus á valið myndefni. Kveikt á samfelldum sjálfvirkum fókus.

**Andlitsgreining**
Myndavélin nemur sjálfkrafa allt að fimm mannsandlit og birtist rammi utan um þau í myndglugganum. Myndavélin stillir sjálfkrafa fókus á andlitið sem er næst. Einnig er hægt að velja hvaða andlit á að stilla fókus á með því að pikka á það á skjánum. Þegar þú pikkar á myndavélarskjáinn sýnir grænn rammi hvaða andlit er valið og í fókus. Ekki er hægt að nota andlitsgreiningu í öllum umhverfisstillingum. Kveikt á samfelldum sjálfvirkum fókus.

**Óendanleg**
Notað þegar myndskeið eru tekin úr fjarlægð. Fókus er stilltur á myndefni sem er langt í burtu. Myndefni sem er nálægt myndavélinni gæti orðið óskýrt.

## Upplausn

Stærð myndskeiðs stillt fyrir mismunandi snið

**HD 720p**
HD (háskerpu) snið með 16:9 myndhlutfalli. 1280×720 pixlar.

**Full WVGA**
Vítt VGA snið með 16:9 myndhlutfalli. 864×480 pixlar.

**VGA**
VGA snið með 4:3 myndhlutfalli. 640x480 pixlar.

**QVGA**
Fjórðungs VGA snið með 4:3 myndhlutfalli. 320x240 pixlar.

**Margmiðlunarskilaboð**
Taktu upp myndskeið sem henta til að senda í margmiðlunarskilaboðum. Upptökutími þessa myndsniðs er takmarkaður til að það passi í margmiðlunarskilaboð.

## Tímastilling

Með tímastillinum er hægt að taka upp myndskeið án þess að halda á símanum. Notað til að taka upp myndskeið af hóp þar sem allir geta verið á myndskeiðinu. Þú getur einnig notað tímastilli til að koma í veg fyrir að myndavélin hristist við upptöku myndskeiða.

**Kveikt (10 sek.)**
Stilltu á 10 sekúndna töf frá því að pikkað er á myndavélarskjáinn þar til að myndskeið er tekið upp.

**Kveikt (2 sek.)**
Stilltu á 2 sekúndna töf frá því að pikkað er á myndavélarskjáinn þar til að myndskeið er tekið upp.

**Slökkt**
Myndupptakan hefst um leið og þú pikkar á myndavélarskjáinn.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

## Ljósgildi

Þessi stilling gerir þér kleift að ákveða magn ljóss á myndinni sem á að taka. Hærra gildi gefur til kynna hærra birtustig.

## Hvítjöfnun

Hvítjöfnunarstillingin stillir litajafnvægið í samræmi við birtuskilyrði.

**Sjálfvirk**
Stillir litajafnvægið sjálfkrafa að birtuskilyrðum.

**Ljósapera**
Stillir litajafnvægi fyrir hlýja birtu, eins og í lýsingu frá ljósaperum.

**Flúrljós**
Stillir litajafnvægið að flúrlýsingu.

**Dagsbirta**
Stillir litajafnvægið fyrir sólskin utandyra.

**Skýjað**
Stillir litajafnvægið að skýjuðu veðri.

## Hristivörn

Erfitt getur verið að halda símanum stöðugum þegar myndskeið er tekið upp. Hristivörnin dregur úr áhrifum vegna smávægilegra hreyfinga handarinnar.

**Kveikt**
Þú getur tekið myndskeið upp með kveikt á hristivörninni.

**Slökkt**
Þú getur tekið myndskeið upp með slökkt á hristivörninni.

## Hljóðnemi

Veldu hvort taka á upp hljóð þegar myndskeið eru tekin upp.

**Kveikt**

**Slökkt**

## Lokarahljóð

Veldu að kveikja eða slökkva á afsmellarahljóðinu þegar þú tekur upp myndskeið.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Þrívíddarmyndavél

Með þrívíddarmyndavélinni geturðu tekið gleiðhyrndar víðmyndir sem fanga meira af umhverfinu og gæða viðfangsefnið meiri dýpt. Þú getur spilað 3D Sweep Panorama myndir í sjónvarpi með þrívíddarstuðningi. Í Sweep Multi Angle stillingu tekur myndavélin nokkrar myndir frá ólíkum sjónarhornum á meðan þú færir þig myndefnið. Myndirnar eru vistaðar saman í MPO-skrá (Multiple Picture Object). Þegar myndavélinni er hallað á meðan afspilun stendur nemur skynjari hennar hreyfingu og birtir myndina í þrívíddarlíki á skjánum.

### Til að kveikja á 3D myndavélinni

- Pikkaðu á  á heimaskjánum og finndu og pikkaðu á .

## Yfirlit yfir 3D myndavél




| | |
|---|---|
| 1 | Skipta á milli myndavélar og myndupptöku |
| 2 | Taka myndir eða taka upp myndskeið |
| 3 | Stefnuör – hjálpar þér að skima myndavélina |
| 4 | Skoða myndir og myndskeið |
| 5 | Stillingarstika |

### Mynd tekin í 3D Sweep Panorama stillingu

1. Kveiktu á þrívíddarmyndavélinni.
2. Pikkaðu á táknið upp í vinstra horni skjásins og veldu svo **3D-víðmynd** ef það er ekki þegar valið.
3. Ýttu afsmellaranum hálfa leið niður til að læsa fókusnum.
4. Ýttu afsmellaranum alveg niður og færðu myndavélina svo frá vinstri til hægri með stöðugri, láréttri hreyfingu.

## Ábendingar fyrir að taka 3D Sweep víðmyndir

Athugaðu þessi takmörk þegar 3D myndir eru teknar:

- 3D taka er ekki viðeigandi: þegar myndefnið er of stórt eða stendur ekki í stað; þegar aðal myndefnið er of nálægt myndavélinni; og þegar myndefnið býður upp á lítinn samanburð, eins og myndir af skýjum, sandi á strönd eða grasflötum.
- 3D myndir innihalda nokkrar JPEG myndir og tengdar MPO skrár. Ef þú eyðir MPO skrá í myndavélinni (þegar hún er tengd við tölvu), getur þú ekki lengur skoðað tengda JPEG mynd.
- Ef þú getur ekki hliðrað myndavélinni yfir allt myndefnið innan gefins tökutíma, kemur grátt svæði upp í samsettri mynd. Ef þetta gerist, færðu myndavélina hraðar til að taka upp fulla 3D mynd.
- Undir lélegum birtuskilyrðum, geta myndir verið óskýrar. Til að fá bestu útkomuna, eru myndir teknar í bjartri birtu utandyra.
- Undir birtu sem blikkar, eins og flúorljós, getur verið að 3D myndir mistakist.
- Þegar þú ýtir myndavélartakkanum hálfa leið niður, stillirðu sjálfvirka fókuslásinn og sjálfvirkur lokhraði læsist. Ef birta, fókus og aðrar aðstæður breytast talsvert milli þann tíma sem þú stillir þessa tvær læsingar og tímans sem þú ýtir myndavélartakkanum alla leið niður til að taka mynd, getur verið að myndatakan misheppnist.
- Myndavélin getur hætt við 3D upptöku við eftirfarandi aðstæður: þú hliðrar myndavélinni of hratt; þú hristir myndavélina of mikið; þú hliðrar myndavélinni í mótstæða átt.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Mynd tekin í Sweep Multi Angle stillingu

1. Kveiktu á þrívíddarmyndavélinni.
2. Pikkaðu á táknið upp í vinstra horni skjásins og veldu svo **Margfalt sjónarhorn**.
3. Ýttu afsmellaranum hálfa leið niður til að læsa fókusnum.
4. Ýttu afsmellaranum alveg niður og færðu myndavélina svo frá vinstri til hægri með stöðugri, láréttri hreyfingu.

### Mynd tekin í Sweep Panorama stillingu

1. Kveiktu á þrívíddarmyndavélinni.
2. Pikkaðu á táknið upp í vinstra horni skjásins og veldu svo **Víðmynd**.
3. Pikkaðu á og veldu áttina sem á að hreyfa í.
4. Ýttu afsmellaranum hálfa leið niður til að læsa fókusnum og lýsingunni.
5. Ýttu afsmellaranum alveg niður og færðu myndavélina með stöðugri hreyfinu í áttina sem örin sýnir.

## Ábendingar fyrir að taka Sweep víðmyndir (2D)

Athugaðu að þessar takmarkanir þegar þú tekur Sweep víðmyndir:

- Ef þú getur ekki hliðrað símann yfir öll umræðuefni innan gefins tíma, kemur grátt svæði upp í samsettri mynd. Ef þetta gerist, færðu myndavélina hraðar til að taka upp fulla víðmynd.
- Þar sem nokkrar myndir eru festar saman, tekst festingin ekki alltaf greiðlega upp.
- Undir litlum birtuskilyrðum, geta víðmyndir verið óskýrar eða léleg gæði.
- Undir birtu sem blikkar, eins og flúorljós eða litum af samsettum myndum geta ekki verið samkvæmar.
- Sweep víðmyndastilling passa ekki alltaf við eftirfarandi aðstæður: þegar myndefni eru á hreyfingu eða eru of nálægt myndavélinni; þegar takmark mynda býður upp á lítinn samanburð, eins og myndir af skýjum, sandi á strönd, eða grasflötum; og þegar myndir breytast stöðugt, eins og öldur eða fossar.
- Myndavélin getur hætt við upptöku við eftirfarandi aðstæður: þú hliðrar myndavélinni of hratt; þú hristir myndavélina of mikið; þú hliðrar myndavélinni í mótstæða átt.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Myndir og myndskeið skoðuð í Galleríi

Notaðu Gallerí til skoða myndir og spila myndskeið sem þú tókst með myndavél símans eða til að skoða svipað efni sem þú hefur hlaðið niður eða afritað á minniskortið. Í Galleríi er einnig hægt að skoða myndir og myndskeið sem þú hefur hlaðið upp á netinu. Í Galleríi er einnig hægt að skoða myndir og myndskeið sem þú hefur hlaðið upp á vefþjónustur, til dæmis í vefmyndaalbúmi á Picasa™ eða Facebook™.
Þú getur einnig deilt uppáhaldsmyndum þínum og myndskeiðum úr Galleríinu með vinum þínum með þráðlausa Bluetooth™ tengingu, í tölvupósti eða skilaboðum. Einnig geturðu gert einfaldar breytingar á myndum og notað þær sem veggfóður eða tengiliðamyndir.
Nánari upplýsingar *Síminn tengdur við tölvu* á síðu 120.

## Mobile BRAVIA® Engine

BRAVIA® Engine farsímatækni Sony eykur gæði mynda og myndskeiða við skoðun eftir töku og þú færð skýrari, skarpari og náttúrulegri myndir. Sjálfgefið er að kveikt sé á Mobile BRAVIA® Engine en hægt er að slökkva á því til að spara rafhlöðuna.

### Slökkt á Mobile BRAVIA® Engine

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Skjár**.
3. Taktu hakið úr gátreitnum **Mobile BRAVIA Engine** ef það er til staðar.

### Gallerí opnað og albúm skoðuð

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Gallerí**. Myndir og myndskeið á minniskortinu, ásamt því sem þú hefur tekið með myndavélinni og því sem þú hefur sótt á vefinn eða aðra staði, birtast í myndaalbúmunum.

**Ef stefna skjásins breytist ekki sjálfkrafa þegar þú snýrð símanum á hlið merkirðu við gátreitinn Snúa skjá sjálfkrafa í Stillingar > Skjár.**




| | |
|---|---|
| 1 | Pikkaðu á hvaða skjá sem er til að fara aftur aðalskjá Gallerís |
| 2 | Pikkaðu til að opna myndavélina |
| 3 | Pikkaðu á til að opna 3D myndaalbúm |
| 4 | Myndaalbúm með myndum og myndskeiðum sem eru teknar með myndavél símans |
| 5 | Myndaalbúmstafli – snertu með tveim fingrum til að glenna úr þeim til að skoða efnið |
| 6 | Flettu til vinstri eða hægri á skjánum til að skoða fleiri albúm |



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

## Vinna með albúm

Þú getur endurskipulagt myndirnar og myndskeiðin þín inn í myndaalbúminu eins og fært efnið á milli myndaalbúma. Þú getur einnig hlaðað upp efni frá myndaalbúmi úr galleríinu á þjónustu á internetinu eins og Picasa™ og Facebook™, og skoðað efnið frá þjónustu á internetinu í galleríi.

### Albúm í Galleríi opnað

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Gallerí**.
3. Pikkaðu á albúmið sem þú vilt skoða. Albúmið opnast og sýnir mynd og myndskeið í tímaröð á töflu. Heiti albúmsins birtist efst á skjánum.




| | |
|---|---|
| 1 | Pikkaðu til að skipta úr töflu yfir í staflayfirlit |
| 2 | Heiti albúmsins |
| 3 | Pikkaðu á mynd eða myndskeið til að skoða |
| 4 | Pikkaðu á ör til að fletta um einn skjá í einu. Dragðu til vinstri eða hægri til að fletta hratt. |
| 5 | Pikkaðu til að fara aftur yfir í aðalskjá Gallerís |

### Myndir og myndskeið skoðuð í Galleríi

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Gallerí**.
3. Pikkaðu á albúm. Myndir og myndskeið birtast í töflu og er raðað í tímaröð. Myndskeið eru merkt með .
4. Pikkaðu á mynd eða myndskeið til að skoða.
5. Flettu til vinstri til að skoða næstu myndi eða myndskeið. Flettu til hægri til að skoða myndina eða myndskeiðið á undan.

Ef stefna skjásins breytist ekki sjálfkrafa þegar þú snýrð símanum á hlið merkirðu við gátreitinn **Snúa skjá sjálfkrafa** í **Stillingar** > **Skjár**.

### Facebook™ myndir skoðaðar í Galleríi

1. Gakktu úr skugga um að þú sért skráð/ur inn á **Facebook™**.
2. Á Heimaskjár pikkarðu á .
3. Finndu og pikkaðu á **Gallerí**.
4. Pikkaðu á eitthvað albúm sem sýnir tákn fyrir . Þegar þú pikkar í fyrsta sinn á **Facebook™** albúmið þitt verða allar myndir þínar á **Facebook™** afritaðar í Gallerí.
5. Myndir birtast í töflu og er raðað í tímaröð. Pikkaðu á mynd til að skoða hana.
6. Flettu til vinstri í myndskoðaranum til að skoða næstu mynd eða myndskeið. Flettu til hægri til að skoða myndina eða myndskeiðið á undan.
7. Þú getur alltaf farið aftur á aðalskjá Gallerís með því að pikka á  efst til vinstri á skjánum.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Birtingu efnis í albúmi í Galleríi breytt

1 Með albúm opið í Galleríi skaltu draga birtingarrofa albúms til hægri til að birta efni albúms í stöflum.
2 Dragðu birtingarrofa albúms til vinstri til að birta efni albúms í tímaröð.

## Vinna með albúmum í galleríi

Til viðbótar að vinna með heilt albúm og með einstaka myndir, getur þú valið eina eða fleiri myndir eða myndskeið í albúmi til að vinna með þær í bunka, til dæmis senda nokkrar myndir úr albúmi til vinar.

### Unnið með hóp mynda eða myndskeiða í Galleríi

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Gallerí**.
3 Opnaðu myndaalbúmið sem inniheldur efnið sem þú vilt vinna með.
4 Halda inni einum hlut sem þú vilt vinna með til að virkja valstillingu.
5 Merktu eða afmerktu hlutina sem þú vilt vinna með.
6 Ýttu á , notaðu þá tækin í tækjastikunni til að vinna með valda hluti.

### Albúm samnýtt í Galleríi

! Ef þú deilir myndaalbúmi, ekki eyða upprunalega afritinu fyrr en búið er að senda hlutina alveg.

1 Snertu og haltu inni myndaalbúminu sem þú vilt vinna með á aðalgallerísskjánum. Valstilling er núna virk.
2 Merktu við albúmin sem þú vilt samnýta og ýttu á .
3 Bankaðu á **Samnýta**.
4 Í valmyndinni sem opnast skaltu pikka á forritið sem þú vilt nota til að samnýta valin myndaalbúm.

### Albúmi í Galleríi eytt

1 Haltu inni albúmi sem þú vilt vinna með frá aðal gallerískjánum. Valstilling er núna virk.
2 Merktu við albúmin sem þú vilt eyða og ýttu síðan á .
3 Bankaðu á **Eyða**. Pikkaðu aftur á **Eyða** í svarglugganum sem opnast.

## Vinna með myndum í galleríi

Þú getur breytt og borið kennsl á myndirnar þínar í galleríinu. Til dæmis, getur þú skorið myndirnar, notað þær sem tengiliðsmyndir og sem veggfóður.

### Aðdráttur notaður á mynd

- Þegar þú ert að skoða mynd, tvípikkar þú á skjáinn til að auka aðdrátt. Tvípikkar aftur til að minnka aðdrátt.
- Þegar þú ert að skoða mynd, glennir þú tvo fingur í sundur til að auka aðdrátt, eða klípur tvo fingur saman til að minnka aðdrátt.

### Myndir sýndar í skyggnusýningu

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Gallerí**.
3 Pikkaðu á albúm til að opna það, pikkaðu á mynd og ýttu á .
4 Pikkaðu á **Skyggnusýning** á tækjastikunni neðst á skjánum.
5 Pikkaðu á mynd til að ljúka skyggnusýningunni.

### Mynd snúið

1 Þegar þú ert að skoða mynd ýtirðu á .
2 Pikkaðu á **Meira** og pikkaðu svo á annaðhvort **Snúa til vinstri** eða **Snúa til hægri**. Myndin er vistuð í nýju stöðunni.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Mynd notuð sem mynd tengiliðs

1. Ýttu á ☰ þegar þú ert að skoða mynd.
2. Á tækjastikunni neðst á skjánum pikkarðu á **Nota sem** > **Tengiliðamynd**.
3. Veldu tengilið sem þú vilt tengja við mynd.
4. Skerðu myndina til ef þarf.
5. Pikkaðu á **Vista**.

### Mynd notuð sem veggfóður

1. Ýttu á ☰ þegar þú ert að skoða mynd.
2. Á tækjastikunni neðst á skjánum pikkarðu á **Nota sem** > **Veggfóður**.
3. Skerðu myndina til ef þarf.
4. Pikkaðu á **Vista**.

### Mynd skorin

1. Ýttu á ☰ þegar þú ert að skoða mynd.
2. Á tækjastikunni pikkarðu á **Meira** > **Skera**.
3. Til að breyta skurðarramma styðurðu á brún hans. Þegar skurðarörvarnar birtast, dregurðu þær inn eða út til að breyta stærðinni á rammanum.
4. Til að breyta stærð allra hliða skurðarrammans á sama tíma skaltu styðja á eitt horn hans, snertu og haltu inni einu af hornunum til að láta örvarnar koma í ljós, dragðu síðan hornið í samræmi við það.
5. Til að færa skurðarrammann til á myndinni styðurðu á rammann og dregur hann þangað sem þú vilt hafa hann.
6. Til að vista afrit af skorinni mynd pikkarðu á **Vista**. Upprunalega óskorna útgáfan verður á minniskorti símans.

### Mynd deilt með öðrum

1. Ýttu á ☰ þegar þú ert að skoða mynd í myndskoðaranum og engar stýringar birtast.
2. Pikkaðu á **Samnýta** á tækjastikunni neðst á skjánum.
3. Veldu eina af tiltækum flutningsaðferðum.

### Mynd eytt

1. Ýttu á ☰ þegar þú ert að skoða mynd.
2. Pikkaðu á **Eyða** á tækjastikunni neðst á skjánum.
3. Pikkaðu á **Eyða** í svarglugganum sem opnast.

## Ljósmyndir skoðaðar á korti

Ef þú kveikir á staðsetningargreiningunni þegar þú tekur myndir, getur þú notað upplýsingarnar sem fengust seinna. Til dæmis getur þú skoðað myndirnar á korti og sýnt vinum og fjölskyldu hvar þú hefur verið þegar þú tókst myndina. Að bæta upplýsingum um staðsetningu við er einnig mælt með sem landmerking. Þú þarft fyrst að kveikja á staðsetningargreining í símanum til að landmerkja myndirnar þínar. Þú getur valið að nota annað hvort GPS-gervihnetti eða þráðlaus netkerfi, eða bæði til að finna staðsetninguna þína.

Nánari upplýsingar er að finna í *Staðsetningarþjónustur notaðar til að finna stöðuna þína* á blaðsíðu 122

### Til að gera greiningu staðsetningar virka

1. Á Heimaskjár ýtirðu á ☰.
2. Pikkaðu á **Stillingar** > **Staðsetning og öryggi**.
3. Merktu við gátreitina **Nota GPS-gervitungl** og/eða **Nota þráðlaus net**.

### Landmerktar myndir skoðaðar á korti

1. Þegar þú ert að skoða mynd sem er landmerkt ýtirðu á ☰.
2. Pikkaðu á **Meira** > **Birta á korti**.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

## Unnið með myndskeið

Notaðu Gallerí til horfa á myndskeið sem þú hefur tekið með myndavélinni, hlaðið niður eða afritað á minniskortið. Einnig geturðu deilt myndskeiðum þínum með vinum eða hlaðið þeim upp á YouTube™.

### Myndskeiðsspilun

1. Í gallerí, flettu að myndaalbúminu sem inniheldur myndskeiðið sem þú vilt spila.
2. Pikkaðu á myndskeiðið til að spila það.
3. Ef spilunarstýringin birtist ekki pikkarðu á skjáinn til að sýna þau. Til að fela stýringarnar pikkarðu aftur á skjáinn.

### Hlé á myndskeiði

1. Þegar myndskeið er spilað skaltu banka á skjáinn til að birta stýritakkana.
2. Bankaðu á ⏸.

### Til að spóla myndskeiði áfram eða til baka

1. Þegar myndskeið er spilað skaltu pikka á skjáinn til að birta stýritakkana.
2. Dragðu vinnslustikumerkinu til vinstri til að spóla til baka eða til hægri til að spóla áfram.

Einnig getur þú pikkað á ⏩ eða ⏪.

### Til að stilla hljóðstyrk myndskeiðs

- Ýttu á hljóðstyrkstakkann.

### Myndskeiði deilt með öðrum

1. Opnaðu albúm með myndskeiði í Galleríinu.
2. Snertu og haltu hlut inni sem þú vilt vinna með til að virkja valstillingu.
3. Merktu við myndskeiðið eða myndskeiðin sem þú vilt deila.
4. Ýttu á ☰.
5. Bankaðu á **Samnýta**.
6. Í valmyndinni sem opnast, pikkarðu á forritið sem þú vilt nota til að deila völdu myndskeiði, fylgdu síðan viðeigandi skrefum til að senda það.

Hugsanlega geturðu ekki afritað, sent eða flutt höfundarréttarvarða hluti. Einnig, það getur verið að nokkrir hlutir sendist ekki ef stærðin á skránni sé of stór.

### Myndskeiði eytt

1. Opnaðu albúm með myndskeiði í Galleríinu.
2. Snertu og haltu hlut inni sem þú vilt vinna með til að virkja valstillingu.
3. Farðu myndskeiðið eða myndskeiðin sem á að eyða.
4. Ýttu á ☰ og pikkaðu svo á **Eyða**.
5. Pikkaðu á **Eyða** í svarglugganum sem opnast.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Myndir í 3D Albúmi skoðaðar

Í 3D Albúmi geturðu skoðað og spilað allar myndir sem þú tekur með þrívíddarmyndavélinni. Þú getur einnig spilað myndir sem teknar voru með Sweep Multi Angle stillingu og skoðað þær frá mörgum sjónarhornum.

### Til að skoða þrívíddarmyndir í 3D Albúmi

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **3D-albúm**.
3 Pikkaðu á þrívíddarmynd.
4 Flettu til vinstri til að skoða næstu þrívíddarmynd í 3D Albúmi. Flettu til hægri til að skoða næstu þrívíddarmynd á undan.

### 3D mynd spiluð í 3D myndaalbúmi

1 Opna 3D mynd. Ef engin stýring er sýnd, pikkaðu á skjáinn.
2 Bankaðu á .

! Þú getur aðeins spilað 3D myndir sem hafa verið teknar í staðlaðri víðmyndastærð.

### Auka / minnka aðdrátt í 3D mynd í 3D myndaalbúmi

- Þegar þú skoðar 3D mynd í 3D myndaalbúminu, tvípikkaðu á myndina til að auka / minnka aðdrátt.

Þú getur einnig klipið tvo fingur saman eða glennt úr þeim til að auka / minnka aðdrátt. Dragðu síðan 3D myndina til til að skoða ólíka hluta hennar.

### Fjölhorna myndir skoðaðar í 3D myndaalbúmi

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **3D-albúm**.
3 Bankaðu á . Allar fjölhorna myndir eru birtar.
4 Pikkaðu á mynd.
5 Hallaðu símanum til hægri eða vinstri til að skoða mynd frá mismunandi hornum.

## Unnið með myndir í 3D myndaalbúmi

Notaðu 3D myndaalbúm til að hlaða upp 3D myndir á myndaalbúm á vefnum. Til dæmis ef þú ert Facebook™ notandi, getur þú hlaðað upp myndirnar þínar í 3D myndaalbúmi á Facebook™ reikninginn þinn. Þú getur einnig notað 3D myndaalbúm til að eyða myndum.

### 3D mynd samnýtt í 3D myndaalbúmi

1 Þegar þú skoðar 3D mynd í 3D myndaalbúminu, pikkaðu á 3D myndina ef engar stýringar eru á skjánum.
2 Bankaðu á .
3 Veldu eina af tiltækum flutningsaðferðum.

### Til að eyða 3D mynd í 3D myndaalbúmi

1 Þegar þú skoðar 3D mynd í 3D myndaalbúminu, pikkaðu á myndina ef engar stýringar eru á skjánum.
2 Bankaðu á  og svo á **Í lagi**.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Þráðlaus Bluetooth™ tækni

Notaðu Bluetooth™ valkostinn til að senda skrár yfir í önnur tæki sem eru samhliða Bluetooth™, eða til að tengjast við handfrjálsan aukabúnað. Kveiktu á Bluetooth™ valkostinum í símanum og búðu til þráðlausa tengingu við önnur tæki sem eru samhliða við Bluetooth™ til dæmis tölvur, handfrjálsan aukabúnað og síma. Bluetooth™ tengingar vinna betur innan 10 metra (33 feta) færi, með enga massífa hluti á milli. Í sumum tilvikum þarftu að para símann við önnur Bluetooth™ tæki. Mundu að stilla símann í „uppgötvun" ef þú vilt að önnur Bluetooth™ tæki greini hann.

! Samvirkni og samhæfni milli Bluetooth™ tækja getur verið breytilegur.

### Kveiktu á Bluetooth™ valkostinum og síminn gerður sýnilegur

1. Á Heimaskjár, bankarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net**.
3. Merktu gátreitinn **Bluetooth**.  birtist stöðulínunni.
4. Pikkaðu á **Bluetooth-stillingar**.
5. Merktu við gátreitinn **Finnanlegt**. Síminn verður nú sýnilegur öðrum tækjum í 120 sekúndur.

## Gefa símanum nafn

Þú getur gefið símanum nafn. Þetta nafn er sýnt öðrum tækjum eftir að þú hefur kveikt á Bluetooth™ valkostinum og síminn þinn er stilltur á sjáanlegur.

### Gefðu símanum nafn

1. Gakktu úr skugga um að kveikt sé á Bluetooth™ valkostinum.
2. Á Heimaskjár pikkarðu á .
3. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **Bluetooth-stillingar** > **Heiti tækisins**.
4. Gefðu símanum þínum nafn.
5. Pikkaðu á **Í lagi**.

## Pörun við annað Bluetooth™ tæki

Þegar þú parar símann við annað tæki geturðu t.d. tengt símann við Bluetooth™ heyrnartól eða Bluetooth™ bílasett og notað þau tæki til að hringja og svara símtölum.

Þegar síminn hefur verið paraður við Bluetooth™ man síminn eftir þeirri pörun. Þú gætir þurft að slá inn aðgangskóða til að para símann við Bluetooth™ tæki. Síminn reynir sjálfkrafa að nota almenna aðgangskóðann 0000. Virki hann ekki skaltu kynna þér fylgirit Bluetooth™ búnaðarins til að finna aðgangskóða tækisins. Þú þarft ekki að slá aðgangskóðann inn aftur næst þegar þú tengist pöruðu Bluetooth™ tæki.

Sum Bluetooth™ tæki, t.d. flest Bluetooth™ höfuðtól, krefjast þess að þú parir og tengist hinu tækinu.

Þú getur parað símann við nokkur Bluetooth™ tæki, en þú getur aðeins tengst við eitt Bluetooth™ snið hverju sinni.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Síminn paraður við annað Bluetooth™ tæki

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **Bluetooth-stillingar**.
3 Pikkaðu á **Leita að tækjum**. Bluetooth™ tækin sem finnast birtast í lista undir **Bluetooth-tæki**.
4 Pikkaðu á Bluetooth™ tækið sem þú vilt para við símann.
5 Sláðu inn aðgangskóða, ef beðið er um það.
6 Síminn og Bluetooth™ tækið eru nú pöruð. Sum tæki þurfa einnig að tengjast áður en hægt er að nota þau. Staða pörunarinnar og tengingarinnar er sýnd undir nafni Bluetooth™ tækisins á listanum **Bluetooth-tæki**.

! Gakktu úr skugga um að tækið sem þú vilt para símann þinn við sé með kveikt á Bluetooth™ og að það sé sýnilegt.

### Til að tengja símann við annað Bluetooth™ tæki

! Sum Bluetooth™ tæki, til dæmis flest Bluetooth™ höfuðtól, krefjast þess að þú parir fyrst og tengist síðan við önnur Bluetooth™ tæki til að koma á tengingu.

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **Bluetooth-stillingar**.
3 Á listanum **Bluetooth-tæki** pikkarðu á Bluetooth™ tækið sem þú vilt tengja við símann.

### Bluetooth™ tæki afparað

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net** > **Bluetooth-stillingar**.
3 Á listanum **Bluetooth-tæki** skaltu snerta og halda inni heitinu á parinu en ekki tengda Bluetooth™ tækinu.
4 Bankaðu á **Afpara**.

## Sendu og fáðu hluti með því að nota Bluetooth™ tæknina

Deila hlutum með öðrum sambærilegum Bluetooth™ tækjum eins og símum og tölvum. Hægt er að senda og fá mismunandi tegundir hluta með því að nota Bluetooth™ aðgerðir eins og:

- Myndir og myndskeið
- Tónlist og aðrar hljóðskrár
- Tengiliðir
- Vefsíður

### Til að senda hluti með því að nota Bluetooth™

1 **Móttökutæki:** Tryggðu að Bluetooth™ tækið sem þú vilt senda hlutinn með hafi kveikt á Bluetooth™ og sé í uppgötvunarstillingu.
2 Opnaðu forritið sem inniheldur hlutinn sem þú vilt senda og flettu að hlutnum í símanum.
3 Það getur verið að þú þurfir, til dæmis, að snerta og halda hlutnum inni, opna hlutinn eða ýta á  sem fer eftir forritinu og hlutnum sem þú vilt senda. Aðrar leiðir til að senda hlut geta verið til staðar.
4 Veldu deila eða senda valmyndarhlutinn.
5 Veldu **Bluetooth** í valmyndinni sem birtist.
6 Kveiktu á Bluetooth™, ef beðið er um það.
7 Undir **Bluetooth-tæki**, bankarðu á nafn mótökutækisins.
8 **Móttökutæki:** Samþykktu tenginguna, ef spurt er um það.
9 Sláðu inn sama aðgangskóða á báðum tækjum eða staðfestu leiðbeinandi aðgangskóða, ef beðið er um það.
10 **Móttökutæki:** Samþykktu komandi hlut.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Til að fá hluti með því að nota Bluetooth™

1 Á Heimaskjár, pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Þráðlaust og net**.
3 Merktu við gátreitinn **Bluetooth**. birtist í stöðustikanum.
4 Bankaðu á **Bluetooth-stillingar**.
5 Merktu við gátreitinn **Finnanlegt**. Síminn er nú sýnilegur öðrum tækjum í 120 sekúndur.
6 Senditækið ætti nú að byrja að senda gögn yfir í símann þinn.
7 Sláðu inn sama aðgangskóða á báðum tækjum eða staðfestu leiðbeinandi aðgangskóða, ef beðið er um það.
8 Þegar þér er tilkynnt um komandi skrá í símann, dragðu stöðustikuna niður og bankaðu á tilkynninguna til að samþykkja skráarflutning.
9 Bankaðu á **Samþykkja** til að ræsa skráarflutning.
10 Til að skoða framvindu flutningsins, dragðu stöðustikann niður.
11 Dragðu stöðustikann niður og bankaðu á viðeigandi tilkynningu til að opna fenginn hlut.

! Síminn verður að hafa minniskort sett í til að geta fengið hlut með því að nota þráðlausa Bluetooth™ tækni.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Síminn tengdur við tölvu

Tengdu símann við tölvuna og byrjaðu að flytja myndir, tónlist og aðrar skráartegundir. Auðveldasta leiðin til að tengja símann er að nota USB-snúru eða þráðlausa Bluetooth tækni.

Þegar þú tengir símann við tölvu með USB-snúru, ertu beðinn um að setja upp PC Companion forritið á tölvuna þína. PC Companion forritið hjálpar þér að fá aðgang að aukatölvuforritum til að flytja og skipuleggja miðlaskrár, uppfæra símann þinn, samstilla símaefni og fleira.

Það getur verið að þú getir ekki flutt sumt efni sem er höfundarréttarverndað milli símans og tölvunnar.

## Flutningur og meðhöndlun efnis með USB-snúru

Notaðu USB-snúrutengingu milli tölvunnar og símans til að auðvelda flutning og vinna með skrár. Þegar tækin tvö eru tengd geturðu dregið og sleppt efni milli þeirra með því að nota skráskoðun tölvunnar. Ef þú ert að flytja tónlist, myndband, myndir eða önnur miðlunarskrár yfir í símann, er best að nota Media Go™ forritið í tölvunni. Media Go™ umritar efnisskrár þannig að þú getur notað þær í símanum.

### Til að flytja efni milli símans og tölvuna með því að nota USB-snúru

1. Notaðu USB-snúru, tengdu símann þinn við tölvu **Innri geymsla tengd** birtist á stöðustikunni.
2. **Tölva**: Opnaðu Microsoft® Windows® Explorer fá skjáborðinu og bíddu þangað til minniskort símans birtist sem ytri diskur í Microsoft® Windows® Explorer.
3. **Tölva**: Dragðu og slepptu viðkomandi skrám á milli símans og tölvunnar.

## Skrár fluttar með efnisflutningsstillingu um Wi-Fi® net

Hægt er að flytja skrár á milli símans og annarra MTP-samhæfra tækja, eins og tölvu, með Wi-Fi® tengingu. Áður en tengst er þarf að para tækin tvö. Ef flytja á tónlist, myndskeið, myndir eða aðrar efnisskrár á milli símans og tölvu er best að nota forritið Media Go™ í tölvunni. Media Go™ umbreytir efnisskrám þannig að þú getur notað þær í símanum.

Til að hægt sé að nota þennan eiginleika þarf tæki með Wi-Fi® virkni sem styður efnisflutning, til dæmis tölvu sem keyrir Microsoft® Windows Vista® eða Windows® 7.

### Síminn paraður þráðlaust við tölvu í efnisflutningsstillingu

1. Tryggðu að kveikt sé á efnisflutningi í símanum. Venjulega er sjálfgefið kveikt á honum.
2. Tengdu símann við tölvu með USB snúru.
3. **Tölva**: Þegar heiti símans birtist á skjánum skaltu smella á *Network configuration* (netstillingar) og fylgja fyrirmælunum til að para við tölvuna.
4. Þegar pörun er lokið skaltu taka USB-snúruna úr sambandi við bæði tæki.

Ofangreindar leiðbeiningar eiga aðeins við ef Windows® 7 er uppsett í tölvunni og tölvan er tengd við Wi-Fi® aðgangsstað um netsnúru.

### Þráðlaus tenging paraðra tækja í efnisflutningsstillingu

1. Tryggðu að kveikt sé á efnisflutningi í símanum. Venjulega er sjálfgefið kveikt á honum.
2. Á Heimaskjár pikkarðu á .
3. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Xperia™** > **Tengingar**.
4. Pikkaðu á parað tæki sem á að tengja við í **Traust tæki**.
5. Pikkaðu á **Tengjast**.

Gakktu úr skugga um að kveikt sé á Wi-Fi® í símanum.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

### Aftenging þráðlaust paraðra tækja í efnisflutningsstillingu

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Xperia™** > **Tengingar**.
3. Pikkaðu á parað tæki sem á að aftengja í **Traust tæki**.
4. Pikkaðu á **Aftengja**.

### Pörun við annað tæki fjarlægð

1. Á Heimaskjár pikkarðu á .
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Xperia™** > **Tengingar**.
3. Pikkaðu á paraða tækið sem þú vilt fjarlægja.
4. Pikkaðu á **Gleyma**.

## PC Companion

PC Companioner tölvuforrit sem veitir þér aðgang að viðbótareiginleikum og -þjónustum sem hjálpa þér að flytja tónlist, myndskeið og myndir í og úr símanum. Þú getur einnig notað PC Companion til að uppfæra símann og fá nýjustu hugbúnaðarútgáfu sem í boði er. Uppsetningarskrár PC Companion eru vistaðar í símanum og uppsetningin er ræst frá símanum þegar þú tengir hann við tölvu með US-snúru.

Þú þarft nota nettengda tölvu með einu af eftirfarandi stýrikerfum til að nota forritið PC Companion:

- Microsoft® Windows® 7
- Microsoft® Windows Vista®
- Microsoft® Windows® XP (uppfærslupakki 3 eða nýrri)

### PC Companion sett upp

1. **Nýr sími**: Kveiktu á nýja Android™ símanum þínum og tengdu hann við tölvuna með því að nota USB-snúru.
2. **Nýr sími**: Pikkaðu á **Setja upp** til að setja PC Companion upp á tölvuna.
3. **Tölva**: Ef sprettigluggi birtist, velurðu *Run Startme.exe*. Í nýja sprettiglugganum sem birtist, smellirðu á *Install* til að ræsa uppsetninguna og fylgdu síðan leiðbeiningunum til að ljúka uppsetningunni.

### Ræsing PC Companion

1. Tryggðu að PC Companion er settur upp á tölvunni.
2. Opnaðu PC Companion forritið á tölvunni, smelltu síðan á **Start** til að opna einn af eiginleikum sem þú vilt nota.

## Media Go™

Media Go™ tölvuforritið hjálpar þér að flytja og sýsla með miðlaefni í símanum og tölvunni. Þú getur sett upp og fengið aðgang að Media Go™ úr PC Companion forritinu. Frekari upplýsingar eru í *PC Companion* á síðu 121.

Þú þarft eitt af þessum stýrikerfum til að geta notað Media Go™ forritið:

- Microsoft® Windows® 7
- Microsoft® Windows Vista®
- Microsoft® Windows® XP, Service Pack 3 eða nýrra

### Efni flutt með forritinu Media Go™

1. Tengdu símann við tölvu með studdri USB-snúru.
2. **Sími**: **Innri geymsla tengd** birtist í stöðustikanum.
3. **Tölva**: Opnaðu fyrst forritið PC Companion í tölvunni. Í PC Companion, smellriðu á *Media Go* til að ræsa Media Go™ forritið. Í sumum tilvikum getur verið að þú þurfir að bíða eftir Media Go™ til að setja upp.
4. Dragðu og slepptu skrám á milli tölvunnar og símans með Media Go™ tengingu.

Media Go™ er einnig hægt að hlaða niður á *www.sonymobile.com*.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Staðsetningarþjónustur notaðar til að finna stöðuna þína

Notaðu símann til að finna hvar þú sért. Það eru tvær aðferðir: GPS (Global Positioning System) og þráðlaus netkerfi. Kveiktu á þráðlausa netkerfinu ef þú þarft nokkurn vegin staðsetninguna og þú vilt fá hana núna. Ef þú vilt fá nákvæmari staðsetningu og þú hefur beina augsýn að himninum, kveiktu á GPS (Global Positioning System) valkostinum. Í aðstæðum þar sem þráðlaus nettenging er lítil, ættir það kveikja á báðum valkostunum til að tryggja að hægt sé að finna staðsetninguna þína.

! Sony tekur enga ábyrgð á nákvæmni svæðisþjónustu, þar með talið, en ekki eingöngu leiðsagnarþjónustum.

### Til að kveikja á GPS (Global Positioning System)

1 Af heimaskjánum pikkarðu á .
2 Pikkaðu á **Stillingar** > **Staðsetning og öryggi**.
3 Merktu við gátreitinn **Nota GPS-gervitungl**.

### Til að kveikja á þráðlausu netkerfunum

1 Af heimaskjánum pikkarðu á .
2 Pikkaðu á **Stillingar** > **Staðsetning og öryggi**.
3 Merktu við gátreitinn **Nota þráðlaus net**.

## Notkun GPS (Global Positioning System)

Í símanum er GPS (hnattræn staðsetningarkerfi) móttakari sem notar merki frá gervitunglum til að reikna út staðsetningu símans.

! Þegar þú notar valkostinn sem þarf GPS-móttökubúnað til að finna staðsetninguna, tryggðu að þú hafir beint útsýni af himninum.

### Fá bestu afköstin

Þegar þú notar GPS (Global Positioning System) í fyrsta sinn getur það tekið 5 til 10 mínútur að finna staðsetningu þína. Til að hjálpa leitinni, tryggðu að þú hafir beina augsýn að himninum. Stattu kyrr og skýldu ekki GPS (Global Positioning System) loftnetinu (upplýsta svæðið á myndinni). GPS (Global Positioning System) merkin geta farið í gegnum ský og plast, en ekki í gegnum flesta masaða hluti eins og byggingar og fjöll. Ef staðsetningin finnst ekki eftir nokkrar mínútur skaltu fara á annan stað.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.




## Google Maps™

Finndu núverandi staðsetninguna þína, skoðaðu upplýsingar um umferð í rauntíma og fáðu nákvæmar leiðbeiningar á ákvörðunarstaðinn. Fyrir ferðalag geturðu sótt og vistað kort á minniskortið til að komast hjá háum reikikostnaði.

! Forritið Google Maps™ þarfnast internettengingar. Gagnateningargjöld kunna að verða innheimt þegar þú tengir símann við internetið. Hafðu samband við símafyrirtækið þitt til að fá frekari upplýsingar. Hugsanlega er forritið Google Maps™ ekki í boði á öllum mörkuðum, löndum eða svæðum.

### Notkun Google Maps™

1 Á Heimaskjár pikkarðu á .
2 Finndu og pikkaðu á **Kort**.

! Ef þú vilt nota staðsetninguna, kveiktu minnst á einni staðsetningaraðferðum sem eru í boði undir **Stillingar** > **Staðsetning og öryggi**.

### Til að fá frekari upplýsingar um Google Maps™

- Þegar þú notar Google Maps™ ýtirðu á  og pikkar svo á **Hjálp**.

## Staðsetning vina skoðuð með Google Latitude™

Skráðu þig á Google Latitude™ til að sjá staðsetningu vina á kortum og deildu staðsetningu þinni og öðrum upplýsingum með þeim.

## Google Maps™ notað til að fá leiðsögn

Notaðu Google Maps™ forritið til að fá leiðsögn þegar þú ferðast fótgangandi, með almenningssamgöngum eða í bíl. Þú getur bætt flýtileið við leiðsögn á heimaskjánum til að fá fljóta leiðsögn þaðan sem þú ert.

Þegar þú skoðar kortið, færðu Internettengingu og gögn eru flutt yfir í símann þinn. Þannið að það er góð hugmynd að hlaða niður og vista kort í símann þinn áður en þú ferð í ferðalag. Þannig kemur þú í veg fyrir háan reikikostnað.

! Sony ber ekki ábyrgð á nákvæmni stefnuþjónustu.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

## Notkun leiðsagnarforritsins

Notaðu leiðsagnarforritið í símanum til að fá leiðbeiningar um hvernig komast skuli á tiltekinn stað, beygju fyrir beygju. Áttirnar eru bæði talaðar og sýndar á skjánum.

! Ekki er víst að leiðsagnarforritið sé í boði á öllum mörkuðum.

### Ræsa Navigation

1 Af heimaskjánum pikkarðu á ▦.
2 Finndu og pikkaðu á **Leiðsögn**.

## Notkun Wisepilot™ forritsins

Fáðu nákvæma raddleiðsögn á staði. Einnig getur þú unnið með ráð og deilt leiðum og staðsetningum með vinum í gegnum SMS, Twitter™ eða Facebook™.

! Ekki er víst að Wisepilot™ sé í boði á öllum mörkuðum. Frekari upplýsingar þar með talið Wisepilot notandahandbókin ferðu á *www.sonymobile.com*.

### Opna Wisepilot™

1 Á Heimaskjár pikkarðu á ▦.
2 Finndu og pikkaðu í **Wisepilot**.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Öryggisafrit tekið og efni símans endurheimt

Notaðu forritið Öryggisafrit og endurheimt til að gera öryggisafrit af efni símans yfir á minniskortið eða á geymslureikning á netinu. Slík öryggisafrit má nota til að endurheimta efni og símastillingar ef gögn týnast eða þeim er eytt.

## Efnistegundir sem þú getur tekið öryggisafrit af

Notaðu öryggisafritið og endurheimtu forrit til að búa til öryggisafrit af eftirfarandi tegundir gagna:

- Bókamerki
- Símtalaskrá
- Tengiliðir
- Forrið sótt frá Android Market™
- Margmiðlunarskilaboð
- Kerfisstillingar (eins og viðvaranir, hringingarstyrkur)
- Textaskeyti

! Þú þarft ekki að búa til öryggisafrit af tónlistarskrám og myndum eða myndskeiðum sem eru teknar á myndavél símans. Gert er sjálfkrafa öryggisafrit af þeim á minniskorti símans.

! Það getur verið auka gagnaflutningsgjöld þegar þú endurheimtar Android Market™ forritin.



Þetta er internetútgáfa þessarar útgáfu. © Prentið aðeins til einkanota.

# Símanum læst og hann varinn

## IMEI-númer

Hver sími hefur einsstakt IMEI-númer (International Mobile Equipment Identity). Þú ættir að geyma afrit af þessu númeri. Ef símanum er stolið getur símkerfið notað IMEI-númerið til að stöðva símann frá að fá aðgang að símkerfi í þínu landi.

### Skoða IMEI-númerið




- Fjarlægðu lokið til að skoða IMEI-númerið.

### Skoða IMEI-númer símans

1. Á Heimaskjár pikkarðu á ▦.
2. Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Um símann** > **Staða**.
3. Flettu að **IMEI** til að skoða **IMEI**-númerið.

## SIM-kortavörn

